DAGNÝ RUT GÍSLADÓTTIR

*Ævintýralegir og dramatískir búningar*

• tíska • heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




BYGGINGARIÐNAÐURINN

*Hverjir eiga að búa í nýbyggingunum?*

Sérblað um byggingariðnaðinn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. ágúst 2007 — 207. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

### Henson styður Hrottana

Halldór í Henson gaf knattspyrnuliði fanga á Litla-Hrauni nýja búninga.



FÓLK 54

### Gainsbourg best klædd

Að mati Vanity Fair er franska leikkonan Charlotte Gainsbourg best klædda kona heims.



FÓLK 42

### Mandela og Tútú

„Aðskilnaðarstefnan spratt í öndverðu af ofstæki og illvilja tiltölulega þröngs hóps hvítra manna, sem töldu sig verðskulda sjálfteknar sárabætur," segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26

### Slæmt tap hjá FH

FH á ekki mikla möguleika á að komast áfram í forkeppni Meistaradeildarinnar eftir 1-3 tap á heimavelli í gær.



ÍÞRÓTTIR 48

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÞYKKNAR UPP** - Í dag verða norðlægar áttir, 8-13 m/s allra austast annars hægari. Lítilsháttar væta norðaustan og austan til í fyrstu en síðan úrkomulaust. Annars staðar verður bjart. Þykknar upp sunnan til síðdegis. Hiti 8-16 stig.

VEÐUR 4






# Fráleitt að deila fjármagnstekjuskatti

**Ekki kemur til greina að sveitarfélög fái hluta fjármagnstekjuskatts segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Tími er kominn til að skoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga í haust segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis.**

**SKATTAR** Það væri algerlega fráleit hugmynd að láta sveitarfélögin fá hlutdeild í fjármagnstekjuskatti, og engin áform uppi um slíkt, segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra. Sveitarfélögin fái nú þegar hlutdeild í öllum tekjum ríkisins í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Talsvert hefur verið rætt um að sveitarfélögin fái hlutdeild í tekjum ríkisins af fjármagnstekjuskatti, og segist Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, fylgjandi því að það verði skoðað. Tími sé kominn til að skoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga af fullri alvöru í haust.

Fjármálaráðherra hafði það eitt um skoðanir Gunnars að segja að Gunnar hefði setið lengi hinum megin við borðið sem sveitarstjórnarmaður í Hafnarfirði, og hann væri greinilega enn þeim megin við borðið.

„Það eru engar fyrirætlanir um að færa til sveitarfélaganna hlutdeild í fjármagnstekjuskattinum," segir Árni M. Mathiesen. „Ég held að það væri algerlega fráleit hugmynd. Fjármagnstekjuskatturinn dreifist mjög misjafnlega á sveitarfélögin. Sennilega myndi tekjudreifingin á milli sveitarfélaganna verða ennþá ójafnari en hún er í dag. Ef við værum að tala um að flytja tekjustofna frá ríkinu til sveitarfélaga væri þetta sennilega sá tekjustofn sem væri óskynsamlegast að flytja," segir Árni.

Hann bendir á að ákveðið hlutfall tekna ríkissjóðs renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og því fái sveitarfélögin í raun hlutdeild í sköttum á fjármagnstekjur í gegnum sjóðinn. Því hærri upphæðir sem greiðendur fjármagnstekjuskatts inni af hendi, því meira fái sveitarfélögin.

„Ég hef talað fyrir þessu sem sveitarstjórnarmaður í rúman hálfan áratug, og mun beita mér fyrir því að þessi umræða verði tekin upp innan Alþingis eða í nefndum," segir Gunnar.

Hann segir þó ákveðinn vanda fylgjandi því að tekjur vegna fjármagnstekjuskatts verði gjarnan helst til á höfuðborgarsvæðinu, og myndi því helst fara til þeirra sveitarfélaga sem hafi hvað hæstar tekjur á íbúa fyrir. - bj



**HÁTÍÐ Í HINU HÚSINU** „Það var mikið um dýrðir hjá okkur og allir skemmtu sér óskaplega vel," sagði Gígja Heiðarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hinu húsinu, eftir að ungmenni með þroskahömlun á aldrinum sextán til tuttugu ára slitu sumarstarfi með uppskeruhátíð í gær. Hljómsveitirnar Sign, Gleðisveitin Hrókur alls fagnaðar og rapparinn Sesar A skemmtu ungmennunum og gestum. Kolbeinn Magnússon, einn þeirra sem tóku þátt í sumarstarfinu, sést hér sýna mikil tilþrif á hátíðinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Auglýst eftir vel á annað hundrað starfsmönnum á leikskólum í Reykjavík:

# Einhver ný börn fá ekki pláss

**MENNTUN** Leikskólar í Reykjavík hafa auglýst eftir á annað hundrað starfsmönnum á undanförnum dögum. Leikskólastjórar segja afar erfitt að fá menntað fólk í laus störf og hafa sumir ekki gefið nýjum börnum vilyrði um pláss vegna manneklu.

Af 80 almennum leikskólum í borginni auglýstu 66 eftir leikskólakennurum og leiðbeinendum nýverið og 26 auglýstu eftir deildarstjórum. Að auki auglýstu 14 leikskólar eftir sérkennurum og 11 auglýstu eftir fólki í hlutastörf.

„Mig vantar fólk og ég er ekki búin að gefa dagsetningar á öll ný börn, enda ekki búin að manna fyrir haustið," segir Helga Alexandersdóttir, leikskólastjóri á Laugaborg. Hún segir að það vanti í það minnsta þrjá starfsmenn, sem sé svipuð staða og í fyrra.

Helga segir erfitt að átta sig á því hvernig muni ganga að manna stöðurnar. „Maður verður bara að vera bjartsýnn. Það þýðir ekki að leggjast í þunglyndi," segir Helga.

„Miðað við stöðuna undanfarin ár og hreyfingu á fólki er ekkert ólíklegt að það vanti við skólabyrjun eitthvað á annað hundrað starfsmenn," segir Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri á leikskólasviði Reykjavíkurborgar. Ingunn segir erfitt að segja nákvæmlega hversu marga starfsmenn vanti, enda geti vantað fleiri en einn starfsmann á hvern leikskóla, og aðeins séu til upplýsingar um fjölda leikskóla sem vanti fólk, ekki fjölda starfa í boði.

„Það er mjög erfitt að fá menntað starfsfólk," segir Jóna Elín Pétursdóttir, leikskólastjóri á Ásborg. Þar vantar fólk í fjórar stöður, sem er einum færri en á sama tíma í fyrra. Jóna segist vonast til þess að það takist að manna stöður með hæfu fólki fyrir haustið, þótt menntaðir leikskólakennarar fáist varla. - bj



**BRITISH AIRWAYS** Hafði leynilegt samráð við Virgin Atlantic.

Flugfélagið British Airways:

## Milljarðar í sekt fyrir samráð

**LONDON, AP** Breska flugfélagið British Airways þarf að greiða samtals jafnvirði 34 milljarða króna í sektir fyrir að hafa stundað leynilegt samráð við helsta keppinaut sinn, flugfélagið Virgin Atlantic, um eldsneytisgjald í langflugi.

Kóreska flugfélagið Korean Air þarf einnig að greiða sektir fyrir þátttöku í samráði um eldsneytisgjald, en flugfélögin Virgin og Lufthansa sleppa við sektir, þrátt fyrir aðild að samráðinu, vegna þess að þau gáfu sig strax fram við yfirvöld og gerðu grein fyrir sínum þætti í samráðinu. - gb

Skattamál Baugsmanna:

## Rannsókn lögreglu að ljúka

**BAUGSMÁL Rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á meintum skattalagabrotum nokkurra einstaklinga tengdum Baugi Group er á síðustu metrunum, og er skýrslutökum lokið. Þetta staðfesti Björn Þorvaldsson, settur saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, í gærkvöldi.**

**Björn segir að nú þurfi hann og aðrir starfsmenn efnahagsbrotadeildarinnar að fara yfir það sem fram hafi komið við rannsóknina og taka ákvörðun um það hvort ákærur verði gefnar út. Það geti tekið einhvern tíma, en niðurstaða fáist að öllum líkindum fyrir áramót.**

**Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns Baugs Group, sagðist í gær ekki hafa frétt af þessari þróun mála. - bj**




## SPURNING DAGSINS



*Ómar, var frúin ánægð með dráttinn?*

„Henni var farinn að leiðast drátturinn á þessum drætti."

Ómar Ragnarsson dró jeppann Rósu úr bólakafi í Hálslóni og sagðist ánægður með hvernig drátturinn heppnaðist. Jeppinn er ekki eina farartækið hans með kvenmannsnafn, hann á einnig flugvélina TF-FRÚ.

Framkvæmdastjóri „Einnar með öllu" er ósáttur við aldurstakmörk á hátíðina:

# Segir ákvörðunina tryggðarof

**AKUREYRI** „Þetta er einhliða ákvörðun Akureyrarbæjar, tekin á endasprettinum. Þetta eru hrein svik á því samkomulagi sem gert var við okkur," segir Bragi Bergmann, framkvæmdastjóri hátíðarinnar „Ein með öllu" sem fram fer á Akureyri um helgina. Gestir 18-23 ára munu ekki fá aðgang að tjaldstæðum bæjarins, samkvæmt ákvörðun bæjaryfirvalda.

„Þetta er tryggðarof," segir Bragi. Málið var tekið fyrir á fundi í júní, að sögn Braga. Hann segist hafa gengið af fundi og sagt bæjaryfirvöldum að ef þetta yrði ákveðið myndi hann ekkert vilja hafa með hátíðina að gera. Staðgengill bæjarstjóra hafi þá hringt í hann og heitið honum að fallið yrði frá þessum hugmyndum.



**EIN MEÐ ÖLLU** Hátíðin er fyrir fjölskyldufólk, að sögn bæjarstjóra.

Bragi segir tímasetninguna vera slæma, en þetta hafi verið ákveðið nú nokkrum dögum fyrir hátíðina. „Ég hafði alltaf haldið að samstarf okkar gengi í báðar áttir."

„Akureyri hefur fjölda gististaða," segir Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri. „Við erum að reka tjaldsvæði fyrir fjölskyldufólk með börn á öllum aldri." Hún segir vandamálin vera á tjaldsvæðunum. Boðið hafi verið upp á ungmennatjaldstæði seinustu þrjú ár, en reynslan af þeim hafi ekki verið góð. - sgj

Bátur dreginn í land:

# Erilsamt hjá Húnabjörg

**SLYS** Björgunarskipið Húnabjörg á Skagaströnd sótti í gærmorgun 46 tonna bát út á Húnaflóa sem hafði fengið veiðarfærin í skrúfuna. Þrír voru um borð í bátnum en þá sakaði ekki.

„Þetta gekk prýðisvel og það var engin hætta á ferðum," segir Reynir Lýðsson, formaður björgunarsveitarinnar á Skagaströnd.

Þetta er sjöundi björgunarleiðangur Húnabjargar frá því á sjómannadag en það segir Reynir óvenjulegt. „Þetta er álíka fjöldi útkalla og önnur björgunarskip sinna á heilu ári," segir Reynir. - þo

Siglingar á þjóðhátíð í Eyjum:

# Fjórum ferðum fleiri en í fyrra

**SAMGÖNGUR** Herjólfur siglir í ár fjórar ferðir umfram það sem siglt var vegna verslunarmannahelgarinnar á síðasta ári.

Auka-aukaferðirnar fjórar verða farnar til Eyja fyrir og eftir helgina og var sú fyrsta í nótt. Áður voru áætlaðar þrjár aukaferðir vegna helgarinnar og verða því farnar alls sjö viðbótarferðir.

Í auka-aukaferðunum fer skipið frá Eyjum klukkan ellefu að kvöldi og snýr til baka með gestina frá Þorlákshöfn klukkan tvö eftir miðnætti.

Ferðin fram og til baka kostar 4.000 krónur fyrir manninn og siglingin tekur tæpa þrjá tíma. - kóþ

Flugmaður tilkynnti um óhapp:

# Nefhjólið bilaði í lendingu

**LÖGREGLUMÁL Engan sakaði þegar nefhjól flugvélar bilaði við lendingu á flugvellinum í Múlakoti í Fljótshlíð í gærkvöldi. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli var um tveggja hreyfla flugvél að ræða, og tilkynnti flugmaðurinn Neyðarlínunni sjálfur um óhappið.**

**Fulltrúar rannsóknarnefndar flugslysa voru kallaðir á vettvang til að rannsaka tildrög óhappsins, og vildi lögregla ekki gefa frekari upplýsingar um málið fyrr en eftir að frumrannsókn nefndarinnar væri lokið.** - bj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Slasaðist í bílveltu

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti konu sem slasaðist í bílveltu á Hælsvegi í Gnúpverjahreppi í gærkvöldi. Fimm voru í bílnum þegar hann valt, en vegurinn er malarvegur sem liggur að nokkrum bæjum í uppsveitum Gnúpverjahrepps.

# Skuldum Byggðastofnunar aflétt

**Iðnaðar- og byggðaráðherra tilkynnti í gær að Byggðastofnun fengi samtals 1.400 milljónir til að laga skuldastöðu sína og styðja við atvinnuþróunarfélög. Liður í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna skerðingar á þorskkvóta.**

**STJÓRNMÁL** Byggðastofnun mun á næstu tveimur árum fá 1.200 milljónir til að laga skuldastöðu sína. Þetta tilkynnti Össur Skarphéðinsson, iðnaðar- og byggðaráðherra, við opnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Ísafirði í gær.

„Það var mér mikið gleðiefni að geta hér á Ísafirði tilkynnt um næsta þrep í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar út af tímabundinni þorsklægð," segir Össur. Hann segir Byggðastofnun hafa búið við þröngan fjárhagslegan kost. Með því að laga skuldastöðuna á stofnunin að geta brugðist betur við vanda sjávarútvegsfyrirtækja. „Ríkisstjórnin mun teygja sig eins langt og þarf til að geta hjálpað."

„Byggðastofnun fagnar þessu. Þetta gerir okkur mikið færari um að taka á þeim vandamálum sem eru sýnileg fram undan," segir Örlygur Hnefill Jónsson, stjórnarformaður Byggðastofnunar. „Byggðastofnun er stofnun sem hefur verið að lána inn á erfið svæði á landsbyggðinni. Nú eru að koma miklir erfiðleikar í helsta atvinnuveginum á landsbyggðinni og með þessu erum við fær um að koma til móts við þá mörgu aðila sem gætu þurft að leita til stofnunarinnar," segir Örlygur jafnframt.



**BYGGÐASTOFNUN EFLD** Össur Skarphéðinsson tilkynnti um fjárveitingu til Byggðastofnunar á fyrsta starfsdegi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hér er hann ásamt Þorsteini Inga Sigfússyni, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvarinnar. MYND/BB.IS

Fyrir utan þær 1.200 milljónir sem Byggðastofnun fær til að laga skuldastöðuna fær hún 200 milljónir til viðbótar. „Það var einnig ákveðið að Byggðastofnun yrði styrkt með aukafjárveitingu sem stofnunin á síðan að verja til að styðja við atvinnuþróunarfélög á þeim svæðum sem koma hvað verst út vegna skerðingar á þorskkvóta," segir Össur. „Þetta verður eins konar samkeppnissjóður yfir tveggja ára tímabil. Það verður að sækja um styrkina og bestu hugmyndirnar verða valdar. Það ræðst því af frumkvæði og hugmyndaauðgi heimamannanna hvort og hversu mikið þeir fá úr sjóðnum."

Össur segir þær aðgerðir sem kynntar voru í gær aðeins vera einn lið í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Fleiri hugmyndir á fleiri sviðum muni líta dagsins ljós á næstu vikum og mánuðum. Stefnt er að því að allar tillögur um mótvægisaðgerðir liggi fyrir áður en Alþingi kemur til starfa í haust.

thorunn@frettabladid.is

## TREYSTIR STOÐIR ATVINNULÍFSINS

Nýsköpunarmiðstöð Íslands tók til starfa á Ísafirði í gær. Miðstöðin varð til við samruna Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins en meginmarkmið stofnunarinnar er nýsköpun í atvinnulífi. Alls munu um 80 manns starfa hjá hinni nýju stofnun.

„Nýsköpunarmiðstöðin á ekki að starfa bara á suðvesturhorninu heldur er hennar hlutverk að treysta stoðir atvinnulífs um allt land. Með því að hafa fyrsta starfsdaginn á Ísafirði vill ríkisstjórnin undirstrika þetta," segir Össur Skarphéðinsson iðnaðar- og byggðaráðherra. „Hér á Ísafirði er einnig verið að stofna starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar og hingað flytjast tvö ný störf. Það er í samræmi við þær tillögur sem komu út úr Vestfjarðanefnd um flutning 80 starfa til Vestfjarða," segir Össur.

Formaður efnahagsnefndar:

# Skattayfirvöld taki á brotum

**SKATTAR Rannsaka þarf nánar hvað liggur að baki hjá þeim sem borga fjármagnstekjuskatt en gefa ekki upp tekjur, segir Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis.**



**PÉTUR BLÖNDAL**

**„Ef menn eru að starfa við eigin fjárfestingar, en reikna sér ekki tekjur, þá er það verkefni skattrannsóknarstjóra að sjá til þess að þeir geri það. Það geta þó verið fjölmargar eðlilegar skýringar á að fólk hafi fjármagnstekjur en ekki laun," segir Pétur.**

**Fram hefur komið í fjölmiðlum að á árinu 2005 höfðu um 2.200 skattgreiðendur eingöngu fjármagnstekjur, og um 6.600 höfðu hærri fjármagnstekjur en launatekjur.** - bj

Krónan og hlutabréf lækka:

# Mikil viðskipti með gjaldeyri

**VIÐSKIPTI** Gríðarleg velta var á gjaldeyrismarkaði í gær og veiktist krónan um 2,9 prósent. Gengisvísitalan stóð í 116,6 stigum í lok dags. Veltan nam alls 52,7 milljörðum króna sem er með því mesta sem sést hefur á einum degi, en til samanburðar var hún 29 milljarðar daginn áður.

Sérfræðingar segja að innlendur fjármálamarkaður sé viðkvæmur fyrir því umróti sem er á erlendum mörkuðum um þessar mundir. Það er þó athyglisvert að krónan hefur verið að gefa töluvert meira eftir en aðrar hávaxtamyntir.

Hlutabréf héldu áfram að sveiflast í verði í gær en Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,84 prósent og endaði í 8.473 stigum. Nítján félög féllu en aðeins eitt hækkaði. Mest lækkuðu hlutabréf í Eik (-3,3%) og í Existu (-3,0%). - eþa


BÍLL DAGSINS

SAAB 9-3 LINEAR

Nýskr. 07.07 - Beinskiptur - Ekinn 1 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Ekki er svigrúm hjá Landspítala til að manna báðar þyrlurnar:

# Björgunarþyrlan er læknislaus

**HEILBRIGÐISMÁL** Enginn læknir er á bakvakt fyrir aðra af tveimur áhöfnum Landhelgisgæslunnar sem sinna sjúkraflugi.

Landhelgisgæslan getur því ekki veitt læknisþjónustu í sjúkraflugi, komi tvö útköll á sama tíma, nema með því að hringja sérstaklega eftir aukalækni fyrst. Samkvæmt heimildum innan Landhelgisgæslunnar hefur þetta á stundum reynst tímafrekt, en þó ekki svo að hætta hafi staðið af, enn sem komið er.

Slysa- og bráðasvið Landspítalans heldur utan um þyrlulæknisþjónustuna, en Már Kristjánsson, sviðsstjóri þess, veit ekki til þess að samráð hafi verið haft við spítalann þegar nýja þyrlan var keypt til landsins.

„Við höfum ekki svigrúm til að manna nema eina áhöfn og þurfum því að gera ráðstafanir fyrir áætlanir næsta árs," segir Már.



**TF-LÍF Í SJÚKRAFLUTNINGUM** Þegar tvö útköll koma á sama tíma þarf að finna viljugan lækni sem er sérþjálfaður og reiðubúinn í útkall. Það gæti tekið of langan tíma á ögurstundu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Kostnaður við bakvaktina hlaupi á tveimur tugum milljóna. Hins vegar sé það álitamál hvort nauðsynlegt sé að hafa lækni í öllu sjúkraflugi.

„Það er læknir í hverju flugi í Noregi, þeir eru fremstir á þessu sviði. Hins vegar er ekkert endilega læknir í sjúkraflugi í Bandaríkjunum," segir hann.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, svaraði ekki beiðnum um viðtal. - kóþ



LÍKAMS
RÆKT
fyrir
HAM
BORGARA
Þegar þú notar kreditkortið þitt færðu Aukakrónur. Ef þú notar kortið hjá samstarfsaðilum okkar færðu enn fleiri Aukakrónur. Svo getur þú notað Aukakrónurnar til að kaupa þér það sem þig langar í hjá öllum samstarfsaðilum.
Þannig geta kaup þín á hamborgurum á Thorvaldsen lagt þér til Aukakrónur upp í líkamsrækt í Laugum.
AUKAKRÓNUR
Aukakrónur eru fríðindasöfnun Landsbankans.
Við viljum umbuna fólki fyrir góð viðskipti á einfaldan og gagnsæjan hátt. Skráðu þig á aukakronur.is, hringdu í síma 410 4000 eða komdu við í næsta útibúi Landsbankans.
Vertu með. Það er einfalt. Aukakrónur: þær koma bara.
Landsbankinn
ÍSLENSKA SIA.IS/LBI 38433 08/07

## GENGIÐ 01.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,67 | 62,97 |
| Sterlingspund | 126,87 | 127,49 |
| Evra | 85,57 | 86,05 |
| Dönsk króna | 11,498 | 11,566 |
| Norsk króna | 10,697 | 10,761 |
| Sænsk króna | 9,232 | 9,286 |
| Japanskt jen | 0,5308 | 0,534 |
| SDR | 95,87 | 96,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
116,1711

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Varðstjóri lögreglu ákærður fyrir að nota bíl og mannafla lögreglu til einkaerinda:

# Lét aka sér í forgangsakstri á flugvöll

**DÓMSMÁL** Varðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur verið ákærður fyrir brot í opinberu starfi. Hann er sakaður um að hafa misnotað stöðu sína þegar hann nýtti sér mannafla lögreglu og bifreið í eigin þágu, en hann lét aka sér í forgangsakstri í lögreglubíl frá Reykjavík út á Keflavíkurflugvöll. Hann var þá á leið í flug til útlanda í einkaerindum og var að verða of seinn.

Atvikið átti sér stað í júní síðastliðnum. Svokallað tetrakerfi er notað til að fylgjast með akstri lögreglubíla, meðal annars hraða þeirra, og fari bílarnir upp fyrir vissan hraða þarf ökumaður að gera grein fyrir ástæðunni. Þegar vart varð við forgangsakstur langt umfram hámarkshraða að því er virtist án tilefnis í þessu tilviki vaknaði grunur um brot.



**LÖGREGLUBÍLAR** Hægt er að fylgjast með akstri lögreglubíla með tetrakerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu var málið sent Ríkissaksóknara til meðferðar og hefur ákæra nú verið gefin út. Varðstjórinn hefur verið leystur frá störfum á meðan málið er til meðferðar.

Jón H.B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, sagði málið vera tekið alvarlega innan lögreglunnar, en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um það á meðan það væri til meðferðar. - sh

Laxveiðin glæðist:

## Tekur kipp eftir rigningar

**LAXVEIÐI** Prýðileg laxveiði er víða á landinu. Veiðst hafa yfir 200 laxar í Hítará á Mýrum en yfir þrjátíu laxar höfðu veiðst þar um miðjan dag í gær.

Lítillega hefur hækkað í Norðurá í Borgarfirði eftir að vatnshæð þar var í sögulegu lágmarki. Veiðin þar hefur tekið kipp. Norðlingafljót í Borgarfirði var formlega opnað í fyrradag og hefur veiðin verið mjög góð. Tíu til tólf punda laxar hafa veiðst svo að þar er ekki er eingöngu smálax að finna. Búist er við að veiðin í Norðlingafljóti verði góð út sumarið og enn eru lausar stangir í lok september. - pal

Rannsókn á láti hermanns:

## Rumsfeld neitar allri ábyrgð

**BANDARÍKIN, AP** Donald Rumsfeld, fyrrverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, og aðrir yfirmenn í ráðuneytinu, neita því að hafa átt nokkurn þátt í að leyna því að Pat Tillman, bandarískur hermaður í Afganistan, hafi látist af völdum skots frá bandarískum félaga sínum vorið 2004.



**DONALD RUMSFELD**

Vikum saman stóðu ættingjar Tillmans og almenningur í Bandaríkjunum í þeirri trú að hann hefði fallið fyrir óvinaskoti. Hermálayfirvöld hafa verið sökuð um að halda málsatvikum leyndum til að skaða ekki málstað bandarísku stjórnarinnar.

Rumsfeld var yfirheyrður í gær hjá eftirlitsnefnd neðri deildar Bandaríkjaþings í gær, sem rannsakar málið. - gb

### DÓMSMÁL

**Tveir piltar í síbrotagæslu**

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað tvo pilta, 18 og 19 ára, í síbrotagæslu. Í frétt á vef lögreglu kemur fram að mennirnir hafi margsinnis komið við sögu hjá lögreglu, meðal annars vegna innbrota, nytjastulda, fjársvika, vörslu og meðferðar fíkniefna og umferðarlagabrota.

### ÁRÉTTING

Vegna fréttar Fréttablaðsins á mánudaginn vilja Flugstoðir árétta til að koma í veg fyrir misskilning að í öllu er farið að lögum og reglum er varða öryggiseftirlit með einkaþotum. Ekkert vopnaeftirlit á sér stað þar sem þess er ekki krafist í reglugerðum.

# Hagnast um ellefu milljarða á sölunni

**Fjárfestingarfélagið Atorka hefur selt Jarðboranir hf. til Geysis Green Energy fyrir 14,3 milljarða króna. Hagnaður af sölunni nemur ellefu milljörðum. Fyrirtækið Björgun ehf. og lóðir Jarðborana að Eirhöfða fylgja ekki með í kaupunum.**

**VIÐSKIPTI** Geysir Green Energy (GGE) gekk í gær frá samningi við Renewable Energy Resources, dótturfélag fjárfestingarfélagsins Atorku Group, um kaup á öllu hlutafé í Jarðborunum hf. fyrir 14,3 milljarða króna, auk sextán prósenta hlutar í Enex. Samhliða sölunni keypti Atorka 32 prósenta hlut í Geysi fyrir rúma sjö milljarða og er með því orðinn kjölfestufjárfestir í félaginu.

Fyrirtækið Björgun ehf., sem meðal annars annast landfyllingar, og lóðir Jarðborana að Eirhöfða fylgja ekki í kaupunum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa kaupin staðið til í þó nokkurn tíma.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, sem er stærsti hluthafinn í Geysi, segir að kaupin á Jarðborunum geri Geysi kleift að sækja fram með nýtt fyrirtæki sem hann telur að geti vaxið mjög mikið á næstu árum. Jarðboranir séu leiðandi borfyrirtæki á heimsvísu og það sé markmiðið að fara með félagið í mikla sókn á erlendum mörkuðum. „Við höfum hugsað okkur að Geysir verði leiðandi fjárfestingarfélag í orkugeiranum. Til að geta gert það er mikilvægt að vera með mismunandi eignir sem hægt er að nota til þess að fara með í erlenda sókn.“

„Heildareignir Geysis nema um 40 milljörðum króna og er eigið fé tæpir 20 milljarðar króna. Félagið er því mjög fjárhagslega sterkt til þess að takast á við frekari verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku,“ segir í tilkynningu frá FL Group.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá Atorku er heildarverðmæti sölunnar 17,7 milljarðar króna. Félagið hagnast um ellefu milljarða króna á sölunni eftir skatta og segir í tilkynningunni að nota eigi féð í frekari fjárfestingar. Segir í tilkynningunni að velta Jarðborana hafi fimmfaldast á fimm árum, og að áætluð velta á árinu 2007 sé 6,5 milljarðar og átta milljarðar árið 2008.





**HANNES SMÁRASON**



**MAGNÚS JÓNSSON**

**BOR JARÐBORANA** Kaup Geysis Green Energy á Jarðborunum hafa staðið til í þó nokkurn tíma samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Jarðboranir sérhæfa sig í nýtingu jarðvarma og eru stærsta fyrirtækið á sínu sviði á alþjóðavettvangi. Í tilkynningunni segir að Atorka muni fjárfesta áfram í verkefnum tengdum jarðvarmanýtingu í gegnum eignarhald sitt í Geysi.

Haft er eftir Magnúsi Jónssyni, forstjóra Atorku, í fréttatilkynningu að félagið sjái mikil tækifæri í fjárfestingunni í Geysi. „Ljóst er að uppbygging Jarðborana undir forystu Atorku hefur gengið afar vel og munum við áfram vera kjölfestuhluthafar í félaginu í gegnum Geysi.“

stigur@frettabladid.is

Umferðaróhapp í Langadal:

## Vörubíll ók aftan á jeppa

**SLYS** Tveir voru fluttir á sjúkrahúsið á Blönduósi til skoðunar eftir harðan árekstur jeppa og vörubíls í Langadal á þriðjudagskvöld.

Slysið varð á mótum Norðurlandsvegar og Svínvetningabrautar. Jeppinn var kyrrstæður þegar vörubíllinn kom aðvífandi og ók aftan á jeppann með þeim afleiðingum að hann kastaðist út af veginum og valt.

Þrennt var í jeppanum og slösuðust tveir minniháttar en fengu að fara heim að lokinni skoðun. Bíllinn er mikið skemmdur. - þo

Morðið á Sæbraut:

## Rannsókn lýkur fyrir helgi

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla mun fyrir helgi ljúka rannsókn á morðinu sem átti sér stað á Sæbraut á sunnudag. Niðurstöður verða tilkynntar á næstu dögum, en málið telst upplýst.

Tæknideild lögreglunnar rannsakar nú sönnunargögn af vettvangi glæpsins. Lögregla hefur enn ekkert gefið upp um hvort morðinginn hafi elt fórnarlambið uppi eða valdið skaða á dekkjum bílsins, sem hafi orðið til þess að hann þurfti að stoppa á Sæbraut.

Að sögn lögreglu á eftir að útskýra nokkur atriði, þó að sekt morðingjans hafi verið sönnuð strax á sunnudaginn. - sgj

### JARÐHRÆRINGAR

**Jarðskjálftar á Reykjanesi**

Jarðskjálftahrina gekk yfir Reykjanesskaga í gær. Fjölmargir skjálftar mældust og var sá stærsti 3,5 á Richer. Hann varð undir Fagradalsfjalli laust fyrir klukkan eitt.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SPENNAN EYKST**

Jæja, þá eru veðurhorfurnar fyrir verslunarmannahelgina að verða all ljósar. Föstudagurinn verður hvass og blaustur víða um land, einkum sunnan og vestan til en síðan má segja að landið sunnanvert komi allsterkt inn enda taka við norðlægar áttir á laugardag og sunnudag með nokkuð björtu veðri sunnan til en vætu nyrðra. Mánudagurinn verður þurr.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Norðan 5-8 m/s. Bjart veður í fyrstu en þykknar smám saman upp. Hiti 10-15 stig.

um hádegi »




» á morgun




10-18 m/s sunnan til og vestan til. Lægir sunnan til síðdegis.

» laugardagur




5-15 m/s, hvassast norðvestan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C hálfskýjað | London | 19°C rigning | Friedrichshafen | 23°C skurir |
| Billund | 22°C hálfskýað | París | 23°C hálfskýjað | Basel | 23°C rigning |
| Osló | 22°C hálfskýjað | Eindhoven | 22°C skúrir | Alicante | 32°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 22°C hálfskýjað | Frankfurt | 22°C skúrir | Algarve | 28°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 20°C hálfskýjað | Berlín | 24°C hálfskýjað | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |


Lambakjöt
ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ
Chilikryddað lambakebab
800 g lambakjöt, beinlaust og fitusnyrt
150 ml mild chilisósa (t.d. Heinz)
3 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
½ tsk. karríduft
2 msk. olía
safi úr límónu
nýmalaður pipar
salt
1 dós (250 ml) tómatmauk (purée)
Kjötið skorið í gúllasbita. Chilisósu, hvítlauk, karríi, olíu, límónusafa og pipar blandað saman í skál, kjötið sett út í og látið standa í kæli í a.m.k. 1 klst. Þá er kjötið tekið úr leginum, en hann er geymdur. Kjötið saltað og þrætt upp á teina. Útigrill eða grillið í ofninum hitað og kjötið grillað við góðan hita þar til það hefur tekið góðan lit á öllum hliðum og er steikt í gegn. Á meðan er kryddlögurinn settur í pott ásamt tómatmauki. Hitað að suðu og látið malla í 5-10 mínútur. Smakkað til með pipar og salti og borið fram með kjötinu.
www.lambakjot.is
ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR

## KJÖRKASSINN



*Hlustar þú á Megas?*

| | |
|---|---|
| Já | 76% |
| Nei | 24% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að hætta að birta opinberlega álagningarskrár skattstjóra?*

Segðu skoðun þína á Visir.is

Sjávarútvegsráðherra segir niðurstöður úr Þjóðarpúlsi Gallup ekki koma á óvart:

# Vænt um að finna stuðning

**STJÓRNMÁL** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fagnar því að Þjóðarpúls Gallup sýni að meirihluti þjóðarinnar styðji ákvörðun ríkisstjórnarinnar um niðurskurð aflaheimilda.

„Þessi ákvörðun var auðvitað mjög erfið og þess vegna þykir mér óneitanlega mjög vænt um að finna þennan mikla stuðning þjóðarinnar,“ segir Einar.

55 prósent aðspurðra sögðust styðja ákvörðun ríkisstjórnarinnar, en 37 prósent voru andvíg. „Ef við undanskiljum þá sem ekki taka afstöðu er stuðningurinn við þessa ákvörðun ennþá meiri og óhætt að segja að þjóðin sýni þessari erfiðu ákvörðun mikinn skilning,“ segir Einar.



**SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** Einar segir andstöðu við kvótakerfið ekki koma sér á óvart.

Í könnuninni kom einnig fram að eingöngu fimmtán prósent landsmanna styðji núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. „Þetta kemur mér ekki á óvart,“ segir Einar. „Umræðan um sjávarútveginn hefur farið mikið fram í skugga yfirvofandi aflasamdráttar og framsals aflaheimilda úr sjávarbyggðum.“

Einar bendir jafnframt á að fáir aðspurðra hafi getað bent á einstaka aðfinnsluverð atriði. „Ég leyfi mér að draga þá ályktun að þó fólki finnist sitt hvað athugavert við núverandi kvótakerfi hafi það ekki klárar hugmyndir um hvernig hlutirnir mættu fara betur,“ segir Einar. **- sgj**

Vel heppnuð aðgerð á heila:

# Lamaður fær málið á ný

**BANDARÍKIN, AP** Tæplega fertugur maður í Bandaríkjunum fékk málið á ný eftir að hafa árum saman einungis getað tjáð sig með takmörkuðum augnhreyfingum og þumalfingurshreyfingum. Læknum tókst að koma örvandi rafskautum fyrir í heila mannsins, þannig að nú getur hann talað, tuggið og kyngt þannig að ekki þarf að gefa honum næringu í æð.

Maðurinn varð fyrir alvarlegum heilaskemmdum eftir að hafa orðið fyrir árás fyrir sex árum og hefur legið að mestu rænulaus á sjúkrahúsi síðan. Hann er enn alvarlega lamaður og þarf á mikilli aðhlynningu að halda. **- gb**

Reyndi að stinga lögregluna af:

# Faldi sig í runna

**LÖGREGLUMÁL Piltur ætlaði að koma sér undan hraðaksturssekt lögreglunnar á Selfossi á þriðjudagskvöld með því að stinga af en fær í staðinn hærri sekt.**

**Pilturinn, sem er á átjánda ári, ók á 126 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Þegar lögregla kom á vettvang hljóp hann út úr bílnum og faldi sig bak við runna.**

**Hann á nú von á sektum vegna hraðakstursins og fyrir að reyna að stinga af. Hann missir að líkindum prófið vegna fjölda punkta í ökuferilsskrá. - þo**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tjöld voru við það að fjúka

Björgunarsveitir í Vestmannaeyjum voru kallaðar út seint á þriðjudagskvöld til að aðstoða gesti á tjaldsvæðinu við Þórsheimilið en þar voru tjöld og fellihýsi við það að fjúka vegna vinds. Björgunarsveitir aðstoðuðu tvær erlendar konur við að flytja sig af tjaldsvæðinu við Þórsheimilið og inn í Herjólfsdal.

### Ölvaður og réttindalaus á bíl

Tvítugur piltur var handtekinn á Seltjarnarnesi aðfaranótt miðvikudags. Pilturinn hafði lent í umferðaróhappi og þegar betur var að gáð kom í ljós að hann hafði aldrei öðlast ökuréttindi og var ölvaður í þokkabót.

# Erfitt gæti orðið að manna lið í Darfúr

**Danir, Frakkar og Indónesar hafa boðist til þess að senda liðssveitir til friðargæslu í Darfúrhéraði. Bretar og fleiri þjóðir eiga þó erfitt með að taka þátt vegna þess hve margir eru bundnir í verkefnum í Afganistan, Írak og víðar.**

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Stjórnvöld í Danmörku, Frakklandi og Indónesíu buðust í gær til að taka þátt í friðargæslu í Darfúrhéraði í Súdan. Á þriðjudaginn samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna einróma að senda þangað, í samvinnu við Afríkubandalagið, 26 þúsund manna friðargæslulið.

Erfitt gæti reynst að manna svo stórt friðargæslulið, sem yrði það fjölmennasta í sögunni. Hersveitir margra ríkja eru nú þegar önnum kafnar víða um heim, ýmist við friðargæslu eða beinlínis í hernaðarátökum, meðal annars í Írak og Afganistan.

Nú eru til dæmis 7.100 breskir hermenn í Afganistan og 5.500 í Írak. Talskona í breska utanríkisráðuneytinu, sem vildi þó ekki láta nafns síns getið, fullyrti að Bretar myndu ekki senda hermenn með byssur og skriðdreka til Darfúr.

Meira en 200 þúsund manns hafa tapað lífinu í átökunum í Darfúr, sem hófust árið 2003. Átökin hafa einnig valdið því að tvær og hálf milljón manna hafa flúið að heiman.

Átökin hófust í febrúar árið 2003 þegar ættbálkar heimamanna í héraðinu gerðu uppreisn gegn stjórninni og sökuðu hana um að hafa vanrækt íbúa héraðsins og mismunað þeim áratugum saman. Stjórnin hefur einnig verið sökuð um að hafa hefnt sín á heimamönnum með því að styðja arabískar vígasveitir til árása gegn þeim.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt að 26 þúsund manna friðargæslulið verði komið til Darfúrhéraðs fyrir árslok. Fyrir er í héraðinu sjö þúsund manna friðargæslulið frá Afríkubandalaginu, sem verður hluti af nýju gæslusveitunum. Ætlunin er að nýja liðið verði að mestu skipað fólki frá Afríku. Vitað er að stjórnvöld í Nígeríu eru reiðubúin að senda 700 hermenn til viðbótar þeim 2.000 Nígeríumönnum, sem fyrir eru í héraðinu.



**FRIÐARGÆSLULIÐAR Í DARFÚR** Afríkubandalagið hefur verið með sjö þúsund manna lið í hinu stríðshrjáða héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Styrkur herliðsins fer þó algerlega eftir því hve langt auðug ríki eru reiðubúin til að ganga í að senda herlið, lögreglumenn, herbúnað og annan stuðning til Darfúr.

„Sannleikurinn er sá að fá stór ríki hafa það mikilla hagsmuna að gæta að þau séu reiðubúin að taka þá áhættu að fara inn í ástand eins og þetta – sem er afar flókið og mjög erfitt viðureignar – án þess að hafa minnstu hugmynd um pólitíska lausn sem gæti gert það mögulegt að ákveða hvenær aðgerðunum mun ljúka,“ segir Dominique David, framkvæmdastjóri franskrar hugmyndaveitu um alþjóðastjórnmál.

Hann segist nokkuð viss um að meirihluti liðsmanna hins væntanlega friðargæsluliðs í Darfúr muni koma frá Asíuríkjum.

gudsteinn@frettabladid.is




Bæjarráð Vestmannaeyjabæjar ályktar vegna samgöngumála:

# Vill flýta framkvæmdum

**SAMGÖNGUMÁL** Flýta þarf framkvæmdum við gerð ferjuhafnar í Bakkafjöru og smíði nýs Herjólfs svo hægt verði að hefja siglingar milli Eyja og Bakka árið 2009. Þetta kemur fram í ályktun bæjarráðs Vestmannaeyjabæjar frá því á þriðjudag. Samkvæmt samgönguáætlun á ferjulægið í Bakkafjöru að vera tilbúið árið 2010.

„Það eru vissulega vonbrigði að ekki skuli að svo stöddu unnið að framgangi jarðganga hingað til Vestmannaeyja. Nú er komin upp ný staða. Í ljósi þessarar nýju stöðu er það mat bæjarstjórnar allrar að sigling Herjólfs í Bakkafjöru verði samgöngum til Vestmannaeyja mest til framdráttar,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri.

„Þá höfum við lýst þeim vilja okkar að þessum framkvæmdum verði flýtt eins og kostur er svo hægt verði að hefja siglingar árið 2009,“ bætir hann við.



**VESTMANNAEYJAR** Hluti hafnarinnar í Heimaey. Bæjarráð vill að framkvæmdum við nýjan Herjólf og höfn á Bakka verði flýtt.

„Það er algjörlega ljóst að við munum aldrei una við annað en að siglingar Herjólfs verði skilgreindar sem þjóðvegasamgöngur og þjónustu og verðlagningu verði hagað í samræmi við það. Það er því ljóst að barátta fyrir bættum samgöngum heldur áfram.“ **- þeb**

# Ertu klár í ferðalagið?




**My Smoothie**
- ávextir í fernu




**Frábært í ferðalagið**




**Caj'p** marineringar í miklu úrvali.
6 spennandi tegundir, hver annarri betri.




BBQ kryddlegnar
**kjúklingabringur**

**TILBOÐ**
**1.617** kr/kg
Merkt verð 2.695,-




**Hamborgarar 80g**
úr kjötborði

**TILBOÐ**
**79** kr/stk
Verð áður 121,-



**TILBOÐ**
**149** kr/stk
Verð áður 235,-

**Júmbó samlokur**
– tilboðið gildir aðeins fimmmtudag og föstudag




**TILBOÐ**
**99** kr/pk
Verð áður 225,-

**Doritos**
– allar gerðir



**Sumarblanda**
– frá Himneskri Hollustu



**Ítölsk hráskinka**
Ekta parma hráskinka, Coppa, Bresola beint frá ítalíu.




**TILBOÐ**
**179** kr/pk
Verð áður 249,-

**Franskt Steinabrauð**
Steinabaguette – alltaf nýbakað í Hagkaupum.




**Cocio kókómjólk 40 cl.**

Gildir til 5. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



# KRYDDSMJÖR
*gerir grillmat að hreinu lostæti!*

Þrjár tegundir til að töfra fram réttað bragðið hverju sinni.

**PRÓFAÐU KRYDDSMJÖR MEÐ:** grillkjöti, maískólfum, bökuðum kartöflum, grilluðum fiski og ofan á snittubrauð.




www.ostur.is

ENNEMM / SÍA / NM26917


Mannlíf og Frjáls verslun sýna tekjur 2.500 einstaklinga:

# Samkeppni tekjublaða

**FJÖLMIÐLAR** Tvö tímarit, Mannlíf og Frjáls verslun, hafa gefið út svokölluð tekjublöð. Í blöðunum eru skráðar tekjur 2.500 einstaklinga af nokkrum sviðum þjóðlífsins, en Frjáls verslun hefur ein gefið út slíkt blað í tæpa tvo áratugi.



**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON**

Mannlíf gefur nú út tekjublað í fyrsta sinn. „Við vitum það öll að fólk hefur áhuga á þessum upplýsingum og við teljum að þetta séu upplýsingar og tölur sem eigi að vera aðgengilegar almenningi,“ segir Þórarinn Þórarinsson aðstoðarritstjóri. „Og því þá ekki að taka þær til og prenta þær?“

Meðal þess sem birt er í Mannlífi eru tekjur tuttugu þekktra bloggara. „Fyrst þeir eru uppteknir af því að vera í opinberri umræðu og vilja tjá sig um allt, þá fá þeir að njóta sannmælis,“ segir Þórarinn.

„Við erum bara í samkeppni og stýrum því ekki hvað aðrir eru að gera,“ segir Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar. „Við hugsum bara um að gera okkar blað sem best.“

- sgj



**UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ** Starfshópur vinnur að snurðulausri yfirtöku íslenskra stjórnvalda á rekstri Ratsjárstofnunar.





# Prófaðu pastrami!

Pastrami áleggið frá SS er úr nautakjöti. Þetta bragðgóða kjötálegg hæfir sérlega vel t.d. í forrétti eða smárétti og nettar rúllur með ýmsu góðgæti. Liturinn á pastrami gleður augað og fer vel á veisluborði. Bragðið er afgerandi en þó ekki ágengt. Og auðvitað hentar pastrami einnig vel í hvaða samloku sem er – frábær tilbreyting og skemmtileg viðbót við áleggsúrvalið frá SS.

VEISLA Í HEILA ÖLD 1907 SS 2007

www.ss.is

Fíton ehf. / SÍA


# Virða gildandi samninga

**Ráðningarsamningar starfsmanna Ratsjárstofnunar verða virtir við yfirtöku íslenska ríkisins. Vandkvæði eru við yfirtökuna vegna hárra launa starfsmanna. „Illa undirbúið,“ segir formaður Vinstri grænna.**

**STJÓRNMÁL** Kjara- og ráðningarsamningar starfsmanna Ratsjárstofnunar verða virtir þegar ríkið tekur yfir rekstur stofnunarinnar 15. ágúst. Því fylgir launakostnaður sem er ekki í samræmi við laun annarra ríkisstarfsmanna.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að vandkvæði væru við yfirtökuna, meðal annars vegna hárra launa starfsmanna, en Bandaríkin höfðu greitt allan rekstrarkostnað Ratsjárstofnunar. Jafnframt eru engar heimildir í lögum um fjárveitingar til stofnunarinnar.

Starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins vinnur nú að undirbúningi yfirtökunnar. Samkvæmt fréttatilkynningu frá ráðuneytinu verður leitað leiða til að auka hagræðingu í rekstri starfseminnar og lágmarka kostnað ríkissjóðs.

Fram kemur í tilkynningunni að tillögur starfshópsins muni liggja fyrir á haustmánuðum. Yfirtakan fer fram 15. ágúst næstkomandi. Ekki hefur verið ákveðið á hvaða hátt starfsemin verður aðlöguð íslenskri stjórnsýslu.

Ratsjárstofnun rekur ratsjárstöðvarnar, en starfsemi þeirra lýtur að varnar- og öryggismálum og borgaralegri flugumferð. Í apríl samþykkti þáverandi ríkisstjórn 1.065 milljóna fjárveitingu til reksturs stofnunarinnar til loka árs 2008, sem ekki hefur verið staðfest með lögum.

Utanríkismálanefnd Alþingis fundar í næstu viku og mun meðal annars ræða um ratsjárstöðvarnar. „Ég tel að þessi tilfærsla hafi verið illa undirbúin og að menn hafi notað tímann illa,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sem óskaði eftir fundi í nefndinni.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

„Eina réttlætingin fyrir að reka þetta kerfi áfram eru borgaraleg afnot af því í þágu flugumferðarstjórnar,“ segir Steingrímur.



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON**

Ekki náðist í Ólaf Örn Haraldsson, forstjóra Ratsjárstofnunar, í gær til að fá hann til að staðfesta upphæð launa starfsmanna stofnunarinnar sem greidd hafa verið af bandarískum yfirvöldum. Hann hefur áður sagt að utanríkisráðuneytið þurfi að svara fyrir launakostnaðinn.

Hreinn Pálsson hjá utanríkisráðuneytinu segir ráðuneytið ekki hafa upplýsingar um laun starfsmanna Ratsjárstofnunar þar til starfsemi stofnunarinnar verður færð undir ríkið.

steindor@frettabladid.is

# Endurgreiðsla sem þú **notar að vild**

**e-kortin**
endurgreiða
í beinhörðum
peningum

- Þú færð 0,5% endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð 0,65–20% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 samstarfsfyrirtækjum.
- Yfir 200 samstarfsfyrirtæki um allt land.
- Allir geta sótt um kortin, óháð viðskiptabanka viðkomandi en SPRON er útgefandi kortanna.

**Ert þú með Vildarkort VISA og Icelandair hjá þínum viðskiptabanka?**
Með e² Vildarkortinu færðu bæði endurgreiðslu í beinhörðum peningum og Vildarpunkta. Tvöfaldur ávinningur allt í sömu færslunni.





KORT
www.ekort.is

VILDARKORT
www.e2.is




Forvarnir fyrir erlenda ferðamenn:

# Umferðarskilti á ensku

**FORVARNIR** Fyrsta umferðarskiltið á ensku var kynnt í Forvarnahúsinu Sjóvá á dögunum en það á að vara erlenda ferðamenn við þeim hættum sem fylgja því þegar malbik endar og malarvegur tekur við.

Við sama tækifæri var kynnt upplýsingaspjald um hámarkshraða, ætlað erlendum ferðamönnum, sem sett verður í alla bílaleigubíla að frumkvæði lögreglunnar á Hvolsvelli.

„Það hefur sýnt sig að það er mikil þörf á að upplýsa ferðamenn um hámarkshraða og benda á þær hættur sem leynast í umferðinni á Íslandi,“ segir Hildur Björg Hafstein, forvarnafulltrúi Forvarnahússins.

- þo




**VIÐVÖRUN Á ENSKU** Mörg slys verða þar sem malbik endar og malarvegur tekur við. MYND/SJÓVÁ



**GOLDEN GATE-BRÚIN** Saga sjálfsmorða í 70 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hafna þöggun um sjálfsvíg á Golden Gate-brúnni:

# Helst heimamenn sem stökkva framaf

**BANDARÍKIN, AP** Dánardómstjóri í Marin-sýslu við San Francisco-flóa í Bandaríkjunum og stofnun sem berst fyrir því að tálmar verði settir upp á Golden Gate-brúnni við San Francisco kynntu á mánudag niðurstöður rannsóknar á hverjir fremdu helst sjálfsmorð með því að stökkva fram af brúnni og tíðni sjálfsmorðanna.

Þetta gengur gegn stefnu yfirvalda um að birta ekki slíkar tölur af ótta við að það leiði til aukinnar sjálfmorðstíðni. Er ákveðið að leggja tölurnar fram sem innlegg í umræðu um uppsetningu tálma á brúnni auk þess sem fjölmiðlaathygli, eða skortur á henni, virðist ekki hafa mikil áhrif á tíðni sjálfmorða að sögn dánardómstjórans Ken Holmes, sem sér um flestöll dauðsföll sem verda við brúna. Holmes situr einnig í stjórn stofnunarinnar The Bridge Rail Foundation.

Stór meirihluti þeirra sem fremja sjálfsmorð á þennan hátt eru heimamenn samkvæmt rannsókninni. „Ein röksemdin gegn tálmunum er að það sé tilgangslaust, að brúin hafi bara svo mikið aðdráttarafl sem dregur fólk að alls staðar að úr heiminum,“ segir talsmaður stofnunarinnar, Paul Muller. „En tölurnar sýna að fólk kemur frá svæðinu við flóann af því að það er hentugt og auðvelt.“

– sdg

## GOLDEN GATE

70 ár eru frá því að fyrsti maðurinn stökk fram af brúnni, aðeins tveimur mánuðum eftir að hún var opnuð fyrir gangandi vegfarendum.

Síðan þá hafa yfir 1.250 manns framið þar sjálfsmorð.

Algengasta týpan sem stekkur er 41 árs hvítur karlmaður sem býr við San Francisco-flóa.

Þrisvar sinnum fleiri karlar stökkva fram af brúnni en konur.

Yngsti einstaklingurinn var fjórtán ára stúlka og sá elsti 84 ára karl.







HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5000

Eigum frábært úrval nýlegra lúxusfólksbíla og jeppa frá Volkswagen, Audi og Mercedes Benz með allt að 90% lánum á afar hagstæðum kjörum. Bílarnir eru til sýnis á Bílaþingi, Laugavegi 174.

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Framtíðarskipulag Vatnsmýrar:

# Sextán hópar komust áfram

**SKIPULAGSMÁL Sextán hópar af 137 sem skiluðu fullgildum tillögum í samkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar hafa verið valdir. Þeir munu vinna áfram úr hugmyndum sínum og skila útfærslum í lok október. Þetta kemur fram á vefsíðu Dags B. Eggertssonar, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar.**

**Dómnefndin velur næst sex til átta tillögur úr framhaldskeppninni og af þeim verða tvær til fjórar tilgreindar sem framúrskarandi. Að minnsta kosti ein þeirra mun hljóta samning um skipulagningu hluta af Vatnsmýrarsvæðinu. - sþs**

Fyrstu réttarhöldin yfir rauðu khmerunum í Kambódíu:

# Dómstóll varar við óeirðum

**KAMBÓDÍA, AP** Alþjóðadómstóll um þjóðarmorð í Kambódíu óttast að til óeirða geti komið í landinu í tengslum við réttarhöld yfir Kaing Guek Eav, 64 ára gömlum rauðum khmera, sem á sínum tíma var yfirmaður hins alræmda S-21 fangelsis þar sem um 16 þúsund manns voru pyntaðir og myrtir.

Kaing Guek Eav, sem er 64 ára gamall og gengur einnig undir nafninu Duch, er fyrsti leiðtogi ógnarstjórnar rauðu khmeranna sem ákærður er fyrir aðild sína að fjöldamorðunum, sem framin voru á árunum 1975 til 1979.

Einungis er talið að sextán manns hafi lifað af fangavist í S-21. Þar er nú til húsa safn um þjóðarmorðið í Kambódíu.



**Á SAFNI UM ÞJÓÐARMORÐIÐ Í KAMBÓDÍU** Safngestur tekur mynd af Kaing Guek Eav, fyrrverandi yfirmanni S-21 fangelsins í Pnohm Penh. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómstóllinn, sem hefur mál hans nú til meðferðar, sendi í gær frá sér viðvörun um að glæpir ógnarstjórnarinnar hefðu verið svo alvarlegir að upprifjun þeirra við réttarhöldin í gæti valdið því að almenningur gripi til ofbeldisverka. Meðal annars þess vegna hefði dómstóllinn ákveðið að láta Duch ekki lausan gegn tryggingu. Einnig þykir hætta á að hann reyni að ógna vitnum.

Mikil og djúpstæð reiði ríkir í Kambódíu í garð rauðu khmeranna, sem alla tíð hafa staðfastlega neitað því að neinir glæpir hafi verið framdir á vegum stjórnar þeirra. - gb



**FERÐALANGAR Í NEW YORK** Bandarískir ferðamálafrömuðir þrýsta á Bandaríkjaþing að veita allt að 200 milljónum dala í herferð til að laða ferðamenn til landsins. Ferðamálaiðnaðurinn þar hefur ekki enn náð sér eftir árásirnar 11. september 2001. NORDICPHOTOS/AFP



**UMSLÖG** Tuttugu þúsund umslögum með einni krónu var dreift í nágrenni nýrrar Krónuverslunar á Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Krónan opnar nýja verslun:

# Ein króna á 20 þúsund heimili

**VERSLUN** „Við erum að opna nýja og glæsilega verslun og vildum vekja athygli á því," segir Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri Krónunnar.

Verslunin dreifði á þriðjudaginn umslögum með einni krónu á 20 þúsund heimili frá Seltjarnarnesi, í Vesturbæ og að Háaleitishverfi í tilefni af opnun nýrrar verslunar á Granda. Á umslögunum stóð eingöngu „á morgun..." og vakti þetta eðlilega forvitni margra.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra opnaði verslunina í gær í formlegri athöfn. - aví



**BARACK OBAMA** Svarar gagnrýni frá Hillary Clinton. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama vill sýna styrk:

# Segist senda her til Pakistans

**BANDARÍKIN, AP Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Barack Obama segist staðráðinn í að senda hermenn til Pakistans til að elta þar uppi hryðjuverkamenn, nái hann kjöri til forsetaembættis Bandaríkjanna.**

**„Ef við höfum upplýsingar um mikilvæg hryðjuverkaskotmörk, sem hægt er að grípa til aðgerða gegn, og Musharraf ætlar ekkert að aðhafast, þá munum við grípa til okkar ráða," sagði Obama.**

**Svo virðist sem hann vilji með þessu sýna styrk andspænis gagnrýni frá mótherja sínum, Hillary Clinton, þess efnis að hæfileikar hans í utanríkismálum væru takmarkaðir. - gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði ökumann á Garðvegi aðfaranótt miðvikudagsins. Hann er grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.






**LOÐNASTI MAÐUR KÍNA** Yu Zhenhuan, loðnasti maður Kína, sækist eftir því að hlaupa með Ólympíueldinn á næsta ári. 96 prósent líkama hans eru hulin hári. NORDICPHOTOS/AFP

Gen sem virðist skera úr um hvort fólk verði rétthent eða örvhent:

# Gen örvhentra líklega fundið

**VÍSINDI** Vísindamenn hafa í fyrsta skipti uppgötvað gen sem virðist auka líkur á að fólk verði örvhent.

Genið LRRTM1 virðist gegna lykilhlutverki í að stjórna því hvaða hluti heilans stýrir starfsemi á borð við mál og tilfinningar samkvæmt rannsókninni. Hjá rétthentu fólki stjórnar vinstra heilahvelið yfirleitt máli og tungumálakunnáttu og hægra heilahvelið stjórnar tilfinningum. Hjá örvhentu fólki er þessu hins vegar oft öfugt farið og vísindamennirnir telja að LRRTM1 sé orsökin. Þá telja þeir að genið geti aukið lítillega hættu á geðklofa sem talið er að tengist óeðlilegu jafnvægi í heilastarfsemi.



**SKRIFAR MEÐ VINSTRI** Bandaríski sjónvarpsmaðurinn Jay Leno er í hópi örvhentra. NORDICPHOTOS/GETTY

Vísindamenn frá Oxford-háskóla leiddu rannsóknarstarfið og birtust niðurstöðurnar í tímaritinu Molecular Psychiatry. Fréttavefur BBC greindi frá þessu.

Í kringum tíu prósent fólks eru örvhent. Ýmsar rannsóknir benda til þess að munur sé á örvhentum og rétthentum. Samkvæmt ástralskri rannsókn sem birtist í fyrra geta örvhentir hugsað hraðar en rétthentir þegar þeir takast á við verkefni eins og að spila tölvuleik eða við íþróttir. Franskir vísindamenn fundu út að það að vera örvhentur geti verið kostur þegar til handalögmála kemur. Sumar rannsóknir benda til þess að örvhentir geti verið í meiri áhættu við að fá suma sjúkdóma og að lenda í slysum. - sdg

Innbrot í fyrirtæki og bátahús:

## Veiðistöngum og mótor stolið

**LÖGREGLUMÁL** **Brotist var inn í fyrirtæki í Mosfellsbæ aðfaranótt þriðjudags. Að sögn lögreglu hafði útidyrahurð fyrirtækisins verið spennt upp og náðu þjófarnir að hafa þaðan á brott með sér fjóra tölvuskjái og eina fartölvu.**

**Þá var brotist inn í bátaskýli við Meðalfellsvatn þessa sömu nótt. Líklega hefur þjófurinn verið í veiðihug því hann stal utanborðsmótor og tveimur veiðistöngum.**

**Ekki er vitað hver eða hverjir voru þarna á ferð og eru málin í rannsókn.** - þo

Guðlaugur Þór setur forstjóra:

## Nýr forstjóri Lýðheilsustöðvar

**HEILBRIGÐISMÁL** Þórólfur Þórlindsson hefur verið settur forstjóri Lýðheilsustöðvar til eins árs af Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.



**ÞÓRÓLFUR ÞÓRLINDSSON**

Þórólfur tekur við starfinu af Önnu Elísabetu Ólafsdóttur sem hefur gegnt starfinu í fjögur ár. Þórólfur hefur gegnt starfi prófessors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Þar hefur hann sinnt rannsóknum á hegðan ungmenna og birt niðurstöðurnar í alþjóðlegum tímaritum ásamt því að rita bækur um efnið, segir í tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu. - aví

Ráðherra í Malasíu:

## Segir hýðingu réttlætanlega

**MALASÍA, AP** **Ráðherra í ríkisstjórn Malasíu segir ekkert athugavert við að refsa brotamönnum með því að hýða þá. Hann segir það ekkert stórmál þótt sex mínútna löngu myndbandi, þar sem hýðing er sýnd, hafi verið lekið á netið.**

**Lögmannaráð Malasíu hefur mótmælt hýðingu og vakti athygli á myndbandinu á vefsíðum sínum til að sýna fram á hve óhugnanleg refsing þar er á ferðinni. Fanginn á myndbandinu var óhikað barinn áfram þótt húðin væri orðin alblóðug og sundurtætt.**

**Fu Ah Kiow, aðstoðarinnanríkisráðherra, segir myndbandið hafa verið tekið upp fyrir nokkrum árum og sé notað í uppfræðingarskyni.** - gb

# Athugað hvort vegakerfið virki í neyð

**Verkfræðistofan Línuhönnun vinnur nú að áhættugreiningu á umferðinni í Reykjavík. Helstu hnútpunktar í umferðinni verða skilgreindir og áhrif þess ef þeir stífluðust, til dæmis vegna hamfara. Tillögur að úrbótum munu fylgja.**

**SAMGÖNGUR** „Það hefði gífurleg samfélagsleg áhrif ef til dæmis Kópavogsgjáin myndi hrynja í jarðskjálfta,“ segir Böðvar Tómasson, verkfræðingur hjá Línuhönnun, sem vinnur að greiningu á helstu hnútpunktunum í umferðinni, til að varpa ljósi á hversu mikið álag vegakerfið þolir.

„Við reiknum líkurnar á því að það verði eitthvert slys eða óhapp svo að hnútpunkturinn detti út og umferð stöðvist í einhverja daga. Við viljum vita hversu mikil áhrif slysið hefði á umferðarkerfið og umferðarhegðun, því við vitum að þol kerfisins er tiltölulega lítið. Smáslys í Ártúnsbrekkunni hafa skapað miklar tafir, sem hafa mikinn samfélagslegan kostnað í för með sér,“ segir Böðvar.

Rýmingaráætlun, eða áætlun um flóttaleiðir úr borginni, hefur ekki verið unnin fyrir Reykjavík, að öðru leyti en því að lögreglan getur brugðist við hamförum með því að breyta umferðarstefnu þannig að allar akreinar stefni í eina átt; út úr borginni.

„En með þessu verkefni fáum við ákveðna hugmynd um þessa þætti. Það væri því mjög eðlilegt framhald að gera rýmingaráætlun,“ segir Böðvar. „Niðurstaða greiningarinnar á að leiða í ljós hverjir eru hættulegustu hnútpunktarnir og hvernig mætti auka áfallaþol,“ segir hann og tekur sem dæmi göng gegnum Öskjuhlíð, sem myndu minnka álagið á Miklubrautina.

Böðvar bendir á að ekki einungis umferð bíla raskist í hugsanlegum hamförum, heldur séu innviðir borgarinnar samtvinnaðir. „Infrastrúktúrinn er að miklu leyti samtengdur. Í brúm liggja til dæmis rafmagnsleiðslur og óhöpp gætu því haft víðtæk áhrif.“

Þannig gæti löskuð brú slökkt umferðarljós á mun stærra svæði og haft margfeldisáhrif.

Vegagerðin styrkir verkefnið og slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu hefur sýnt áhuga á samstarfi því tengdu til að geta stjórnað flæði umferðar út úr borginni við neyðaraðstæður. Nýting vegakerfisins er enda mikil nú þegar og lítið svigrúm til staðar, komi eitthvað upp á.

„Það er mjög mikilvægt að setja ekki öll eggin í sömu körfuna og því eru þetta nauðsynlegar viðbótarupplýsingar til að byggja upp vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu.“

klemens@frettabladid.is




**HNÚTPUNKTAR** Stærð þríhyrninganna segir til um mikilvægi punktanna og álag á þeim. Unnið er að greiningu á þeim og hvað megi gera til að tryggja framgang umferðarinnar, fari svo að hún stíflist á punktunum. MYND/LÍNUHÖNNUN



**UMFERÐARÞUNGI** Ekki þarf meira en sólskin um helgi til að umferðaræðar Reykjavíkur stíflist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ÁHÆTTU- OG ÁFALLAÞOLSGREININGIN

Slys, sprengjuhótanir og jarðskjálftar eru meðal þess sem getur haft áhrif á flutnings- og rýmingarþörf höfuðborgarsvæðisins. Meðal þess sem áhættu- og áfallaþolsgreining vegakerfisins felur í sér er eftirfarandi:

1. Að greina áhættuþætti eða hnútpunkta eins og brýr og gatnamót. Athuga hversu mikið álag er á þeim.
2. Að greina líkurnar á því að punktarnir verði fyrir áföllum, vegna innri og ytri hættu.
3. Að greina afleiðingar áfalla; hvernig umferðin dreifist ef ákveðinn hnútpunktur stíflast.
4. Að athuga hvaða möguleikar eru þá til að koma umferðinni áfram.
5. Að koma með tillögur um hvernig megi bæta þol kerfisins og byggja það upp í framtíðinni.




KRÓNAN
fyrst og fremst.
... ódýr
NÝ KYNSLÓÐ
Í LÁGVÖRUVERSLUN
á Granda!
Stór verslun
7000 vörunúmer!
Um er að ræða einstaklega stóra og rúmgóða
verslun þar sem ferskleiki
og fjölmargar nýjungar munu ráða ríkjum og
verður með þessari opnun komin
“Ný kynslóð í lágvöruverslun” á granda.
Krónan – Fiskislóð 15 - 21 – Reykjavík
Opið frá kl 11 - 19 alla daga!

Opið 9-21




UNGNAUTALUNDIR
3.698 kr. kg
Nóatún mælir með!




LAMBAFILLET M/FITURÖND
2.698 kr. kg
Þú sparar 600 kr. kg




GRÍSALUNDIR M/SÆLKERAFYLLINGU
2.629 kr. kg
Nóatún mælir með!



KJÚKLINGABRINGA MARINERUÐ
2.239 kr. kg
20% afsláttur




LAMBAINNRALÆRI SPJÓT TOSCANA
498 kr. stk.
Þú sparar 150 kr. stk.




LAXASTEIK M/HVÍTLAUK
998 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg



30% afsláttur
Úrval af VSV humri!



MYLLU FJÖLKORNA SAMLOKUBRAUÐ
199 kr. stk.



MAÍSSTÖNGLAR FERSKIR USA
119 kr. stk.



BÖKUNARKARTÖFLUR Í LAUSU
149 kr. kg



Gómsætir íslenskir tómatar!

Opið alla verslunarmannahelgina: lau. 10-21 sun. 11-21 og mán. 11-21


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á lambalæri!
Goða
súpukjöt
329 kr. kg
Þú sparar
399
kr. kg
NÓATÚNS LAMBALÆRI
MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM
1.499 kr. kg.
Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!
SS KRYDDLEGNAR
GRÍSAKÓTELETTUR
1.269 kr. kg
25% afsláttur
MÓA APPELSÍNU
LÆRI/LEGGIR
449 kr. kg
20% afsláttur
SS NY HAMBORGARAR
2X125 GRÖMM
388 kr. pk.
25% afsláttur
NÓATÚNS
ELDHÚSRÚLLUR
299 kr. pk.
10% afsláttur
6x1 lítri!
COKE OG COKE LIGHT
6 X 1 LÍTRI
499 kr. stk.
Lay's snakk
á góðu kvöldi!
LAY'S FLÖGUR
200 G
199 kr. pk.
Verði ykkur að góðu!

## ÚTGJÖLDIN

> Þróun á neyslu hvítvíns annars vegar og vodka hins vegar frá 2000 til 2006




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÁSGEIR EYÞÓRSSON DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR Á RÁS 2

## *Ungbarnasundnámskeið voru góð kaup*

„Bestu kaupin myndi ég telja vera þegar ég festi kaup á ungbarnasundnámskeiðum fyrir syni mína Arnar Þór og Ágúst Elí kornunga,“ segir Ásgeir Eyþórsson kynningarstjóri og dagskrárgerðarmaður á Rás 2. „Mig grunar að ég hafi verið vatnshræddur á unga aldri og það var ekki fyrr en ég komst á unglingsár að ég áttaði mig á hvað vatnið er frábært. Nú finnst mér einstaklega hressandi að taka góða sundspretti reglulega. Sundnámskeiðin sem ég keypti fyrir syni mína hafa einmitt skilað sér í því að þeir eru báðir miklir sundgarpar og þeim þykir fátt skemmtilegra en að skella sér í sund.“

„Verstu kaupin eru þó nokkur en það er sérstaklega eftirminnilegt þegar ég keypti glænýjan og rándýran HM-bolta fyrir Knattspyrnufélagið Knött sem hefur verið starfrækt undanfarin sextán ár. Bolti þessi hafði verið í leik í heilar 30 sekúndur þegar hann small í samskeytum annars marksins og sprakk með hvelli eftir þrumueglu Þórhalls Jónssonar, núverandi verslunarstjóra 12 Tóna í Danmörku. Síðan þá höfum við aðallega notað eldgamlan prómóbolta sem ég fékk að gjöf frá Sony Music fyrir nokkrum árum og hann svínvirkar enn þann dag í dag, það er ef ég man eftir því að pumpa reglulega í hann.“



## GÓÐ HÚSRÁÐ
### VÖKVUN Á BLÓMUM

■ *Jóhanna Daðadóttir handverkskona gefur góð ráð um hvernig halda á blómum á lífi.*



„Setja appelsínubörk í vatn og vökva blómin með því. Það er svo mikið vítamín í berkinum,“ segir Jóhanna Sigurlaug Daðadóttir handverkskona á Akureyri. „Þetta gerði hún tengdamóðir mín alltaf, hún setti líka eggjaskurn út í vatn. Ég gerði það líka en það er orðið langt síðan. Það er mjög gott að nota appelsínubörk til að vökva, þær gerðu þetta kellurnar í gamla daga. Þetta er fínasti blómaáburður.“

■ **Tímarit**

## Þýdd tímarit eru dýrari á íslensku

Á Íslandi koma út nokkur tímarit sem eru fyrst og fremst þýdd. Þau eru Lifandi vísindi, Sagan öll og Sagan. Þau eru öll dýrari á íslensku en á frummálinu þótt vinnan við þau sé fyrst og fremst þýðingarvinna. Sagan öll er þó að stórum hluta frumunnið íslenskt efni. Sagan öll í íslenskri þýðingu kostar 995 krónur en 865 krónur á frummálinu, Lifandi vísindi kostar 935 krónur á íslensku en 740 krónur á frummálinu. Sagan kostar 2.990 krónur á íslensku en 1.150 krónur á frummálinu og er því nærri þrisvar sinnum dýrara á íslensku þrátt fyrir að þar sé ekkert efni frumunnið.



■ **Dýrast/ódýrast**

## Dýrast á þjóðhátíð



Dýrast er á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum af þeim útihátíðum sem haldnar eru um verslunarmannahelgina. Þar kostar miðinn 9.900 krónur í forsölu en 11.900 krónur við hliðið. Frítt er inn á fjölmargar hátíðir og má þar nefna Síldarævintýri á Siglufirði, Eina með öllu á Akureyri og Neistaflug í Neskaupstað. 5.500 krónur kostar á landsmót unglinga á Höfn í Hornafirði og 2.500 krónur á Sæludaga í Vatnaskógi fyrir fullorðna en ókeypis fyrir börn.






**SAMA VERÐ FYRIR ALLA** Stórum hjólhýsum hefur fjölgað á tjaldsvæðunum í sumar. Gestir þeirra greiða yfirleitt það sama fyrir nóttina og þeir sem sofa í litlu tjaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sama gjald fyrir tjöld og hjólhýsi

**Tjaldvögnum, fellihýsum og hjólhýsum fjölgar stöðugt og dýrir vagnar seljast nú sem aldrei fyrr. Á flestum tjaldsvæðum landsins greiða menn sama gjald fyrir nóttina hvort sem gist er í litlu kúlutjaldi eða stærðarinnar hjólhýsi. Það þykir mörgum ósanngjarnt.**

Yfirleitt kostar nótt á tjaldsvæði á bilinu 700 til 800 krónur. Tungudalur við Ísafjörð er eitt fárra stórra tjaldsvæða þar sem gestir borga minna fyrir gistingu í tjaldi en gistingu í tjaldvagni eða fellihýsi.

„Við fengum mikið af kvörtunum frá fólki sem þótti ósanngjarnt að allir borguðu það sama svo við brugðum á það ráð að lækka gjaldið fyrir tjöldin,“ segir Davíð H. Barðason, einn umsjónarmanna tjaldsvæðisins.

Sala á eftirvögnum heldur áfram að aukast á milli ára og á sumum tjaldsvæðum, til dæmis á Akureyri og í Reykjavík, eru það nánast eingöngu útlendingar sem sofa í tjöldum.

„Íslendingar kjósa þægindi,“ segir Gunnar Jónsson, sölustjóri Tjaldvagnalands hjá Seglagerðinni Ægi. Hann segir að salan hafi verið gríðarmikil í ár og vagnarnir verði sífellt stærri. „Aukningin er mest í sölu á hjólhýsum og fellihýsum en sala á tjaldvögnum dregst saman. Aukningin er því mest í dýru vögnunum en hjólhýsi getur kostað á fimmtu milljón,“ segir Gunnar sem telur eðlilegt að þeir sem ferðist með slíka vagna borgi meira fyrir gistingu en þeir sem eru með lítil tjöld.

Á Blönduósi var lengi vel ódýrara að sofa í tjaldi en í eftirvagni en því hefur nú verið breytt. „Okkur þótti eðlilegra að hafa bara sama gjald fyrir alla. Þótt tjöldin taki minna pláss þá er það oft þannig að tjaldbúar nýta sér frekar þjónustu tjaldsvæðisins,“ segir Heiðar Óskarsson, umsjónarmaður tjaldsvæðisins á Blönduósi. Hann segir að ekki hafi verið mikið kvartað vegna þessa.

Sigríður Snorradóttir, umsjónarmaður tjaldsvæðisins í Húsafelli, tekur í sama streng og segir að það borgi sig að hafa verðskrána sem einfaldasta. „Tjaldsvæðið hefur náttúrlega minnkað um helming því hver eining tekur alltaf meira og meira pláss,“ segir Sigríður og bætir því við að þótt fólk sé með dýran og stóran útbúnað sé það yfirleitt ekki tilbúið til þess að borga meira fyrir þjónustuna.

thorgunnur@frettabladid.is

### NÝSKRÁNINGAR EFTIRVAGNA FYRSTU SJÖ MÁNUÐI ÁRSINS

| | 2005 | 2006 | 2007 |
|---|---|---|---|
| Fellihýsi | 37* | 408 | 493 |
| Hjólhýsi | 356 | 575 | 652 |
| Tjaldvagnar | 691 | 291 | 275 |
| Samtals | 1085 | 1276 | 1420 |

* Til að byrja með voru fellihýsi skráð sem tjaldvagnar.




# TEKJUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG



**Vefurinn:** Vaktin

Íslenskur neytendavefur þar sem verð á algengum tölvuhlutum eru tekin saman og birt á einum stað.

www.vaktin.is

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**SKÝRING:** HLAÐVARP

## *Áskrift að útvarps- og sjónvarpsþáttum*

Notendum fréttavefjarins mbl.is var nýlega boðið upp á hlaðvarpsþjónustu (e. podcast), þar sem hægt er að hala niður útvarps- og sjónvarpsefni á tölvuna eða tónlistarspilara á borð við iPod.

**Hvað er hlaðvarp?**
Hugtakið podcast, eða hlaðvarp, varð til fyrir nokkrum árum, í kjölfar mikilla vinsælda iPod-spilaranna frá Apple. Það er ákveðin tegund af hljóðskrám sem dreift er gegnum netið og er sérstaklega hönnuð til þess að hlaða inn á tónlistarspilara og taka með sér. Hægt er að gerast áskrifandi að ákveðnum hlaðvörpum og láta tölvuna hala sjálfkrafa niður nýjum þáttum um leið og þeir koma á netið.

**Hvað get ég hlustað á?**
Sem dæmi um íslensk hlaðvörp eru ýmsir þættir og útvarpsleikrit Rásar 1, fréttamyndskeið af mbl.is og Kompásþættir Stöðvar 2. Af erlendum hlaðvörpum, sem eru mörg þúsund talsins, eru frétta- og umræðuþættir langvinsælastir. Breska fréttastofan BBC býður upp á tæplega hundrað mismunandi útvarps- og sjónvarpsþætti sem hægt er að ná í og hlusta á endurgjaldslaust.



**Hvar finn ég hlaðvörp?**
Af íslenskum fjölmiðlum bjóða RÚV og Mbl.is upp á hlaðvörp til að hala niður, en einnig má nálgast sjónvarps- og útvarpsþætti á vefnum podcast.is. Erlend hlaðvörp er best að finna og hala niður með iTunes-tónlistarforritinu.

**Hvað þarf ég?**
Til þess að hlusta á hlaðvarp þarftu nettengda tölvu, forrit til að ná í þáttinn og svo þáttinn sjálfan. Vinsælasta forritið er iTunes frá Apple, sem hægt er að nálgast á www.itunes.com. Ef þú vilt geta hlustað á ferðinni þarftu einnig iPod eða einhvern álíka tónlistarspilara.

**TÆKNI- OG VÍSINDAHEIMURINN**

### Sýndarfjárhættuspil bannað

Allar tegundir fjárhættuspila hafa verið bannaðar í sýndarheiminum Second Life. Ákvörðunin þykir til marks um aukinn áhuga stjórnvalda á því sem fólk gerir í sýndarheimum, en hingað til hefur gestum Second Life verið leyft að spila að vild upp á Linden-dollara, sem er gjaldmiðillinn í heiminum.

### Raðað eftir útblæstri



Bretar eiga nú auðveldara með að velja sér umhverfisvænni farkost þegar þeir huga að bílakaupum. Samgönguráðuneyti þeirra opnaði nýlega vef þar sem hægt er að raða mismunandi bíltegundum eftir því hvað þær gefa mikið af koltvísýringi frá sér. Síðuna má finna á slóðinni www.dft.gov.uk/ActOnCO2.

### Aflæsti iPhone að hluta til



Áströlskum tölvusnillingi hefur tekist að aflæsa iPhone þannig að hægt sé að hringja úr honum á ástralska Telstra-kerfinu. Almennt er aðeins hægt að nota símann á kerfi AT&T í Bandaríkjunum. Ekki er enn hægt að taka við símtölum eða senda smáskilaboð. Síminn kemur til Evrópu í byrjun næsta árs, en takist að aflæsa honum verður hægt að panta hann að utan og nota hann hérlendis áður en hann kemur út hér á landi.

### Leysiprentarar sagðir hættulegir

Leysiprentarar á skrifstofum geta haft svipuð áhrif á lungun og reykur úr sígarettum. Ástralskir vísindamenn rannsökuðu fjölda tegunda af leysiprenturum og komust að því að um þriðjungur þeirra gefur frá sér hættulega mikið af prentdufti. Eindirnar í duftinu geta valdið ýmiss konar heilsuvandamálum, allt frá ertingu í lungum til alvarlegri sjúkdóma.

Búlgaría
20. ágúst frá kr. 49.995
Sértilboð - Glarus íbúðir

Golden Sands í Búlgaríu hefur slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú frábært tilboð á Glarus íbúðahótelinu. Nýlegar og fallegar íbúðir meða einu svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhúskrók, síma og gervihnattasjónvarpi. Góður sundlaugagarður með barnalaug og sólbekkjum, veitingastað, snyrtistofu og fleiru. Golden Sands býður þín með með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf.




Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 • www.terranova.is
Akureyri símim: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500

# Bylting í dreifingu og miðlun sjónvarpsefnis

**BBC býður áhorfendum upp á að hala niður sjónvarpsþáttum og horfa á þá hvenær sem þeim hentar. Þjónustan er ein mesta byltingin í dreifingu sjónvarpsefnis í mörg ár.**

Breska ríkissjónvarpið, BBC, hleypti af stokkunum nýrri þjónustu á dögunum þar sem áhorfendur geta halað niður sjónvarpsþáttum síðustu viku og horft á hvenær sem er. Sjónvarpsstöðin Channel 4 býður nú þegar upp á svipaða þjónustu. Breskir áhorfendur geta einir nýtt sér þjónustuna.

Þjónustan, sem kallast iPlayer hjá BBC, þykir bylting í miðlun sjónvarpsefnis. Í stað þess að þurfa að haga eigin sjónvarpsáhorfi eftir dagskrá sjónvarpsstöðvanna geta áhorfendur nú horft á uppáhaldsþætti sína þegar þeir vilja. Í sjö daga eftir sýningu geta áhorfendur náð í sjónvarpsþætti á netið og horft á þá allt að þrjátíu dögum eftir að náð var í þá.

Eyjólfur Valdimarsson, forstöðumaður þróunarsviðs hjá Ríkisútvarpinu, segir ekki búið að ákveða hvort RÚV muni bjóða upp á svipaða þjónustu, en nú þegar geti áhorfendur horft á mikið af sjónvarpsefni í gegnum netið á ruv.is. Það er þó aðeins hluti efnisins sem sýnt er á sjónvarpsrásinni og eingöngu hægt að streyma því af netinu en ekki hala því niður og horfa á hvenær sem er.

Magnús B. Sveinsson, tæknistjóri hjá Skjánum, tekur í svipaðan streng og segir enga ákvörðun hafa verið tekna um svona þjónustu þar.




**IPLAYER** Til þess að hala niður sjónvarpsþáttunum er notað sérstakt forrit sem BBC hefur látið þróa. Hægt er að ná í þætti og annað sjónvarpsefni í allt að sjö daga eftir sýningu.

„Eins og er bjóðum við upp á þætti sem við framleiðum á netinu, en til að sýna aðra þætti þyrftum við að borga mun meira vegna réttinda. Þetta er samt mjög sniðug þjónusta, og ef neytendur kalla eftir henni er ég viss um að það verður skoðað hjá okkur. Eins og er sé ég ekki þörfina fyrir þetta."

Gestur G. Gestsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs hjá Vodafone, segist eiga von á að þjónustan, sem kallast „catch-up TV" í sjónvarpsbransanum, verði í boði hjá fyrirtækinu í haust. Þá muni áskrifendur hafa kost á því að horfa á þætti í þrjá eða fjóra daga eftir að þeir eru sýndir.

Byrjað var að þróa iPlayer-þjónustuna árið 2003, og hét hún þá Integrated Media Player. Síðan þá hefur hún breyst þó nokkuð og var opnað fyrir fyrstu skráningar áhorfenda hinn 27. júlí.

Viðtökurnar hafa verið að mestu leyti góðar, en sumir hafa kvartað yfir tæknilegum vandræðum við að sækja sjónvarpsþætti á netið.

Forritið sem notað er hefur einnig verið gagnrýnt fyrir að virka aðeins á Windows XP stýrikerfinu, en ekki Windows Vista eða OS X stýrikerfinu fyrir Macintosh-tölvur. BBC hefur lofað að helstu hnökrarnir verði lagfærðir á næstu mánuðum.

salvar@frettabladid.is

Frambjóðendur Repúblikanaflokksins vilja ekki taka þátt í nýstárlegum kappræðum:

# Óttast YouTube-kynslóðina

Óvíst er að verði af YouTube-kappræðum milli þeirra sem sækjast eftir forsetatilnefningu Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum. Aðeins þrír frambjóðendur hafa staðfest þátttöku sína í kappræðunum, aðrir afþökkuðu boðið eða sögðust ekki komast vegna tímaskorts, þar á meðal fyrrum borgarstjóri New York, Rudolph Giuliani. Þetta kemur fram á fréttavef Reuters.

Sams konar kappræður voru haldnar með frambjóðendum Demókrataflokksins um daginn, og þóttu takast mjög vel. Almenningur gat sent inn spurningar á myndbandi í gegnum YouTube-myndbandsvefinn og voru tæplega fjörutíu valdar fyrir útsendinguna. Spurningarnar þóttu mun beittari og hreinskilnari en í hefðbundnum kappræðum, sem fleiri horfðu á en nokkru sinni fyrr.

Þar sem Repúblikanaflokkurinn skikkar frambjóðendur sína ekki til þess að taka þátt í kappræðunum, eins og Demókrataflokkurinn gerði, er alls óvíst hvort nógu margir taki þátt til að þær verði haldnar. Ótti við að þurfa að svara óþægilegum spurningum frá almenningi er talinn vera möguleg ástæða fyrir dræmum viðbrögðum frambjóðendanna. - sþs



**Í KAPPRÆÐUM** Frambjóðendur Demókrataflokksins, John Edwards, Hillary Clinton og Barack Obama, tóku þátt í YouTube-kappræðum í síðustu viku.


Allt að 50% afsláttur af skóm
Allt að 50% afsláttur af veiðivörum
Verslanir okkar eru lokaðar alla verslunarmannahelgina
Lokadagar
Sumarmarkaðnum lýkur 3. ágúst
Sprengfull búð af frábærum tilboðum!
30% afsláttur
Útilegu-vörur í úrvali
Grill á góðu verði
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

# ÓDÝRT Í KRÓNUNNI FYRIR FERÐALAGIÐ

40% afsláttur
1498 kr. kg
Móa kjúklingabringur

50% afsláttur
1169 kr. kg
Grísalundir

25% afsláttur
1198 kr. kg
Goða grísalærvöðvar Piri Piri

4 hamborgarar og brauð
398 kr. pk.
Krónu grillhamborgarar með brauði

30% afsláttur
1279 kr. kg
Goða lambaframpartssneiðar, marineraðar

2 lítrar
69 kr. 2 ltr.
7 UPFree 2 ltr.

25% afsláttur
598 kr. kg
Kea hangiframp. m. beini

500 g
198 kr. pk
Bautabúrs hrásalat eða kartöflusalat

159 kr. stk.
Eðalfiskur brauðsalat

33% afsláttur
Goða hangiálegg bunki

KRÓNAN fyrst og fremst.

... ódýr



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.496 **+1,56%**

**Fjöldi viðskipta:** 830
**Velta:** 12,912 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| ATORKA | 2,17% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| CENTURY AL. | 5,40% |
| EIK BANKI | 3,25% |
| EXISTA | 3,01% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,40 +2,17% ... Bakkavör 67,20 -1,03% ... Eimskipafélagið 40,20 -1,35% ... Exista 37,10 -3,01% ... FL Group 27,55 -1,78% ... Glitnir 29,50 -1,67% ... Icelandair 28,95 -1,03% ... Kaupþing 1.209 -1,79% ... Landsbankinn 39,65 -0,50% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,85 -1,88% ... Össur 108,00 -1,82% ... Teymi 5,63 -1,92%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Lítillæti Hannesar**

FL Group skilaði uppgjöri í gær og var hagnaður félagsins rúmir 23 milljarðar á fyrstu sex mánuðum ársins. Menn þar á bæ eru himinlifandi með árangurinn, enda umfram spár auk þess að vera margfalt meiri hagnaður en fyrir sama tímabil í fyrra. Fram kemur í tilkynningu frá FL Group að hagnaðurinn sé 304 prósentum meiri heldur en á sama tíma fyrir ári. Hannes Smárason forstjóri virðist þó ekki jafn sleipur í reikningi og menn skyldu halda og lætur hafa eftir sér að hagnaður félagsins hafi þrefaldast frá fyrra ári. Svo er hins vegar ekki því hagnaðurinn var 5,7 milljarðar króna á fyrri árshelmingi ársins 2006, en 23,1 á nýliðnum árshelmingi. Því væri rétt að segja að hagnaður félagsins hefði aukist um 304 prósent, og fjórfaldast.



**Tívolígjaldmiðill**

Íslenska krónan er í sannkallaðri rússíbanareið og áhættufjárfestar flýja landið í stórum stíl, skrifar Ole Mikkelsen í Berlingske Tidende. Ole fjallar um fall krónunnar síðustu daga og segir braskara til skamms tíma hafa stundað lántöku í Japan, þar sem vextir eru nánast í núllpunkti, og fjárfest á Íslandi þar sem vextirnir séu svimandi háir. Ole er svartsýnn á framtíð íslensku krónunnar og hefur þetta eftir Lars Christensen, sérfræðingi Danske Bank: „Vinur minn spilar fótbolta í efstu deild á Íslandi. Ég ráðlagði honum að fá laun næstu tveggja mánaða í evrum eða dönskum krónum.“ Hafa ber þó í huga að danskir miðlar hafa löngum verið svartsýnir fyrir hönd íslensks efnahagslífs og hingað til ekki sannspáir.

## 365 skuldar sjö milljarða króna

365hf. hefur lokið endurfjármögnun að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallar. Áætlað er að vaxtagreiðslur félagsins lækki um sem nemur 220 milljónum króna á ári. Vaxtaberandi skuldir nema nú um sjö milljörðum króna.

Viðar Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs 365, segir endurfjármögnunina í samræmi við stefnu. Greitt var upp tveggja milljarða lán með 17 prósenta vöxtum.

Sala á hlut í Hands Holding upp á 1,5 milljarða var meðal annars notuð í greiðsluna. Samhliða var gengið frá fjármögnun hjá Landsbankanum upp á 3,3 milljarða og eldri lán greidd upp. **- óká**

## Metvelta hjá OMX í júlí

Velta á öllum mörkuðum OMX kauphallarsamstæðunnar nam að meðaltali 393,2 milljörðum króna á dag í júlí, og jókst um sextíu og sjö prósent sé miðað við júlí í fyrra. Aldrei hefur mælst meiri velta í júlímánuði.

Fjöldi viðskipta jókst um 85 prósent frá fyrra ári. Að meðaltali voru rúmlega hundrað sjötíu og þrjú þúsund viðskipti framkvæmd á dag í júlímánuði.

Mest viðskipti voru með bréf í Nokia, fyrir tæplega 47 milljarða að meðaltali á dag. Viðskipti með bréf í Eriksson námu tæpum 31 milljarði. Actavis var í þriðja sæti, sé miðað við umfang viðskipta. Að meðaltali var tæplega fjórtán milljarða velta með bréf í félaginu í júlí. Þessi miklu viðskipti skýrast að mestu af yfirtöku Novators á félaginu sem lauk í júlí. **- jsk**

# Horfa til óskráðra fjárfestinga

**Afkoma FL Group á fyrri hluta ársins er fjórfalt betri en á sama tímabili í fyrra. Félagið hagnast um átta milljarða króna á öðrum ársfjórðungi. Árshelmingurinn er sá besti í sögu félagsins.**

FL Group ætlar sér að auka vægi óskráðra fjárfestinga (private equity) á komandi misserum og taka þátt í afskráningum fyrirtækja af mörkuðum. Þetta kom fram í máli Hannesar Smárasonar, forstjóra FL, á kynningarfundi félagsins í gær.

Félagið hefur farið í vaxandi mæli inn í slíkar fjárfestingar, eins og í orkugeiranum í gegnum 43 prósenta hlut sinn í Geysi Green Energy. Geysir eignaðist Jarðboranir að fullu í gær og festi kaup á 32 prósenta hlut í Hitaveitu Suðurnesja á dögunum. Þá hefur Refresco, hollenski drykkjarvöruframleiðandinn, sem FL á tæpan helming í, lokið við fjórar yfirtökur á árinu. Hannes telur ljóst að virði

**STÆRSTU EIGNIR FL GROUP HINN 30.06.2007**

| Félag | Virði * | % Eign |
|---|---|---|
| Glitnir | 137,7 | 32,0% |
| Commerzbank | 63,8 | 3,2% |
| AMR Corp. | 33,7 | 8,3% |
| Finnair | 23,0 | 23,4% |
| Royal Unibrew | 13,1 | 24,4% |
| Refresco Holding | ? | 49,0% |

* Í milljörðum króna

Refresco hafi aukist verulega en félagið er bókfært á upphaflegu kaupvirði, um fimm milljörðum króna. Markmiðið er að þrefalda stærð fyrirtækisins á næstu 2-3 árum.

FL hagnaðist um rúma átta milljarða króna á öðrum ársfjórðungi og um alls 23 milljarða króna á fyrri hluta ársins. Þetta er besti fyrri árshelmingurinn í sögu félagsins, fjórfalt meiri hagnaður en á sama tíma í fyrra. Arðsemi eigin fjár var 22 prósent á öðrum ársfjórðungi.

„Við sáum mikinn vöxt fjárfestingartekna sem stærri efnahagsreikningur og aukin umsvif endurspegla,“ segir Hannes. Tekjur annars fjórðungs námu 9,1 milljarði króna en rekstrargjöld rúmum einum milljarði króna.

Eignir félagsins stóðu í 319,6 milljörðum króna í júnílok og höfðu vaxið um tæpan fjórðung frá ársbyrjun. Var eiginfjárhlutfall tæp 47 prósent. Fimm stærstu eignarhlutir félagsins námu 271 milljarði króna en þeir stærstu lágu annars vegar í fjármálafyrirtækjunum Glitni og Commerzbank og hins vegar í AMR, móðurfélagi American Airlines. „Okkur líður mjög vel með stærðina á efnahagsreikningum eins og er. Við getum augljóslega stækkað hann umtalsvert ef við viljum, en viljum líka halda háu eiginfjárhlutfalli.“ Handbært fé félagsins var 31 milljarður króna í lok júní og með því að nýta lánalínur er fjárfestingargeta FL um 70 milljarðar að öllu óbreyttu.

„Við horfum til þess að hlutirnir geti gengið vel á seinni árshelmingi. Það eru hins vegar miklar sveiflur á mörkuðunum eins og er en við teljum að þeir muni róast,“ segir Hannes spurður um útlitið fram undan.

**eggert@frettabladid.is**



**HANNES SMÁRASON Á FUNDI Í GÆR** Félagið horfir mjög til óskráðra fjárfestinga um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






# Innlán aukast um 500 milljarða króna

**Hagnaður Landsbankans nam 12,5 milljörðum króna.**

Hagnaður Landsbankans á öðrum ársfjórðungi nam 12,5 milljörðum króna eftir skatta. Það var yfir væntingum markaðsaðila en meðaltalsspá þeirra hljóðaði upp á 9,7 milljarða króna hagnað. Á fyrstu fyrstu sex mánuðum ársins nemur hagnaðurinn 26,3 milljörðum króna. Það er 29 prósentum meira en fyrsta hálfa árið 2006. Arðsemi eigin fjár nemur 39 prósentum.

Hreinar rekstrartekjur annars ársfjórðungs námu 29,2 milljörðum króna. Á fyrstu sex mánuðum ársins námu þær 58,6 milljörðum króna sem er 27 prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra.

Innlán frá viðskiptavinum jukust um 274 milljarða króna á ársfjórðungnum. Þar spilar Icesave-sparnaðarleiðin í Bretlandi, sem bankinn fór af stað með í október síðastliðnum, stærst hlutverk. „Við höfum fengið hundrað þúsund viðskiptavini í gegnum þennan reikning og innlánin nema nú fimm hundruð milljörðum króna,“ segir Sigurjón. „Til samanburðar eru innlán Landsbankans á Íslandi, hjá einstaklingum og fyrirtækjum, 320 milljarðar sem safnast hafa upp á 121 ári.“

**HAGNAÐUR HLUTHAFA OG SPÁR Á 2. FJÓRÐUNGI 2007**

| Hagnaður | 12.248 |
|---|---|
| Spá Glitnis | 8.860 |
| Spá Kaupþings | 10.582 |
| Meðaltalsspá | 9.721 |

Aukin umsvif á erlendum innlánsmörkuðum hafa gert Landsbankann óháðari alþjóðlegum fjármálamörkuðum en áður. „Í dag eru alþjóðlegir fjármálamarkaðir óstöðugir og margir erlendir bankar því að lenda í sömu stöðu og við í fyrravor. Það má því segja að það hafi verið lán í óláni að lenda í þessu umróti,“ segir Sigurjón.

Fjárhagslegur styrkur Landsbankans er mikill. Heildareignir við lok júní námu 2.597 milljörðum króna. Eigið fé í lok júní nam 164 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfallið (CAD) er 12,5 prósent og fjárfestingargetan, án þess að til útgáfu hlutafjár þyrfti að koma, um þrjátíu milljarðar króna.

**- hhs**



Regnkápa 4.999



Taska 2.999



Stígvél 3.999



# Allt til alls



**Gasgrill**
**Outback**, Hunter EX, grillflötur 60x50 sm, þrír brennarar úr steypujárni, Flame Tame hlíf yfir brennurum, hitamælir á hlíf, auðþrífanlegur lekabakki, aðfellanleg hitagrind, 11,8 kW
3000237
**32.999**



11.900
~~14.900~~

**Gasgrill, Outback**
Omega 200EX, 50x36 sm grillflötur m/tvískiptum brennara, Flame Tamer hlíf yfir brennurum, emeleruð grillgrind, aðfellanleg hitagrind, neistakveikja, þrýstijafnari, 6,23Kw
3000235



**Gasgrill, Outback**
Trooper EX, grillflötur 48x50 sm, tveir brennarar úr steypujárni, Flame Tame hlíf yfir brennurum, hitamælir á hlíf, auðþrífanlegur lekabakki, aðfellanleg hitagrind, 7,87 kW
3000236
**27.999**

**26"**
**Impulse**
21 gíra **Shimano** skipting, **Heavy Duty** álstell, **Artek V** bremsur, álgjarðir, demparar að framan
3899973

AUTHOR



18.999
~~26.999~~

**20"**
**Energy**
6 gíra **Shimano** skipting, álgjarðir, **Artek V** bremsur, handbremsur, **Tektro** plast/ál
3899970

**20% afsláttur**
af öllum öðrum reiðhjólum
á meðan birgðir endast



9.999
~~13.990~~

Sama lága verðið um land allt

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# TÖLVU TILBOÐ

## Ferðatölvur og borðtölvur í miklu úrvali • Frábær tilboð




### ACER 2480

- Intel Celeron M440, 1.86GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- Combo DVD lesari CD skrifari
- 14,1" WXGA 1280x800 skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Ótrúlega létt aðeins 2.4KG
- Windows VISTA Home Basic

Acer 2480 fartölvan er frábær ferðatölva í skólann er aðeins 2.4KG og kemur með Windows Vista Basic

**59.900**

VE12 **5.902** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði




### PACKARD BELL MX67

- Intel Core Duo T2250 1.73GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA DiamondView skjár
- 128MB GeForce Go7400 skjákort
- Hágæða vefmyndavél í skjá
- Windows VISTA Home Premium

Ótrúlega vel búin fartölva með Bluetooth, FireWire, DVI, kortalesara, 2.1 hljóðkerfi og sjálfstæðu talnaborði

**109.900**

VE24 **5.867** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði




### ACER 5720G B

- Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP og 2.0 Dolby Home Theatre hljóðkerfi

**129.900**

VE36 **5.017** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði




### ACER 5920G

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce 8600GT skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, HDMI og 2.1 Dolby hljóðkerfi

**159.900**

VE48 **4.965** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði




### ACER 7520 A

- AMD Dual Core X2 TL50 1.7GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce Go7000 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi

**99.900**

VE12 **9.676** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði




### ACER 7520 B

- AMD Dual Core X2 TL53 1.8GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce 8400GS skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, DVI, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi

**116.900**

VE24 **6.225** Á MÁN | VE lán í 24 mánuði




### ACER 7520 C

- AMD Dual Core X2 TL56 1.9GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce 8400GS skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Ný kynslóð af ferðatölvum frá Acer með tveggja kjarna örgjörva, FireWire, DVI, vefmyndavél og 2.1 Dolby hljóðkerfi

**129.900**

VE36 **5.017** Á MÁN | VE lán í 36 mánuði




### ACER 7720G

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
- 256MB ATI HD X2300 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, DVI og 2.1 Dolby hljóðkerfi

**149.900**

VE48 **4.670** Á MÁN | VE lán í 48 mánuði

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl




Packard Bell®

# 17" SANTA ROSA FARTÖLVAN FRÁ PACKARD BELL

**Intel Core 2 Duo**
Nýjasti og einn öflugasti Santa Rosa Core 2 Duo örgjörvinn frá Intel með enn meiri hraða!

**17" DIAMOND VIEW**
Einn besti ferðatölvuskjárinn í dag, Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 8ms hraða

**512MB 8600GS**
Nýjasta og öflugasta skjákortið í dag með 512MB sjálfstætt minni og 1.28GB Turbo Cache

**SJÓNVARPSKORT**
Innbyggt Analog og Digital sjónvarpskort með glæsilegri VISTA Media Center fjarstýringu

**VISTA PREMIUM**
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar

**300Mbps DRAFT-N**
Nýjasti staðallinn í þráðlausu neti með 6x meiri hraða, 3x meiri drægni og áreiðanleika

- Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz 4MB örgörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB DUAL SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA Diamond View 8ms skjár
- 512MB GeForce 8600GS skjákort MEÐ HDMI
- 2.1 hátalarakerfi með innbyggðu bassaboxi
- BlueTooth 2.0 og 300Mbps þráðlaust net
- 1.3MP hágæða vefmyndavél innbyggð
- Sjónvarpskort með MCE fjarstýringu
- Windows VISTA Home Premium

**159.900**

VE24 **8.422** VE LÁN Í 24 MÁNUÐI

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**Packard Bell á Íslandi**
Tölvutek er umboðs- og dreifingaraðili Packard Bell á Íslandi. Í samstarfi við Packard Bell er Tölvutek að bjóða upp á nýjustu línu Packard Bell á ótrúlegu kynningarverði.

**Hágæða ferðatölvur**
Packard Bell er heimsþekkt merki í ferða- og borðtölvum og hefur verið lengi í bransanum. Packard Bell gerir alltaf aðeins betur en aðrir og er nýja vélin með sjónvarpskorti, Santa Rosa tækni frá Intel og fleiri nýjungar.

**Service Center**
Þjónustudeild Tölvuteks er viðurkennt Service Center fyrir Packard Bell á Íslandi og skartar einhverjum öflugustu tæknimönnum landsins með áratuga reynslu í þjónustu á fartölvum og tölvubúnaði.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lífsháskinn er ýktur en skrílslætin ekki.

## Einföld fræði

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ekki eru nokkrar líkur á að dragi úr skrílslátum og ófrið í miðbænum um helgar ef eitthvað er að marka orð Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns í Kastljósinu í fyrrakvöld.

Nú skal ekki fullyrt að sá málflutningur sem yfirlögregluþjónninn fór með í þættinum sé lýsandi fyrir stefnumörkun embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, en þó skyldi maður ætla að orð hans hefðu nokkra vigt. Og þá eru íbúar og gestir miðborgarinnar um helgar í vondum málum. Áfram.

Grípum niður í viðtalið við Geir Jón: „Lögreglan er ekki gangandi í miðbænum. Við erum í bílum og við erum með eftirlitsmyndavélar.“ Gott og vel. Þetta skipulag hlýtur þá að reynast svo glimrandi vel að engin ástæða sé til að breyta því, ekki satt? En bíðum hæg, vissulega er lífsháskinn sem er yfirvofandi hverjum þeim sem hættir sér niður í bæ stórkostlega ýktur. En um hitt er engu logið; um sóðaskapinn, glerbrotin, hömluleysið, fólkið sem gengur örna sinna í hverju horni, pústrana og ólætin. Allt er það dagsatt þó með ólíkindum sé. Getur verið að Geir Jóni og félögum hans finnist þetta vera í svo góðu lagi að ekki sé ástæða til að taka á ástandinu?

Auðvitað er ekki svo, eins og kom reyndar fram í viðtalinu við Geir Jón. En ekki var uppörvandi að heyra viðbrögð hans við spurningunni hvort það væri þá ekki skynsamlegt að hafa lögreglumenn sýnilega þar sem vandræða er von. „Ef lögreglan væri þarna maður á mann, þá gætum við kannski komið í veg fyrir þetta. En þá þyrftum við að vera mörg hundruð í miðborginni,“ sagði yfirlögregluþjónninn og hélt svo áfram: „Á að halda uppi skemmtanahaldi í miðborginni með því að lögreglan haldi í hendurnar á hverjum og einasta manni og gæti þess að hann muni ekki slá frá sér?“

Þetta er átakanleg þvæla og Geir Jón á að vita það manna best. Lögreglan í Reykjavík hefur sýnt að hún er fullfær um að hafa stjórn á mannfjölda í miðbænum þegar mikið liggur við. Eftir hörmungarástand á Menningarnótt árið 2005 mætti lögreglan vel undirbúin til leiks á síðasta ári. Áttatíu lögregluþjónar fóru fótgangandi um miðbæinn ásamt sérmerktum aðstoðarmönnum úr röðum björgunarsveita og starfsmanna Íþrótta- og tómstundaráðs. Þessi mikla og sýnilega gæsla fór ekki fram hjá neinum af þeim hátt í hundrað þúsund gestum sem gerðu sér ferð í bæinn. Árangurinn lét heldur ekki á sér standa því Menningarnótt fór þetta árið fram með allt öðrum og huggulegri hætti en árið á undan.

Trúi lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ekki eigin reynslu getur hún svipast um vestur til Los Angeles. Þar er starfandi sami lögreglustjóri og tók þátt í að koma á lögum og reglu í New York á sínum tíma. Þrátt fyrir að fækkað hafi í liði lögreglunnar í Los Angeles undanfarin fimm ár hefur William Bratton tekist ásamt mönnum sínum að fækka glæpum í borginni á sama tíma um þriðjung.

Aðferðafræðin er einföld. „Löggur á staðinn“ kallar Bratton stefnuna sem snýst um að hafa fjölmennan gangandi mannskap á þekktum afbrotastöðum. Á síðasta ári beindist athyglin aðeins að fimm slíkum stöðum í hinni geysivíðfeðmu Los Angeles, en árangurinn lét ekki á sér standa.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sýndi frábær vinnubrögð um síðustu helgi þegar hún kom upplýsingum fljótt og vel til borgaranna eftir harmleikinn á Sæbrautinni og sló þar með á ugg margra um að vopnaður undirheimalýður gengi laus.

Sú frammistaða var merki nýrra tíma. Vonandi voru orð yfirlögregluþjónsins í Kastljósi aðeins bergmál úr fortíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samkeppni á tekjublaðamarkaði



Frjáls verslun gaf í gær út tekjublað sitt, eins og síðustu ár, þar sem laun 2.500 Íslendinga úr hinum og þessum geirum eru talin upp. Samkeppni virðist vera komin í tekjublaðabransann því Mannlíf ákvað að leika sama leikinn og gaf einnig í gær út blað, þar sem eru birtar tekjur 2.500 Íslendinga. Blöðin eru nánast alveg eins, Mannlíf þó prentað með minna letri en með nokkrum myndum af mistekjuháum einstaklingum í spássíu. Það sem meira er þá kosta blöðin það sama, eða 899 krónur út úr búð.

### Hrifinn af samkeppni eður ei

Borgar Þór Einarsson, formaður Ungra sjálfstæðismanna, hefur verið dyggur talsmaður frjálsrar samkeppni síðustu ár. Ætla mætti að Borgar Þór væri sáttur við þá auknu samkeppni sem orðin er á tekjublaðamarkaðnum en slíkt er þó alls óvíst. Formaðurinn knái hefur gengið einna harðast fram í að mótmæla því að skattayfirvöld skuli birta yfirlit yfir tekjur Íslendinga einu sinni á ári.

### Mótmælendum mótmæla fjölgar hægt

Og meira af mótmælendum því fyrir rúmri viku síðan hófst undirskriftasöfnun á heimasíðunni depilhogg.com þar sem skorað er á náttúruverndarsamtökin Saving Iceland að hætta ólöglegum eignaspjöllum, umferðartöfum og skerðingu ferðafrelsis. Undirskriftasöfnunin hófst með ágætum og voru um átta hundruð manns búnir að skrifa undir á fyrstu sólarhringunum. Eitthvað virðist þó hafa dregið úr kraftinum og í gær voru 1.170 manns búnir að skrifa. Fjölgunin er því eitthvað um þrjú til fjögur hundruð manns á einni viku.



kristjan@frettabladid.is

# Mandela og Tútú



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Enn og aftur frá Suður-Afríku

Bílstjórinn okkar í Suður-Afríku á rætur að rekja til Malasíu, Indlands og Rússlands. Hann sleit barnsskónum á Svæði sex í Höfðaborg. Svæði sex var líf og sál borgarinnar. Þarna bjó fólk af ýmsum uppruna tugþúsundum saman í sátt og samlyndi: blökkumenn og hvítir og asískir, kristnir menn og múslímar og hindúar. Aðskilnaðarstjórn Þjóðarflokksins hafði náð völdum í landinu fyrir tilstilli örlítils nasistaflokks í þingkosningum 1948. Hún lýsti Svæði sex „hvítt“ 1966, rak íbúana burt eins og búfénað og jafnaði byggðina við jörðu með stórvirkum vinnuvélum. Þegar Desmond Tútú varð erkibiskup í Höfðaborg 1986, þurfti hann sem blökkumaður samkvæmt lögum að sækja um leyfi til að búa í borginni, en hann lét sér ekki detta það í hug, og lögreglan lagði ekki í hann.

Fjölskylda bílstjórans þurfti eftir 1966 að byrja upp á nýtt með tvær hendur tómar. Löngu síðar fékk hann augastað á húsi til að koma sér fyrir í með konu sinni og tveim börnum. Hann lagði nótt við dag og keypti húsið. Þá fékk hann bréf frá yfirvöldum. Hann hafði keypt húsið af ólögmætum eiganda. Nú var Afríska þjóðarráðið (ANC) komið til valda og veitti fyrrverandi eigendum kost á að endurheimta að einhverju leyti þær eigur, sem aðskilnaðarstjórnin hafði haft af þeim með ofbeldi. Bílstjórinn var virkur í hreyfingunni, en bar ekki vopn. Hann skildi, að nauðsyn bar til að skila þýfi Þjóðarflokksins aftur til réttra eigenda, en nú var hann aftur húsnæðislaus og allslaus. Þegar fjölskyldan hafði fundið sér leiguhúsnæði, sagði dóttir hans fimm ára við föður sinn: pabbi, við skulum hlekkja okkur við þetta hús. Þá féll ég saman, sagði bílstjórinn, þrjátíu árum eftir að þeir jöfnuðu Svæði sex við jörðu – fyrir það eitt að þar bjuggu ólíkir kynþættir saman í friði og spekt, og það rímaði ekki við hugmyndafræði aðskilnaðarstefnunnar. Við sigruðum á endanum, bætti hann við, en ég verð nú að láta mér duga að lifa lífinu fyrir börnin mín og brýna fyrir þeim, að þau láti söguna ekki endurtaka sig, aldrei. Baráttu minni er lokið: nú vinn ég fyrir hvíta manninn. Mig dreymir um að eignast eigin bíl. Við hlustuðum á söguna með kökkinn í hálsinum.

### Sambúð svartra og hvítra

Aðskilnaðarstefnan snerist ekki um sambúð svartra og hvítra. Lögmaður Nelsons Mandela og náinn vinur og samherji allar götur síðan árin eftir 1950 er hvítur. Hægri hönd Mandelas síðan 1994, þegar hann var kjörinn forseti, er hvít kona. Hvítum og svörtum semur jafnan vel í Suður-Afríku eins og á Svæði sex. Aðskilnaðarstefnan spratt í öndverðu af ofstæki og illvilja tiltölulega þröngs hóps hvítra manna, sem töldu sig verðskulda sjálfteknar sárabætur eftir ósigurinn fyrir Bretum í Búastríðinu 1899-1902. Upprisa aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku 1948 var þannig náskyld og nauðalík valdatöku nasista í Þýzkalandi fimmtán árum fyrr. Þjóðarflokkurinn fór hægar í sakirnar en Hitler og félagar og entist því lengur, en hugsjónin var sömu ættar.

Nelson Mandela og félagar hans í ANC urðu smám saman fráhverfir friðsamlegum mótmælum einum saman í anda Gandís og töldu sig þurfa á harkalegri aðferðum – hryðjuverkum! – að halda til að hnekkja aðskilnaðarstjórninni. Nafn Mandelas var ekki numið burt af hryðjuverkamannalista Bandaríkjastjórnar fyrr en 2003 – og þá til bráðabirgða. Hryðjuverkin skiptu þó ekki sköpum, heldur friðsamlegu mótmælin, sem kölluðu hyldjúpa andúð og fyrirlitningu svo að segja allrar heimsbyggðarinnar yfir aðskilnaðarstjórnina, svo að hún hlaut um síðir að falla. Eftir á að hyggja var hryðjuverkunum trúlega ofaukið, en Mandela segist samt ekki iðrast þeirra.

### Sannleikurinn gerir menn frjálsa

Þegar Mandela var sleppt úr haldi 1990, hvatti hann félaga sína í ANC til að leggja niður vopnin og boðaði frið, sátt og fyrirgefningu. Hann hafnaði fyrirmyndinni frá Nürnberg 1945-49, þar sem stríðsglæpamenn nasista voru margir dæmdir til dauða eða fangavistar. Einhliða réttlæti sigurvegara í stríðslok tryggir hvorki iðrun né fyrirgefningu og þá ekki heldur uppgjör við liðna tíð. Mandela og samherjar hans afréðu að gera heldur upp fortíðina í tvennu lagi: fyrst skyldi bjóða mönnum að játa sakir sínar fyrir Sannleiks- og sáttanefndinni, sem Desmond Tútú stýrði 1995-98, gegn sakaruppgjöf, og síðan mætti höfða mál gegn þeim, sem ekki þekktust boðið. Vitnisburðirnir fyrir nefndinni fengu hárin til að rísa á höfðum viðstaddra, aðrir grétu. Eitt fórnarlambið sagði: Við viljum fyrirgefa, en við vitum ekki, hverjum við eigum að fyrirgefa.

Fyrirgefningin hefur líklega aldrei átt öflugri og tilkomumeiri bandamenn í stjórnmálum en þá Nelson Mandela og Desmond Tútú – nema kannski Gandí.

# Skál, félagi!

**UMRÆÐAN**

Áfengi



SONJA B. JÓNSDÓTTIR

Ég er nýkomin af fótboltamóti barna og unglinga í Danmörku. Þar var seldur bjór í veitingatjaldi inni á íþróttasvæðinu. Eftir úrslitaleikinn flykktust dönsku drengirnir þangað, 15 til 16 ára gamlir, og keyptu sér bjór sem þeir drukku síðan fyrir utan tjaldið. Þetta var ófögur sjón sem hugnast ekki íslenskum foreldrum. Reyndar var stór hluti dönsku strákanna svo þunnur þennan laugardag að þeir gátu ekki spilað.

Ég furða mig á því að flokksbróðir minn og varaformaður Samfylkingarinnar líti á áfengislöggjöf eins og þá dönsku sem æskilega fyrirmynd fyrir Íslendinga. Ég furða mig líka á því að hann hunsi rannsóknir og reynslu innlendra sem erlendra meðferðaraðila og fræðimanna á sviði áfengismála, eins og hann gerði í Kastljósi sl. mánudagskvöld. Hann vill lækka vörugjald og auka forvarnir en neitar að hlusta á þau rök að reynslan og rannsóknirnar sýna að einu gildu forvarnirnar felast í því að takmarka aðgengi að áfenginu með aldurstakmörkunum, verðlagningu, auglýsingabanni og sölu í sérverslunum.

Foreldrar og kennarar geta talað sig hása um skaðsemi áfengisdrykkju án þess að það hafi mikil áhrif á börnin sem þeir eru að reyna að vernda fyrir hættum vímuefnaneyslunnar. Þetta þekkja margir af eigin raun og nú hafa vísindamenn staðfest það með rannsóknum sem sýna að eina ráðið til að koma í veg fyrir unglingadrykkju er einfaldlega það að banna hana með lögum og fylgja þeim fast eftir.

Þær þjóðir sem hafa lækkað áfengiskaupaaldurinn hafa komist að því að það færir unglingadrykkjuna enn neðar í aldri og veldur fleiri slysum og meira ofbeldi.

Íslenskar matvöruverslanir byggja á starfskröftum unglinga. Hvernig munu unglingarnir á kössunum bregðast við þegar jafnaldrar þeirra koma til þeirra með bjórkippurnar og léttvínsflöskurnar? Verður félagslegi þrýstingurinn ekki til þess að unga afgreiðslufólkið freistist til að selja vinum sínum þessi vímuefni?

Áfengi er ekki matur. Áfengi er vímuefni sem hefur áhrif á heila og taugakerfi. Heilinn er ekki fullþroskaður fyrr en við 20 ára aldur. Leyfum börnunum okkar að þroskast í friði og fylgjum eftir þeirri áfengislöggjöf sem við höfum. Göngum strangt eftir því að auglýsingabanninu verði framfylgt.

*Höfundur er myndlistarkennari og varaþingmaður.*



Allt sem skiptir máli!
VELJIÐ SJÁLF!
159 KR pakkinn
15 diskar 9"
10 djúpir 7"
8 hólfadiskar 10"
VELJIÐ SJÁLF!
30 glös 12 oz
18 glös 16 oz
VELJIÐ SJÁLF!
24 gafflar
24 skeiðar
24 teskeiðar
24 hnífar
VELJIÐ SJÁLF!
EKKERT BRUÐL
Tilboð í viku 31
BÓNUS
Ferskar svínakótelettur
Ferskar svínakótelettur kílóverð nú:
898 KR.
FERSKAR HOLTABRINGUR kílóverð nú:
1445 KR
Merkt verð 2408KR
Ferskar bringur
40% afsláttur við kassann
Ferðin byrjar í Bónus
Holtalæri/-leggir kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605KR.
Ferskir bitar
40% afsláttur við kassann
Holtavængir kílóverð nú:
179 KR.
Merkt verð 300KR.
500 ml
59 KR.
Pepsi MAX
APPELSÍN
20x 40g
500 ml
59 KR.
Coca-Cola light
Coca-Cola
Elitesse kassi
498 KR.
20 x40g
40 súkkulaðistykki í kassa
Opið til 20 í kvöld og 20 föstudagskvöld
Dregin er út matarkarfa í póstlista bonus.is að upphæð 20.000KR. í viku hverri til 1. sept.!


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ömmuflatkökur
59 KR.
Bónus hangiálegg
Fituminna hangiálegg
KÍLÓVERÐ NÚ:
1689
Merkt verð: 2825KR.
40% afsláttur
við kassann
Smyrill 300g
89 KR.
SJÓMANNSHARÐFISKURINN
Beinlaus ýsa
HARÐFISKUR 200g
798 KR.
Kílóverð 3998KR.
500 ml
49 KR.
EGILS PILLI
www.bonus.is
Svínakótelettur - svínahnakkasneiðar - lærissneiðar - bógssneiðar
30% afsláttur
við kassann
Grill svínakótelettur
979 KG KR.
Merkt verð 1398KR.
Svínahnakkasneiðar
Svínabógssneiðar
Svínalærissneiðar
839 KG KR.
Merkt verð 1198KR.
Skynsemin ve
HEILT KÍLÓ!
26
SNEIÐAR
Olía/vatn
59 KR.
185g
Smurostur
198 KR.
300g
Kílóbrauð!
98 KR.
3.8KR. sneiðin
Paprikuostur

1.000 kr. dagur í FLASH

- Allir sumarkjólar 1000
- Öll sumarpils 1000
- Allir sumarjakkar 1000
- Allir sumartoppar 1000

Og margt, margt fleira




FLASH

Laugavegi 54, sími 552 5201


# Keypti kjólinn klukkustund fyrir frumsýningu

***Dagný Rut Gísladóttir er mjög hrifin af ævintýralegum búningum og dramatík, en bara á bak við tjöldin.***

„Ég keypti uppáhaldskjóllinn minn klukkutíma fyrir frumsýningu á verkinu Virkjunin í Þjóðleikhúsinu. Þetta var fyrsta verkið sem ég vann að og það var svo vitlaust að gera að ég rétt náði að hlaupa niður í Rokk og rósir, þar sem ég fann hann í svörtum ruslapoka,“ segir Dagný Rut Gísladóttir búningakona.

Að eigin sögn hefur hún bæði prjónað og saumað út síðan hún var lítil og búningastarfið því eðlilegt framhald af því stússi. „Ég komst inn sem aðstoðarmanneskja fyrir tilviljun í Þjóðleikhúsinu og fann um leið að ég var á réttri hillu, enda algjört draumastarf,“ segir Dagný Rut, sem hefur komið að fjölda sýninga í Þjóðleikhúsinu og Íslensku óperunni auk þess að sjá um búninga í sjónvarpsauglýsingum.

Markmiðið er að vinna við búningahönnun í framtíðinni og þá helst við óperu- eða leikhús. „Ég er þegar komin inn í nám í búningahönnun í Barcelona en námið er það dýrt að ég ætla að vinna við þetta á meðan ég safna fyrir skólagjöldunum. Síðan langar mig mest til að fást við ævintýralega og dramatíska búninga,“ segir Dagný Rut, sem þrífst best á bak við tjöldin og er sjálf langt í frá dramatísk í klæðaburði.

„Ég er mjög hrifin af hönnun Humanoid og Marc Jacobs og hef mjög gaman af Vivianne Westwood. Síðan finnst mér gaman að kíkja í verslanirnar KronKron, Liborius og Trílogía hérna heima. Í útlöndum finnst mér hins vegar gaman að gramsa á mörkuðum eða komast í einhverjar litlar sérstakar búðir. Þá get ég alveg gleymt mér í sömu búðinni allan daginn enda er jafnvel að finna fjársjóði í svörtum ruslapokum,“ segir Dagný Rut.

*rh@frettabladid.is*



Dagný Rut Gísladóttir fann uppáhaldskjólinn í svörtum ruslapoka í versluninni Rokki og rósum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki




Stórfengleg húsgagna lagersala



Allt á að seljast
30% til 90% afsláttur

Mikið úrval af sófasettum, rúmum, hægindastólum, borðum ofl.
Leðurhornbogasófi frá 69.000
Leðursófasett frá 79.000

Dugguvogur 2 S: 557 9510



**Winona Ryder** er ein þeirra sem prýða myndaseríu nettímaritsins style.com. Þar er fegurð kvenna á ýmsum aldursskeiðum tíunduð og fallegar konur frá tvítugu til níræðs myndaðar.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar
SÚKKULAÐIVAX HAFRAVAX SÚKKULAÐISTRIMLAR FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Árbæjarapótek, Fjarðakaup og Lyfjaval

Flexitol Heel Balm
NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.

# Herraskór loks til sölu

***Bergdorf Goodman framleiðir sínar fyrstu skólínur fyrir herra.***

Sautján ár eru liðin síðan aðstandendur verslunarinnar Bergdorf Goodman stofnuðu fyrstu herrafataverslunina. Nú hafa þeir farið alla leið með því að framleiða í fyrsta sinn skólínur fyrir herra undir eigin vörumerki, sem fást í verslun fyrirtækisins í New York. Verður meðal annars hægt að velja úr 300 skógerðum frá hönnuðunum Alejandro Ingelmo og Thom Browne, ásamt skóm eftir Pierre Corthay, Bontoni og Kiton. *- rve*





Rósóttar skýlur verða heitar næsta sumar.



Sundföt frá Parke & Ronen fyrir sumarið 2008.



Rautt og seiðandi á ströndina..

grisport
Alvöru GÖNGUSKÓR
Stærðir 36-44 verð: 8.790.-
Stærðir 28-35 verð: 7.650.-
Stærðir 36-47 verð: 11.795.-
www.xena.is
xena
SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

OPIÐ ALLA HELGINA
Yfirhafnir í úrvali
50 - 70%
afsláttur af öllum síðum kápum
Jakkar aðeins 2 verð
2.900
5.900
Stuttkápur 2.900
Regnkápur 2.900
Opnunartími :
Laugardagur 10 - 16
Sunnudagur 12 - 16
Mánudagur 10 - 18
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518

# Á rósóttri skýlu

***Tískuvikan í Miami er nýafstaðin. Þar var baðfatatíska næsta árs kynnt.***

Miami er kjörinn staður til að kynna baðfatatískuna, og þyrptust þangað stórstjörnur til að sjá hvernig þær ættu að klæða sig á ströndinni næsta sumar.

Jessica Simpson kom, sá og sigraði á tískuvikunni en hún kynnti það eigin baðfatalínu sem vakti mikla lukku. Sjálf var hún léttklædd á sýningunni og skemmti sér konunglega á meðan leggjalangar fyrirsæturnar spókuðu sig á pallinum á bikiníum.

Strákarnir gleymdust ekki í öllu havaríinu. Næsta sumar eru skýlurnar þröngar með síðum skálmum. Rósóttar skýlur í bleikum og rauðum tónum voru áberandi ásamt röndóttum skýlum.

Hvað er að frétta?
Fréttir af fólki_
www.visir.is
vísir



Calvin Klein hefur fyrir löngu skipað sér sess meðal fremstu ilmvatnsframleiðenda heims.

# Nýtt frá Calvin Klein

***Euphoria Blossom er mildari útgáfa af verðlaunailminum Euphoria.***

Orðinu „euphoria“ er á ensku ætlað að lýsa svo miklu hamingjuástandi að jaðrar við æði. Þetta höfðu ilmvatnsframleiðendur Calvins Klein í huga þegar þeir settu saman forvera Euphoria Blossom, árið 2005, en Euphoria fékk þá Fifi-verðlaunin sem veitt eru fyrir besta ilmvatnið á hverju ári.

Euphoria er höfugur ilmur. Mjög kryddaður og seiðandi en Euphoria Blossom sem kom út nú í ár er öllu mildari og á því betur við á sumrin. Upphaflega var hann fyrst og fremst ætlaður Asíumarkaðienvarsíðarmarkaðssettur um allan heim enda eiga ilmirnir frá Calvin Klein alltaf sína föstu aðdáendur. *- mhg*



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Með ilmvatn í æðunum

Á Íslandi geta menn verið skipstjórar eða bændur mann fram af manni en í borginni Grasse í Suður-Frakklandi eru menn ilmvatnsgerðarmenn í marga ættliði. Grasse er mekka ilmvatnsframleiðslu. Þar eru tíndar óteljandi tegundir blóma og jurta og helstu ilmvatnsframleiðendur hafa þar flestir aðsetur. Kannski er því ekkert skrítið að ilmvatnsgerð gangi þar í erfðir sem ævistarf eins og í Maubert-fjölskyldunni, sem hefur helgað sig þessari grein síðan Jean-Baptiste Maubert skapaði Robertet-ilmvatnsgerðina árið 1850.

Í framleiðsludeildinni er að finna um hundrað mismunandi náttúrulega ilmgjafa, rætur af ýmsum plöntum, við, blóm og laufblöð sem bíða þess að breytast í ómetanlegan elixír sem verður undirstaða í höfugum ilmi eða síðasti dropinn sem öllu breytir.

Í dag er fjórði ættliðurinn við störf hjá fyrirtækinu, sem er stjórnað af Jean Maubert, sonarsyni stofnandans, og sonum hans. Í fyrstu voru eingöngu unnin blóm úr nágrenninu og verksmiðjan sem hönnuð var af verkfræðingnum Eiffel 1895, þeim sama og Eiffel-turninn er kenndur við, er enn í notkun. Olíurnar eru geymdar í læstum hvelfingum þar til þær eru notaðar og viðskiptavinirnir eru ekki af verri endanum eins og Chanel, Dior, Guerlain, Gucci og l´Oréal.

Eftir seinni heimsstyrjöldina var ilmvatnsframleiðslan í Grasse í lægð. Á þeim tíma kom Jean Maubert til starfa og byrjaði að skapa sín eigin ilmvötn fyrir Robertet, opnaði útibú í Bandaríkjunum og hóf sömuleiðis að framleiða bragðefni til matvælagerðar. Það er nefnilega stórmunur á gervibragðefnum og náttúrulegum hágæðaefnum, til dæmis vanillu sem er notuð í ís, konfekt eða kökugerð þar sem allt er ekta. Og þá erum við ekki að tala um vanilludropa úr Ríkinu! Þetta skilaði svo sannarlega árangri þar sem að nú starfa 1.200 manns hjá fyrirtækinu um víða veröld og 75% af veltunni eru sköpuð erlendis.

Þó að fjölskyldan sé við stjórnvölinn eru örfáir utanaðkomandi sem fá að taka þátt í sköpuninni. Michel Almairac er líklega það sem kalla mætti ilmvatnsfræðingur eða „nef“ eins og það er kallað innan greinarinnar. Michel hefur skapað ekki ómerkilegri ilmvötn en Dior Addict 2, Gucci Rush og Gucci pour Homme. Þannig fetar ilmvatnsgerð Robertet veginn milli eigin framleiðslu og samstarfs við stóru nöfnin í tískuheiminum.




Barnabörnin í fimmta ættlið fjölskyldunnar eru 13. Sum þeirra eru nú þegar farin að að læra réttu handtökin við ilmvatnsframleiðslu og búa sig undir að ganga inn í fjölskyldufyrirtækið þegar þar að kemur. Sagan heldur áfram og kannski það laumist stelpa í hópinn.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*
















Mischa Barton á góðgerðarsamkomu í Frakklandi til styrktar HIV-rannsóknum.

# Bundin klæði

***Kjólar með einum hlýra njóta vinsælda.***

Kjólar með einum hlýra eru áberandi í sumarlínu tískuhúsanna. Slíkir kjólar eru þó engin nýlunda því konur í Róm og Grikklandi til forna notuðu slíka kjóla óspart. Voru það oftast klæði sem bundin voru yfir öxlina. Þegar tískuhönnuðirnir hafa leikið sínar kúnstir er útkoman allt önnur en bundin klæði eins og sjá má á þessum myndum.


Eva Mendez í kokkteilpartíi hjá Cartier.


Sumarlína Emanuel Ungaro.


Cameron Diaz við frumsýningu myndarinnar Shrek 3.


Eva Longoria mætti til verðlaunahátíðar í Pasadena í Kaliforníu í þessum fallega kjól.


Stærðir 36-48
bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16



**Lyklaborðið** getur orðið mjög skítugt og því nauðsynlegt að taka hnappana af borðinu og þrífa reglulega. Einnig er gott ráð að þvo sér um hendur eftir tölvunotkun.



Bjarni með Flensborgarskóla í baksýn en skólinn er gerður úr hvítu steypunni. Þess má geta að erlendis er steypan líka vinsæl í vegagerð, þar sem hún eykur endurskin frá vegaköntum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hvít steypa býður upp á ýmsa möguleika

***Hvíta steypu er hægt að lita í öllum regnbogans litum eða hafa hana einfaldlega í sínum náttúrulega hvíta lit.***

„Í augum margra sem fást við mannvirkjagerð, til dæmis arkitekta og þeirra sem telja sig hafa vit á, telst þetta vera mjög athyglisvert,“ segir Bjarni Óskar Halldórsson, framkvæmdastjóri Aalborg Portland á Íslandi, sem í samstarfi við MEST sér um gerð hvítu steypunnar. „Við héldum nýlega ráðstefnu um þessa nýju steypu og vakti hún athygli viðstaddra.“

Að sögn Bjarna er það hvítt sement ásamt ljósum fylliefnum sem notað er í steypuna sem veldur litnum. Að öðru leyti eru einkenni og styrkur steypunnar sá sami og í annarri hefðbundinni steypu sem Aalborg Portland á Íslandi býður viðskiptavinum sínum upp á.

„Steypan er hins vegar nokkuð dýrari en sú hefðbundna og þar spilar sementið og fylliefnin aftur inn í,“ bendir Bjarni á. „En hafa ber í huga að steypan ein og sér vegur hins vegar hlutfallslega lítið í kostnaði í mannvirkjagerð. Ætli hann sé ekki innan við tíu prósent.“

Hins vegar er steypan þess eðlis að maður þarf að vanda betur til verka við notkun hennar, þar sem maður kemur væntanlega ekki til með að yfirborðsmeðhöndla steypuna þegar steypt er með hvítu. Það hleypir verðinu eitthvað upp.“

Þegar hafa nokkur íslensk hús risið sem hvíta steypan hefur verið notuð í, þar á meðal Flensborgarskóli. Steypan hefur síðan verið notuð í miklum mæli í einingarframleiðslu, eins og til dæmis hjá Loftorku.

Bjarni segir að húsunum eigi eftir að fjölga töluvert í framtíðinni gerðum úr þessari steypu og verður spennandi að sjá útkomuna.

*roald@frettabladid.is*

## Lífgað upp á borðhaldið

SERVÍETTUR GETA SKIPT ÖLLU MÁLI ER KEMUR AÐ LÍFLEGUM SKREYTINGUM



Vilji maður hressa upp á borðútstillingu fyrir matarboð, eða bara lífið almennt, er tilvalið að byrja á því að skipta hvítu servíettunum út fyrir þessar hressilegu servíettur frá Jackie Shapiro. Þær eru skreyttar með blómum í æpandi litum, sem eru líkleg til að gleðja fleiri en gamla hippa.


**Ekkert mál -að verða mál**

TravelJohn

TravelJohn pokarnir eru fínn ferðafélagi þegar manni verður mál.

Fást á eftirtöldum stöðum:
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmiðjan,
www.donna.is www.traveljohn.com

**Yfir 150.000 gestir daglega**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

White-Westinghouse



**ÞVOTTAVÉL**
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

**Sumartilboð**

Vorum að fá nýja sendingu frá ELBA og bjóðum nú þessi frábæru tæki með 20-40% afslætti meðan birgðir endast.

Við bjóðum enn betur, því við veitum einnig magnafslátt, 3% af tveimur tækjum, 4% af þremur og 5% séu keypt 4 eða fleiri tæki samtímis.

**20-40% afsláttur**
Tilboðinu lýkur 10. ágúst





**Keramik-helluborð**

| | | |
|---|---|---|
| 230-050 | 2 hellur | 14.900,- |
| 345-450 | 4 h. án ramma | 22.900,- |
| 345-442 | 4 h. stálrammi | 29.900,- |
| 345-005 | 4 h. snertirofar | 39.900,- |
| 377-007 | 4 h. 70 cm br. | 43.900,- |
| 377-006 | 4 h. 70 cm Snr. | 49.900,- |

**Eldavélar**
m/keramikhelluborði

| | | |
|---|---|---|
| 66-W955 | 60 cm hvít | 49.900,- |
| 66-EX396 | 60 cm stál | 79.900,- |
| 106-EX939 | 100 cm stál | 159.900,- |
| 126-EX339 | do. 2 ofnar | 177.900,- |

**Ofnar**
Fjölvirkir 8 eða 9 kerfi

| | | |
|---|---|---|
| 608-100 | Hvítur / svartur | 56.900,- |
| 608-100 | Stál | 59.900,- |
| 608-800 | Með snertirofum | 68.900,- |
| 618-100 | Með alhreinsun | 79.900,- |
| 700-80 | 70 cm. breiður | 74.900,- |
| 101-80 | 90 cm. breiður | 89.900,- |
| 918-100 | 2ja hólfa | 99.900,- |

ELBA




Stærð: BxDxH=60x60x85

**Gas-helluborð**

| | | |
|---|---|---|
| 235-100 | 1 brennari | 15.600,- |
| 235-200 | 2 brennarar | 15.100,- |
| 271-300 | 3 brennarar | 27.100,- |
| 265-445 | 4 brennarar | 24.900,- |
| 375-545 | 5 brennarar | 29.900,- |
| 395-545 | 5 brennarar | 32.900,- |

**Gaseldavélar**
( gasborð-rafm.ofn )

| | | |
|---|---|---|
| 66-EX348 | 60 cm. stál | 79.900,- |
| 106-EX870 | 100 cm. stál | 139.900,- |

**Viftur & Háfar**



| | | | |
|---|---|---|---|
| HMC-622 | Útdregin | hvít | 12.900,- |
| HMC-602 | Útdregin | stál | 12.900,- |

**Veggháfar**



| | | | |
|---|---|---|---|
| HMC-6144 | 60 cm. | stál | 18.900,- |
| HMC-9144 | 90 cm. | stál | 23.900,- |
| HMC-10144 | 100 cm. | stál | 29.900,- |

**Eyjuháfar**



| | | | |
|---|---|---|---|
| HMC-6144 | 66x90 cm. | stál | 49.900,- |
| HMC-9664 | 65x90 cm. | gler | 59.900,- |

BETRI STOFAN

Opið virka daga kl. 9-18
Sumarlokun á laugardögum

Fríform

*Velkomin í Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana*

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Kæru brúðhjón!
Við bjóðum ykkur að skrá ykkur á brúðargjafalista



Öll brúðhjón sem skrá sig á brúðargjafalista hjá Tekk-Company fá **litla gjöf við skráningu**. Nöfn þeirra fara einnig í **LUKKUKRUKKUNA** sem 5 lukkuvinningar verða dregnir úr í desember; ein 150.000 kr. og fjórar 10.000 kr. úttektir í Tekk-Company.

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

512 50 50
Auglýsingasími
– Mest lesið

# Byggingariðnaðurinn

FIMMTUDAGUR 2. ÁGÚST 2007




Sólskálar

Svalalokanir

Svalaskjól

Gluggar

Hurðir

Reyrhúsgögn

Rennihurðir

-Stofnað 1984-

www.solskalar.is

Sími: 554 4300

Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ

Gluggar & Garðhús ehf



Hús Brimborgar á Bíldshöfða er klætt forveðruðum kopar og því er hann alltaf eins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Sígilt efni og endingargott

**Kopar hefur verið notaður um aldir til að klæða þök og veggi. Hann endist lengi þrátt fyrir að útlitið breytist ef ekki er um forveðrað efni að ræða.**

Einn þeirra sem vanir eru að meðhöndla kopar sem klæðningarefni er Eyjólfur Ingimundarson, blikksmíðameistari hjá Blikksmiðjunni Vík í Kópavogi. Hann kveðst kaupa kopar hjá Sindra eða Áltaki og sníða hann eftir þörfum, til dæmis í flísar, boga eða strýtur, og leggja hann á þök og veggi. Efninu segir hann fyrst rennt í gegnum vél sem formar brúnir þess þannig að þær læsist saman og síðan þurfi að klippa alla enda. „Það er dálítil handavinna við koparinn en þó fer það eftir lögun platnanna hversu mikil hún er.“

Eyjólfur segir kopar aldagamalt, traust og sígilt klæðningarefni. „Ég skal ekki segja hversu langt er síðan fyrstu þökin voru klædd hér á landi með kopar en hann hefur verið notaður í hundruð ára á þök erlendis. Hingað kemur hann meðal annars frá Danmörku.“

Heldur hefur þó dregið úr notkun kopars til klæðningar, að sögn Eyjólfs, einkum vegna úrfellinganna. „Stundum koma grænir taumar úr koparnum og mönnum líkar ekki vel að fá þá niður í jarðvatnið. Vinsældir áls og sinks hafa hins vegar verið vaxandi.“

Koparinn endist í margar kynslóðir en útlit hans breytist með tímanum. „Hér á Íslandi fellur fyrr á koparinn en víðast annars staðar. Það er seltan og brennisteinninn sem hjálpast þar að,“ segir Eyjólfur. „En hægt er líka að kaupa hann forveðraðan. Þá fer hann í efnameðferð áður en hann er settur á og heldur útliti sínu.“



Kopar og gler falla vel saman. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu er ein þeirra bygginga sem bera koparþak. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Okkar forna Alþingishús ber koparþak. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Hér hefur koparinn verið beygður til svo hann myndar rúnnuð form. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Forveðraður kopar er lítt forgengilegur. Hús Hæstaréttar er klætt honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI











## LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur og svalalokanir úr PVC-u.
Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría PVC-u glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

PGV ehf. · Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnafjörður · Sími: 564 6080 · Fax: 564 6081 · www.pgv.is


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir


VERANDAR HITARAR
VERÐ 9.990
Hitar þig en ekki loftið
Nýtir vel rafmagnið
ís-húsið
Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogur
S: 566 6000 - www.ishusid.is

Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

SAVAGE 3.5

HPI Savage 3,5 öflugur fjarstýrður bensín torfærutukkur,
verð 43.400,-
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Tómstundahúsið. Nethyl 2, sími 587-0600,
www.tomstundahusid.is



Sverrir Jóhannesson starfar hjá Línuhönnun, verkfræðistofu sem annast meðal annars ástandsmat á fasteignum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ástandsmat mikilvægt

● Mikilvægt er að meta ástand húsnæðis áður en gengið er frá kaupsamningi.

Margir verða fyrir því óláni að kaupa köttinn í sekknum þegar þeir telja sig hafa fest kaup á draumahúsinu. Alls kyns gallar koma í ljós og fyrr en varir rýkur viðgerðarreikningurinn upp úr öllu valdi. Hægt er gera ýmislegt til að fyrirbyggja slíkt, meðal annars fá ástandsmat framkvæmt á húsnæðinu.

Sverrir Jóhannesson byggingartæknifræðingur starfar hjá Línuhönnun, einni af mörgum verkfræðistofum landsins sem annast ástandsmat. Hann segir mikilvægt að fá álit sérfræðinga þegar húsfélög eða fólk í fasteignahugleiðingum vilja fá úr því skorið hvort húsnæði þarfnist endurbóta.

„Við skoðum einfaldlega hvað er að húsnæðinu og hvað þurfi að gera til að koma því í gott horf," segir Sverrir. „Síðan er mjög misjafnt hvernig við metum ástandið. Yfirleitt er um sjónmat að ræða, húsið skoðað, til að sjá steypuskemmdir og annað slíkt."

Þegar ástandsmat er framkvæmt er yfirleitt horft eftir ákveðnum atriðum. Sverrir segir gott að hafa sum þessara atriða á bak við eyrað vilji maður sjálfur gera lítilsháttar úttekt áður en sérfræðingarnir eru kallaðir til starfa.


Skemmdir á þökum eru algengir gallar sem erfitt getur reynst að koma auga á.

„Það er til dæmis mikilvægt að horfa á steypuna. Hvort þörf er á klæðningu, sem eru dýrustu viðgerðirnar. Þótt hús sé sprungið þarf steypan ekki að vera skemmd. Eðli sprungnanna segir til um það. Síðan þarf að fá sérfræðing til að meta ástandið. Yfirleitt sjá þeir, eða aðrir vanir aðilar, hvort um alvarlegar skemmdir er að ræða eða ekki."

Sverrir bendir á að einnig þurfi að skoða glugga vel. „Það er mjög algengt að það leki inn með gluggum. Þess vegna skiptir máli að timbrið í gluggunum sé gott og eins allar þéttingar. Gluggar þarfnast góðs viðhalds, þar sem timbrið í þeim veðrast og skemmist fljótt."

Sverrir segir að sama megi segja um timburhúsnæði. Timburhús þurfi að vera þétt og mikilvægt að vera með fyrirbyggjandi viðhald. Bíða til dæmis ekki þangað til að málning er verðuð eða flögnuð af heldur mála húsnæðið upp á nýtt þegar þörf krefur, til að lenda ekki í einhverjum vandræðum.

„Það er síðan annað mál að ákveðnir gallar eða skemmdir sjást stundum illa," segir Sverrir. „Til dæmis þegar þak lekur. Þá þarf að opna það til að sjá í hverju vandinn er fólginn."

Sverrir segir að stundum þurfi að fara út í frekari rannsóknarvinnu. Sérstaklega þegar til stendur að fara út í dýrari framkvæmdir. Sýni eru þá tekin, til að mynda úr timbri eða steypu, til að meta ástandið frekar og fá rannsóknarniðurstöður. Þá sést hvort klæðning sé nauðsynleg og svo framvegis.

„Það tekur síðan mislangan tíma að fá niðurstöður úr rannsóknum, eða allt eftir því hvað er verið að skoða," bendir Sverrir jafnframt á. „Þegar þær eru komnar leggjum við fram viðgerðartillögur. Setjum fram nokkra kosti sem velja má á milli, eftir því hversu farið er ítarlega í viðgerðir. Að svo búnu er gert kostnaðarmat við tillögurnar, sem við leggjum til."

Loks hvetur Sverrir fólk til að huga vel að viðhaldsmálum og fá þar álit sérfróðra aðila.

*roald@frettabladid.is*



Danfoss
Danfoss ofnhitastillar
Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu ofnhitastilla
Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Flotec
Water is Our Business

# DÆLUR FYRIR SUMARHÚS og aðra bústaði



... brunna- og borholudælur
... dælusett með þenslukeri og stjórnbúnaði
... háþrýstar þvottadælur

... gæða vörur á hægstæðum verðum!



| 4" BORHOLUDÆLA SCM 4 PLUS 75/52 | DRAIN 120 / 6 M. flotrofa | VIP 100 / 6 M. flotrofa | WATERPRESS INOX | W.P. SUPERINOX | MP50 Bensín |
|---|---|---|---|---|---|
| 950 W | 280 W | 270 W | 800 W | 1100 W | 2,6 HP - 47,7 cc. |
| 56 m / 5,6 bar | 6 m / 0,6 bar | 6 m / 0,6 bar | 46m. / 4,6 bar | 50 m. / 5 bar | 30 m / 3 bar |
| 4500 l / klst. | 7000 l / klst. | 6500 l / klst. | 3600 l / klst. | 4200 l / klst. | 16200 l / klst. |
| Stál AISI304 | Stál og plast | Polypropylene | Riðfrítt stál AISI304 | Riðfrítt stál AISI 304 | Bensín m. 4% olíu.íbl. |
| Rafmk. 15 m. | Min vatnsh. 2 cm. | Min vatnsh. 2 cm. | min 2 / max 3 bar | min 2 / max 3 bar | Þyngd 8 Kg. |
| Stjórnbox m. öryggi | Kornastærð 6 mm. | Kornastærð 6 mm. | Stál 24 lítra | Stál AISI 304 24 l. | Slöngutengi 1" (25mm.) |
| Slöngutengi 1" | Slöngutengi 1" | Slöngutengi 1" | | | |




Smiðjuvegi 66
200 Kópavogi - S. 580 5800
LANDVÉLAR

STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akureyri - S. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is



Fjöldi íbúa á höfuðborgarsvæðinu jókst um 2.808 á síðasta ári. Þar af eru 91 prósent þeirra erlendir ríkisborgarar sem flestir eru á höttunum eftir leiguhúsnæði. Á sama tímabili voru 2.383 nýjar íbúðir samþykktar á höfuðborgarsvæðinu og er von á enn fleirum þetta árið.

# Er nóg af fólki til að fylla nýbyggingarnar?

**Fjöldi íbúa höfuðborgarsvæðisins jókst um 2.808 manns árið 2006 en líklega eru fæstir þeirra í fasteignahugleiðingum. Á sama tímabili voru 2.383 nýjar íbúðir samþykktar hjá Fasteignamati ríkisins.**

Það þarf ekki annað en að fá sér stuttan bíltúr um höfuðborgarsvæðið til að sjá að alls staðar er verið að byggja. Hafnarfjörður teygir anga sína stöðugt lengra í átt að álverinu og ný hverfi, svo sem Urriðaholt og Norðlingaholt, eru að dúkka upp á stuttum tíma. Þá veltir maður því fyrir sér hvort eftirspurn sé eftir öllum þessum nýju íbúðum. Er nóg af nýju fólki að flytjast til höfuðborgarsvæðisins og er það að leita sér að húsnæði til að kaupa fremur en að leigja?

Samkvæmt Fasteignamati ríkisins voru 2.383 nýjar íbúðir samþykktar á síðasta ári en ætla má að fjöldinn fari vaxandi næstu ár. Því til stuðnings má nefna að um 4.200 íbúðir eru í byggingu í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ en þá á eftir að telja saman nýbyggingar í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Álftanesi og Mosfellsbæ.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu fluttust alls 9.161 manns til höfuðborgarsvæðisins árið 2006. Aftur á móti yfirgáfu 6.353 manns svæðið og því hefur fjöldi íbúa höfuðborgarsvæðisins aukist um 2.808 manns. Af þeim eru 2.551 maður af erlendu bergi brotinn en aðeins 257 manns frá landsbyggð Íslands.




**Urriðaholt er eitt margra hverfa sem rísa munu á næstunni. Í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ eru 4.200 íbúðir í byggingu.**

Af þessum tölum má túlka að helsti markhópur fyrir nýbyggingarnar séu útlendingar en eru þeir í svo miklum mæli að kaupa sér íbúðir? „Við höfum engar tölur yfir þessi mál en það sem við finnum er að fólk er rosalega mikið að leita sér að leiguhúsnæði,“ segir Sabine Leskopf verkefnisstjóri hjá Alþjóðahúsinu. „Ég hugsa að fólk búi hér í nokkur ár áður en það fer út í íbúðarkaup. Við fáum mikið af fyrirspurnum um leigumarkaðinn en fólki finnst hann hrikalega dýr. Það er mikil þörf fyrir ódýrt leiguhúsnæði,“ segir Sabine.

Oftar en ekki eru það fjölskyldur sem flytja saman til Reykjavíkur og því má gera ráð fyrir að fleiri en einn sé um hverja íbúð. Íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins jókst um 2.808 manns árið 2006 svo gróflega má áætla að um 1.000 til 1.500 nýjar íbúðir þurfi fyrir fólkið en á sama tíma voru 2.383 nýjar íbúðir samþykktar og þúsundir í viðbót í byggingu.

Í fljótu bragði virðist því vanta íbúa í um 1.000 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu í náinni framtíð.

*mariathora@frettabladid.is*




**Árið 2006 fluttust 3.770 manns til höfuðborgarsvæðisins af landsbyggðinni en 3.513 manns fóru til landsbyggðarinnar af höfuðborgarsvæðinu. Aðfluttir umfram brottflutta á höfuðborgarsvæðið eru því aðeins 257 manns en á sumum svæðum landsbyggðarinnar bættust fleiri við en fluttust á brott.**




CANEXEL
Viður án viðhalds
25
ára ábyrgð*
KLÆDDU HÚSIÐ MEÐ CANEXEL !
10 litir á lager
Þ.ÞORGRÍMSSON & CO
ÁRMÚLA 29 - S: 553 8640 - WWW.KORKUR.IS
ÞÞ & CO


Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR
Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.
Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.
Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.
Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.
Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki
Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

# Til lítils að friða klósett - þó þess væri oft þörf

**Húsafriðunarnefnd ríkisins metur hvaða hús eigi að friða á Íslandi. Sum hús eru alfriðuð á meðan hluti annarra er friðaður. Ýmsir kostir fylgja því að búa í friðuðu húsi.**

Á Íslandi eru um 380 hús alfriðuð eða friðuð að hluta, þar af 207 kirkjur og 7 vitar. Lög og reglur segja til um að hvert einasta hús sem byggt er fyrir 1850 sé friðað og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918. En hvað felur það í sér fyrir byggingu að hún sé friðuð?

„Það þýðir að ekki má breyta neinu í húsinu nema með leyfi Húsafriðunarnefndar ríkisins,“ segir Magnús Skúlason, forstöðumaður Húsafriðunarnefndarinnar. „Því fylgja líka ákveðnir kostir eins og möguleiki á niðurfellingu á fasteignagjöldum hjá viðkomandi sveitarfélagi og styrkir til viðhalds. Svo þykir það líka heiður að búa í friðuðu húsi.“



Magnús Skúlason arkitekt er forstöðumaður Húsafriðunarnefndar.



Hlutar Þjóðleikhússins eru friðaðir, þar á meðal stóri salurinn og forsalir hans.



Björgólfur þarf að fá leyfi hjá Húsafriðunarnefnd áður en hann leggur í framkvæmdir á húsi sínu við Fríkirkjuveginn. Húsið er nefnilega eitt 380 friðaðra húsa á Íslandi.

Friðuð hús eru að misjafnlega miklu leyti friðuð, ef svo mætti að orði komast. Ytra byrði sumra húsa er friðað, önnur hús er alfriðuð en stundum er einhvers konar millivegur farinn. Þá eru hlutar húss friðaðir, til dæmis tiltekin herbergi. „Svo dæmi séu tekin er stóri salur Þjóðleikhússins friðaður og sömuleiðis forsalirnir. Það á hins vegar ekki við um aðra hluta hússins. Við erum ekkert að friða klósettin, þó miðað við hversu ljót mörg ný klósett eru sé full ástæða til þess,“ segir Magnús og hlær.

Þegar tekin er ákvörðun um friðun húsa er horft til ýmissa þátta. „Stundum kemur fólk með ábendingar um hvaða hús ætti að friða og stundum ákveðum við sjálf að leggja til að hús séu friðuð, en það er alltaf ráðherra sem á endanum friðar hús samkvæmt lögum,“ segir Magnús. „Þegar meta á hvort friða eigi hús er horft til varðveislugildis þess en það er metið út frá nokkrum atriðum. Þau eru byggingarlist, umhverfisgildi, það er hvernig húsið passar inn í götumyndina, tæknilegt ástand og svokallað menningarsögulegt gildi, en það er hvað hefur gerst í húsinu.“

Eins og áður sagði eru öll hús byggð fyrir 1850 sjálfkrafa friðuð og allar kirkjur byggðar fyrir 1918. „Þegar rífa, færa eða breyta á venjulegum ófriðuðum húsum sem byggð eru fyrir 1918 þarf einnig að leita álits nefndarinnar,“ segir Magnús. „Fólki er í sjálfsvald sett hvort það fer eftir álitinu en sem betur fer gera flestir það.“

Nánari upplýsingar um störf Húsafriðunarnefndarinnar er að finna á www.hfrn.is.

*tryggvi@frettabladid.is*



dælur

# Gólfhitakerfi

## Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Dælur ehf.
www.daelur.is

Smiðjuvegur 74 (gul gata)
200 Kópavogur

540 0600
540 0610 fax

# Framtíðin í Vatnsmýrinni

**Fyrsta stig hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag í Vatnsmýrinni er lokið. Sextán hópar komust áfram en úrslit verða kunn í nóvember.**



Markmið samkeppninnar er að sögn Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa að fá sem bestan grunn fyrir framtíðarskipulag flugvallarsvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Sumartónleikaröðinni í Skálholti lýkur með krafti nú um helgina. Tónleikar verða á hverjum degi frá fimmtudegi til sunnudags. Á laugardaginn frumflytur Kammersveitin Ísafold tónverk eftir Daníel Bjarnason staðartónskáld. Einnig verður boðið upp á skapandi tónlistarsmiðju fyrir börnin á laugardag og sunnudag.**



**FRUMFLUTNINGUR UM HELGINA** Daníel Bjarnason frumflytur á laugardag nýtt verk sem verður flutt af kammersveitinni Ísafold.

„Þetta er svolítið sérstök dagskrá hjá okkur um helgina,“ segir Alexandra Kjeld, kynningarstjóri Sumartónleika í Skálholti. „Fyrstu tónleikarnir verða í kvöld með dúóinu Aurora Borealis sem eru Margrét Hrafnsdóttir sópran og Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari. Svo verða tónleikar frá laugardegi til mánudags með Kammersveitinni Ísafold.“

Ísafold spilar ferna tónleika um helgina þar sem hún flytur tvö sett af efnisskrám.

Fyrri efnisskráin kallast Da pacem Domine. „Á henni eru verk eftir 20. aldar tónskáld og samtímamenn. Þar ber helst frumflutningurinn á nýja verkinu hans Daníels en auk þess eru meðal annars verk eftir Arvo Pärt og Xenakis.“ Seinni efnisskráin ber heitið In Memoriam. Verkin á henni eru styttri verk sem tónskáld hafa samið í minningu eða til heiðurs einhvers.

Á laugardag og sunnudag er boðið upp á skapandi tónlistarsmiðju fyrir börn. „Við höfum verið með svona námskeið síðustu ár og þetta hefur gengið rosalega vel. Það eru alls konar hljóðfæri þarna sem börnin fá að prófa og svo eru tónleikar fyrir foreldrana í lok dagsins.“

Alexandra segir að tilvalið sé að koma um hádegið og byrja á að fá sér að borða og skoða staðinn. Tónlistarsmiðjan fyrir börnin byrjar rétt fyrir kl. 15 og fyrstu tónleikar dagsins hefjast skömmu síðar. Einnig er boðið upp á skoðunarferðir um staðinn og hægt að fá sér eitthvað í svanginn.

jara@frettabladid.is





SUMT
ÞVÆRÐU EKKI
AF ÞÉR!
VDAGUR
ÞEKKIR ÞÚ MUNINN Á KYNLÍFI OG NAUÐGUN?
SKAPARINN AUGLYSINGASTOFA / LJÓSMYND: GUNNAR SVANBERG

**Prófaðu...**

*...að skella í lyftiduftsbollur á helgardegi. Það tekur ekki mikið meira en hálftíma, og morgunmatur með nýbökuðu brauði er óneitanlega algjört dekur og dagurinn fer ljúflega af stað.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN HAUKUR HEIÐAR HAUKSSON SÖNGVARI DIKTU OG LÆKNANEMI

# Tab er ómissandi í alla staði



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Tab. Það er að vísu í útrýmingarhættu, þannig að ég virðist þurfa að flytja úr landi eða eitthvað. Ég hef drukkið það alveg frá því að ég var unglingur, og það var mikil sorg í mínu hjarta þegar það var tilkynnt að það yrði hætt að framleiða það.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það held ég að hafi verið pítsa sem ég fékk á Ródos þegar ég var þar í útskriftarferð. Ég man því miður ekki hvað staðurinn hét, þannig að ég mun ekki finna hann aftur, en hún var algjör snilld.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, já. Þorramaturinn er til dæmis mjög vondur, ég höndla ekki súrsaðan mat. Hvorki svið né eistu.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Season all. Það virkar á allt.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Það er örugglega helst poppkorn.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég á eiginlega alltaf til appelsínusafa. Og svo tómatsósu.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Klárlega Tab. Svo myndi ég veiða mér villisvín eða eitthvað, en það verður að vera Tab með því – annars er ekkert varið í það.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég held ég verði að segja krókódíll, en hann var samt mjög góður. Ég borðaði á sama kvöldi bæði krókódíl og kengúru, þetta var mjög gott. Krókódíllinn var svona mitt á milli kjúklings og fisks, svolítið spes. Ég fékk þetta í Danmörku, á ekki exótískari stað en það.

# Nú eru góð ráð ódýr



**NÚ ERU GÓÐ RÁÐ ÓDÝR** Á vef Umhverfisstofnunar má finna ýmsan fróðleik og ábendingar um matvæli og matreiðslu, til að mynda bækling um grillerí sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Á vef Umhverfisstofnunar, ust.is, má finna mikinn fróðleik um matvæli og matreiðslu.

Þar má til dæmis nálgast margar góðar ábendingar um mataræði þungaðra kvenna, fræðast um örverur í matvælum og þær matareitranir eða matarsýkingar sem af þeim geta hlotist.

Á vefnum er að finna fræðslu um svokallað nýfæði og ráðleggingar til skólamötuneyta vegna fæðuofnæmis barna, sem henta jafnframt venjulegum fjölskyldum sem vilja víkka skilning sinn á efninu. Þar má enn frekar finna upplýsingar um íslenska matvælalöggjöf.

Á vefnum er einnig hægt að skoða útgefna bæklinga sem Umhverfisstofnun hefur sent frá sér á pdf-formi, ásamt glærum úr fræðslufyrirlestrum, fræðslupistla, orðskýringasafn og ýmsar reglugerðir.

Af bæklingum væri ekki úr vegi að renna yfir Góð ráð við grillið, en þar er að finna ýmsar ábendingar kokkum til handa.

Eins er að finna bækling um fæðubótarefni sem sífellt algengara er að fólk notfæri sér. Fræðslupistlarnir fjalla hins vegar um allt frá baunaspírum til kúariðu.

Fróðleiksfúsir ættu ekki að láta vefinn fram hjá sér fara. Upplýsingar um matvæli má nálgast á ust.is/matvaeli.








**ÖNNUM KAFIN** Ragnheiður Harvey eldar helst um helgar, þegar hún kemur ekki örmagna heim úr vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skipta með sér matseld

**Ragnheiður Harvey, dagskrárfulltrúi í Norræna húsinu, vill að matreiðsla gangi fljótt og vel fyrir sig á virkum dögum.**

„Venjulega er þetta þannig að maðurinn minn sér um innkaup og matreiðslu á virkum dögum og ég um helgar,“ sagði Ragnheiður. „Mér finnst mjög gaman að elda, ef ég er ekki alveg örmagna af þreytu. Það er notalegt að geta búið til eitthvað gott saman og bjóða börnum og fjölskyldu í mat svona um helgar,“ sagði hún.

Þessa dagana kemur Ragnheiður svo sannarlega örmagna heim úr vinnu, því í Norræna húsinu er nú unnið hörðum höndum að undirbúningi menningarhátíðarinnar Reyfis, en hún mun standa frá 18. til 26. ágúst. „Við erum að leggja lokahönd á dagskrána, sem verður alveg ótrúlega fjölbreytt. Hér verða rithöfundar, tónlistaratriði og dans, við verðum með ýmsar sýningar og kvikmyndir. Þetta er allt frá Norðurlöndunum, en svo leggjum við áherslu á Ísland líka,“ útskýrði hún.

Ragnheiður bjó í Noregi í sextán ár, þar sem hún vann hjá norska ríkissjónvarpinu. Hún segir ekki mikinn mun á matarmenningu landanna, en kveðst þó hafa saknað fersks fisks á meðan á dvölinni stóð.

„Það veiðist frábær fiskur í Norður-Noregi, en af einhverjum ástæðum tekur mjög langan tíma að koma honum til Oslóar,“ sagði Ragnheiður. „Svo er jólamaturinn allt, allt öðruvísi en hér.“

Þjóðlegur norskur jólamatur er ribbe-steik, eða rifjasteik. Með henni eru bornar fram kjötbollur úr kjötfarsi. Manni fannst þetta ekki alveg nógu jólalegt,“ sagði hún og hló.

Magn í uppskriftinni fer eftir þörfum hvers og eins.

**KJÖTBOLLUR MEÐ KARTÖFLUM OG GRÆNMETI**

**Um 450 g magurt nautahakk**
**Taco-kryddblanda**
**Sætar kartöflur**
**Kartöflukrydd**
**Paprika**
**Sykurertur**
**Laukur**
**Hvítlaukur**
**Mini-maís**
**Gulrætur**
**Ólífuolía**

**Blandið saman hakki og hálfum pakka af Taco-kryddblöndu. Mótið litlar bollur. Þær eru settar í olíuborið ofnfast fat og skellt inn í ofn, á um 200 gráðu hita.**

**Sætar kartöflur skornar í bita, og velt upp úr ólífuolíu og kartöflukryddi, Ragnheiður mælir með Hvidløg og urter frá McCormick. Kartöflur settar í annað ofnfast fat – á annan helminginn. Í hinn helminginn af fatinu fer grænmetið. Skerið grænmetið smátt og hellið ólífuolíu yfir. Setjið inn í ofn og fylgist með þangað til bæði bollur og grænmeti er steikt í gegn.**

# Kertasalat Ragga Kjartans

Í næsta þætti af Mat og lífsstíl heimsækir Vala Matt myndlistarhjónin Ragnar Kjartansson og Ásdísi Sif Gunnarsdóttur. „Þau eru að slá í gegn út um allan heim með frumlegum listaverkum sínum og gjörningum, og það má eiginlega segja að heimsóknin til þeirra hafi verið hálfgerður gjörningur,“ sagði Vala og hló. „Þau bjuggu til mjög skemmtilegan bröns fyrir okkur. Raggi bjó til rétt sem hann lærði í Húsmæðraskólanum, en hann var fyrsti karlmaðurinn sem lærði við þann skóla. Það er náttúrulega ótrúlega skemmtilegt – og líkt honum,“ sagði Vala.

Kertasalatið úr Húsmæðraskólanum var afar skemmtilegt, að sögn Völu. „Svo kom það líka dálítið á óvart að þessi blanda var bara alveg glettilega góð,“ sagði hún og hló við.

**KERTASALAT**

**Salatblöð**
**Ananashringir**
**Bananar**
**Majónes**
**Kirsuber**

**Eitt salatblað sett á hvern disk, og ananashringur lagður ofan á. Hálfum banana stungið í gatið, og skorið aðeins ofan af honum. Majónesklípa sett ofan á bananann, og kórónað með kirsuberi.**



**KERTASALAT** Ragnar Kjartansson útbjó salat sem hann lærði í námi sínu við Húsmæðraskólann. Það er kennt við kerti, þó því hafi verið fleygt á tökustað að því svipaði óneitanlega til ákveðins líkamshluta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýjar endurútgáfur
## gamlir kunningjar



Ego-Í mynd



Ego-Breyttir tímar



Stuðkompaníið-2XTÓLF



Sextett Ólafs Gauks-Fjórtán lög frá Þjóðhátíð



Logar-...mikið var.....



Jóhann Helgason-Tass



Grettir-Lögin úr söngleiknum Gretti



Spaugstofan-Sama og þegið



Stuðmenn-Tívolí



Ýmsir-Íslandslög 1-6



Bessi Bjarnason-Segir börnunum sögur



Bessi Bjarnason-Segir sögur og syngur fyrir börnin



Halli og Laddi-Hlúnkur er þetta



Halli, Laddi og Gísli Rúnar-Látum sem ekkert C



Laddi-Deió



Laddi-Ertu búnaðverasvona lengi?



Laddi-Of feit fyrir mig



Laddi-Allt í lagi með það



Laddi-Einn voða vitlaus

sena

okkar heimur // þín skemmtun



> VISSIR ÞÚ?

Engin leikkona hefur unnið fleiri Óskarsverðlaun fyrir leik í aðalhlutverki en Katharine Hepburn. Hepburn, sem lést fyrir fjórum árum, vann verðlaunin fjórum sinnum.

**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Groening af norskum ættum

Simpsons æði ríður yfir heimsbyggðina þessa dagana, eftir því sem myndin er frumsýnd í fleiri og fleiri löndum. Frændur okkar í Noregi fara ekki varhluta af því. Á dögunum fagnaði norska ríkisútvarpið komu Hómers og félaga til landsins með því að flytja landsmönnum fregnir af því að Matt Groening, skapari þáttanna sívinsælu, væri hálf-norskur. Móðir hans, Margaret Wiggum Groening, ku nefnilega vera norsk að uppruna.

Groening sjálfur flaggar ætterni sínu ekki mikið. Þó hefur hann einhvern tíma viðurkennt að hann sé af norskum og þýskum ættum, og bætti við að þar væru á ferð „tvö ófyndnustu þjóðarbrot í sögu heimsins“.

Þó að Groening básúni ekki smáatriði ættartrés síns hefur fjölskylda hans haft mikil áhrif á Simpson-heiminn allan. Faðir hans heitir nefnilega Hómer, og móðirin Margaret, eins og áður sagði. Yngri systur Groening heita Lísa og Margaret, eða Maggie. Groening fannst þó of langt gengið að nefna gemlinginn í gulu fjölskyldunni eftir sjálfum sér, og lét hann því hafa nafnið Bart. Eldri systirin, Patty, varð að systur Marge í Simpson-fjölskyldunni, á meðan bróðirinn Mark var Groening innblástur að karakter óþekktarormsins Bart. Groening lét þar ekki staðar numið, heldur gaf lögreglustjóranum Clancy Wiggum ættarnafn móður sinnar, og nefndi fjöldann allan af öðrum persónum í þáttunum eftir götum í heimabæ sínum, Portland í Oregon-ríki.



**NORÐMENN EIGNA SÉR SKAPARA SIMPSONS**

Norska ríkisútvarpið flutti á dögunum fréttir af því að Matt Groening, skapari Simpsons, væri hálf-norskur. Sjálfur hreykir sér hann ekki af ætterninu, en nefndi hins vegar fjölda Simpson-persóna eftir fjölskyldu sinni.


Veislusetrið



Erfidrykkjur
Smurt brauð
Kaffihlaðborð

Veisluþjónusta
Veislusalur

Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102




**BERMÚDA** Hljómsveitin Bermúda hefur sent frá sér stuðlagið Dansaðu.

# Dansaðu frá Bermúda

**Hljómsveitin Bermúda hefur sent frá sér lagið Dansaðu.**

**Um er að ræða hressandi sumarlag eftir gítarleikarann Ómar Örn Ómarsson. Fyrr í vor gaf sveitin út lagið If You sem fékk ágætar viðtökur en nú er glænýtt lag sem sagt farið í loftið. Bermúda, sem spilar næst á Síldarævintýrinu á Siglufirði næstkomandi laugardagskvöld, stefnir á útgáfu sinnar fyrstu plötu í haust.**

# Gainsbourg best klædda konan

**Tímaritið Vanity Fair hefur birt hluta lista síns yfir best klædda fólk heims. Charlotte Gainsbourg þykir best klædda konan.**



CHARLOTTE GAINSBOURG

Á hverju ári birtir tímaritið Vanity Fair lista yfir best klæddu manneskjur heims. Listinn verður birtur í september-tölublaði af tímaritinu en hægt er að sjá hluta af honum á netinu.

Listanum er skipt í sex hluta; konur, karlmenn, pör, tískufrömuði, frumlegheit og sérstakan „hall of fame“-lista yfir þá sem hafa oft náð sæti á listanum. Á kvennalistanum er það hin franska Charlotte Gainsbourg sem hlýtur fyrsta sætið en einnig eru þær Fran Lebowits, Bee Shaffer, Tilda Swinton og Alexandra Grikklandsprinsessa ofarlega. Tiki Barber íþróttafréttamaður situr efst á karlalistanum en á eftir koma til dæmis Jonathan Becker, Lenny Kravitz og Richard E. Grant. Paralistann leiða þau David og Victoria Beckham en auk þeirra eru Damon Dash og Rachel Roy á listanum en einnig Demi Moore og Ashton Kutcher auk fleiri stílíseraðra para.

Í hópi tískufrömuða eru þau Jefferson Hack, Margherita Missoni, Amy Astley hjá Teen Vogue og Hedi Slimane. „Hall of fame“-listinn hlýtur svo að vera fjölbreyttastur enda má þar sjá nöfn eins og Sofia Coppola, Anna Piaggi, Jemina Khan í sama hóp og George nokkur Clooney.

hilda@frettabladid.is



ALEXANDRA PRINSESSA Í GRIKKLANDI

**BEST KLÆDDA FÓLKIÐ**

Á lista Vanity Fair yfir best klæddu manneskjur heims má finna allt frá hinni frönsku Charlotte Gainsbourg til Beckham-hjónanna.



RICHARD E. GRANT

JEFFERSON HACK

ASHTON KUTCHER OG DEMI MOORE

DAMON DASH OG RACHEL ROY

AMY ASTLEY

TIKI BARBER


Spennandi starf á auglýsingastofu

Móttaka og skrifstofuhald

Starfssvið
- Umsjón með móttöku viðskiptavina
- Símavarsla og aðstoð við bókhald
- Þátttaka í skrifstofuhaldi
- Önnur tilfallandi verkefni fyrir starfsmann með frumkvæði

Hæfniskröfur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott og jákvætt viðmót
- Þekking á Office hugbúnaði
- Lipurð í samskiptum
- Góð þekking á íslensku og ensku
- Reynsla af þjónustustörfum kemur sér vel

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila.
Umsóknarfrestur er til 9. ágúst. Fullum trúnaði heitið.

Vinsamlegast sendu ferilsskrá og þær upplýsingar sem þú telur skipta máli á umsoknir@jl.is

Upplýsingar veitir Agnar Tr. Le'macks með tölvupósti: agnar@jl.is

JÓNSSON & LE'MACKS

Jónsson & Le'macks (www.jl.is) er auglýsingastofa stofnuð árið 2003. Starfsmenn eru nú 29 talsins með mjög fjölbreytta menntun og reynslu. Á meðal viðskiptavina J&L eru: Egg, Eykt, Eymundsson, Gentle Giants, Glitnir, Hive, HugurAx, Ingvar Helgason, Jónar Transport, Keilir, Listahátíð í Reykjavík, Lífís, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Plúsferðir, 66° Norður, Sumarferðir, Úrval Útsýn, Ölgerðin Egill Skallagrímsson...

Vesturgötu 10 - 10a • 101 Reykjavík • www.jl.is • s. 534 5550



**JOHN WAYNE** Stytta af leikaranum John Wayne var afhjúpuð í Oklahoma.

# Afhjúpuðu styttu

**Stytta af leikaranum John Wayne var nývverið afhjúpuð á kúrekasafni í Oklahoma í Bandaríkjunum í tilefni þess að á þessu ári eru hundrað ár liðin frá fæðingu hans.**

**Tvö barnabörn Waynes voru viðstödd athöfnina, önnur þeirra Anita LaCava Swift. „Það er alltaf jafn merkilegt fyrir okkar fjölskyldu að hitta aðdáendur hans því hann hefur verið látinn í þrjátíu ár. Samt koma upp að mér þriggja ára börn sem segjast dýrka hann og dá,“ sagði hún. „Það var frábært að eiga svona goðsögn sem afa.“**



**KISS** Hljómsveitin Kiss spilaði án Pauls Stanley á tónleikum í Kaliforníu.

# Stanley á sjúkrahús

Paul Stanley, söngvari og gítarleikari rokksveitarinnar Kiss, þurfti að hætta við að koma fram á tónleikum í Kaliforníu vegna hjartatruflana. Félagar hans í sveitinni, Gene Simmons, Tommy Thayer og Eric Singer, létu það ekki aftra sér og spiluðu á tónleikunum sem tríó á meðan farið var með Stanley á sjúkrahús.

„Á meðan á æfingum fyrir tónleikana stóð fór hjartað í mér í 190 slög á mínútu og hélt því áfram í klukkutíma,“ sagði Stanley á heimasíðu sinni. Fékk hann aðstoð sjúkraliða sem komu honum í lag á nýjan leik. Stanley, sem heitir réttu nafni Stanley Eisen, er 55 ára.



**NÝ UPPTÖKUTÆKNI** Myndavélar voru fastar við leikarana sem léku í stuttmynd Einars Snorra.

# Ný tækni í stuttmynd

**Sérstök tækni var notuð við gerð Live Earth-stuttmyndarinnar Consumption sem leikstjórinn Einar Snorri sendi frá sér fyrr í sumar. Einhvers konar bodytökuvél var notuð, þannig að myndavélin var föst á leikurunum meðan á tökum stóð.**

Hægt er að sjá myndina á heimasíðunni snorribros.com en í henni deilir Einar Snorri hart á neysluhyggjuna í samfélaginu. „Í staðinn fyrir að fólk borði það sem er fyrir framan það og er holt eru unglingar og fleiri að háma í sig allt það rusl sem það nær í,“ segir Einar, sem er með annað verkefni í gangi sem nefnist Mother Nature, hjá fyrirtæki sínu, Snorri Bros. „Þar erum við að fókusera á það fallega í heiminum og fanga það í náttúrunni sem eftir er.“ - fb

# Jón Gústafsson heiðraður í New York

Íslenska heimildarmyndin Reiði guðanna eftir Jón Gústafsson vann sérstök dómnefndarverðlaun á kvikmyndahátíðinni Stony Brook sem var haldin á Long Island í New York um síðustu helgi.

„Þessi verðlaun eru töluvert mikill heiður. Þessi hátíð er ansi virt og hefur verið í gangi í mörg ár,“ segir Jón. „Það er alveg ótrúlegt að þessi litla og ódýra heimildarmynd frá Íslandi skyldi fá þessi verðlaun.“



**BJÓLFSKVIÐA** Gerard Butler, sem fór með aðalhlutverkið í Bjólfskviðu, kemur mikið við sögu í heimildarmyndinni Reiði guðanna.

Áhorfendaverðlaunin á hátíðinni hlaut Man in the Chair með Christopher Plummer í aðalhlutverki og spáir Jón þeirri mynd góðu gengi á næstunni.

Þetta eru þriðju verðlaunin sem Reiði guðanna fær á tiltölulega skömmum tíma því fyrr á árinu hlaut hún áhorfendaverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Oxford og bronsverðlaun á kvikmyndahátíðinni World Fest í Houston.

Reiði guðanna, eða Wrath of Gods, lýsir þeim aðstæðum sem voru uppi við gerð kvikmyndarinnar Bjólfskviðu eftir Sturlu Gunnarsson. Þurftu kvikmyndagerðarmennirnir að glíma við óblíð náttúruöflin og erfiða peningamenn.

Heimildarmyndin hefur nú verið sýnd á sjö kvikmyndahátíðum víðs vegar um heiminn. Var hún sýnd í Ástralíu í síðustu viku og næstkomandi sunnudag verður hún sýnd á kvikmyndahátíð í Norður-Kaliforníu. Einnig hefur hún verið bókuð á Wine Country-hátíðina sem er haldin rétt fyrir utan San Francisco. Auk þess hafa komið fyrirspurnir frá öðrum hátíðum og dreifingartilboð hafa einnig borist bæði frá Kanada og Bandaríkjunum.

Næsta verkefni Jóns verður leikin kvikmynd sem hann er að þróa áfram en þangað til mun hann halda áfram að leikstýra auglýsingum. - fb



**Í NEW YORK** Jón Gústafsson á kvikmyndahátíðinni í New York ásamt Karolinu Lewicke sem aðstoðaði hann við gerð myndarinnar.




# Krassandi ævisaga Keiths

**Keith Richards, gítarleikari The Rolling Stones, er byrjaður að skrifa sjálfsævisögu sína. Búast má við krassandi útkomu enda hefur Richards gengið í gegnum ótrúlegustu hluti á ævi sinni.**


KEITH RICHARDS Rollingurinn síungi er byrjaður að skrifa sjálfsævisögu sína. NORDICPHOTOS/AFP

Richards hefur í gegnum tíðina verið ófeiminn við að tala um tónlist sína, baráttu sína við heróínfíknina og deilurnar við Sir Mick Jagger. Þessar frásagnir hafa þó aldrei verið sagðar í einni bók.

**Algjört lostæti**

Eftir mikið kapphlaup bókaforlaga um útgáfuréttinn að sögunni stóð útgáfan Little, Brown uppi sem sigurvegari og er bókin væntanleg árið 2010. „Í yfir fimmtíu ár hefur hann verið í hringiðu skemmtanabransans. Að fá ævisögu hans í einni bók er frábært. Þarna verða sagðar sögur sem hafa aldrei verið sagðar áður,“ sagði útgáfustjórinn Michael Pietch, sem bætti því við að sumar frásagnirnar væru algjört lostæti. „Þessar frásagnir eru hins vegar jafnmikilvægar eins og maður var að vonast eftir. Minningarnar og tilfinningarnar fá að njóta sín. Fólk veltir fyrir sér hvort hann man yfir höfuð eitthvað en ég vildi óska að minni mitt væri svona gott.“

**450 milljónir í vasann**

Richards, sem er 63 ára, fær tæpar 450 milljónir króna í sinn hlut fyrir að skrifa bókina. Honum til halds og trausts við skriftirnar verður vinur hans, rithöfundurinn James Fox.

Áður hefur fyrrum bassaleikari Stones, Bill Wyman, skrifað sína sjálfsævisögu auk þess sem væntanleg er saga frá gítarleikaranum Ron Wood á næstunni.

Söngvarinn Jagger reyndi eitt sinn að skrifa sjálfsævisögu en gafst upp vegna þess að hann mundi ekki eftir neinu spennandi.

**Sífellt í sviðsljósinu**

Richards hefur verið mikið í sviðsljósinu að undanförnu. Hann vakti mikla athygli fyrr á árinu þegar hann sagðist í viðtali við tímaritið NME hafa sogið ösku föður síns upp í nefið á meðan hann var undir áhrifum vímuefna. Skömmu síðar neitaði hann þessu og sagðist hafa sagt þetta í gríni.

Fyrr í sumar kom hann síðan við sögu í kvikmyndinni Pirates of the Caribbean þar sem hann lék föður Jacks Sparrow, leikinn af Johnny Depp.

**Handónýt eiturlyf**

Á síðasta ári vakti Richards athygli þegar hann sagðist vera hættur að nota eiturlyf. Ástæðan væri ekki af heilsufarsástæðum heldur vegna þess að eiturlyfin væru ekki lengur nógu sterk fyrir hann. Skömmu áður hafði hann fallið úr tré á fylleríi á Fiji-eyjum og þurfti að gangast undir heilaskurðaðgerð.

**ÞEKKTAR TILVITNANIR**

- „Allir eru að tala um rokk þessa dagana. Vandamálið er að þeir gleyma að tala um rólið.“
- „Ég hef aldrei átt við eiturlyfjavanda að stríða. Ég hef bara átt í vandræðum með lögregluna.“
- „Það eina sem mig og Mick [Jagger] greinir á um er hljómsveitin, tónlistin og hvað við eigum að gera.“
- „Ef þú ætlar að sparka í yfirvöld gerðu alveg eins notað báða fætur.“
- „Ég verð bara veikur þegar ég hætti að taka eiturlyf.“
- „Ef þú þekkir ekki blúsinn geturðu sleppt því að taka upp gítar og spila rokk og ról eða nokkra aðra tónlistartegund.“
- „Þið hafið sólina og tunglið og þið hafið The Rolling Stones.“

# Innblástur frá Íslandi

Þýski trúbadorinn Judith Nieder heldur tónleika á Næsta bar í kvöld. Nieder, sem er 25 ára, hefur sjö sinnum heimsótt Ísland á síðustu tólf árum og fylgist vel með íslensku tónlistarlífi. Hún sækir innblástur í íslenska náttúru og tónlistarlíf en á nýjustu plötu sinni syngur hún nokkrar setningar á íslensku. Annars eru textarnir hennar allir á ensku. Tónleikar Nieder á Næsta bar í kvöld hefjast klukkan 22.00. Nálgast má nokkur laga hennar á síðunum www.judithnieder.de og á www.myspace.com/judithnieder.


JUDITH NIEDER Þýski trúbadorinn heldur tónleika á Næsta bar í kvöld.


NÝTT Í BÍÓ!







| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DEATH PROOF | kl. 8 - 10.40 | 16 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 | 10 |
| GEORGIA RULES | kl. 9 | 7 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 6 - 8 | 7 |
| SIMPSONS ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| HARRY POTTER 5 | kl. 10 | 10 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.30-POWER | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| 1408 | kl. 8 og 10 | 16 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

Djúpivogur 22
Höfnum , Reykjanesbæ
Sveit í bæ !

Stærð: 110 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 16.850.000
Bílskúr: Nei




FIMMTUD. 02.ágúst . Kl : 18:00-18:30

Verð: 18.300.000

Fallegt og fjölskylduvænt einbýli. Á einum besta og leyndasta stað landsins. Hér ertu í sveitinni, við sjó, í móum við fuglasöng og í friði.En örstutt er í bæina, borgina og á alþjóðlegan flugvöll. Í Höfnum er kirkja,gott fólk ,fjölbreytt dýralíf og frítt í strætó. Húsið sem um ræðir telur fjögur herbergi, stofu, eldhús og frábæran nýjan sólpall. Allt vel byggt og viðhaldið. Einnig er leyfi fyrir byggingu bílskúrs.

RE/MAX Bær

Benedikt
Sölufulltrúi
861-2743
benedikt@remax.is

Kristín Gunnars
Sölufulltrúi
848-8718
stina@remax.is

Guðbergur
Lögg. fasteignasali
893-6001
beggi@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Rihanna** hefur setið á toppi breska vinsældarlistans með lag sitt Umbrella síðustu tíu vikur. Nú hefur hún þó fallið af toppnum og sá sem kom í hennar stað er gamla rapparakempan **Timbaland** með lagið sitt, The Way I Are. Mörgum þykir það merkilegt að nánast allan tímann sem lagið Umbrella var svo vinsælt í Englandi helltist rigningin niður úr skýjunum. Nú hins vegar sést loks til sólar í Englandi og spurning hvort Timbaland hafi eitthvað með það að gera.



**Scarlett Johansson** er á leiðinni í klámbransann. Ekki kannski alveg en næstum því. Hún mun leika klámstjörnuna **Jennu Jamesson** í kvikmynd um ævi hennar. Jenna valdi Scarlett sjálf í hlutverkið. „Mér þótti Scarlett hæfust í hlutverkið og ég er mjög spennt fyrir myndinni. Ég tók þá ákvörðun að leika ekki sjálfa mig í myndinni enda er þetta mitt líf og hver sem er getur leikið sjálfan sig,“ sagði Jenna. Myndin er byggð á bók Jennu, How to Make Love like a Porn Star.

# Enn bætist við Airwaves

**Tæp fimmtíu tónlistaratriði hafa bæst við Iceland Airwaves-hátíðina sem verður haldin í miðborg Reykjavíkur í haust.**



**JAKOBÍNARÍNA** Hafnfirska sveitin Jakobínarína spilar á Iceland Airwaves í ár.

Dönsku sveitirnar Lali Puna og Ms John Soda eru á meðal þeirra sem hafa bæst við á Airwaves-hátíðina ásamt The Duke Spirit, Foals og The Teenagers frá Bretlandi. Einnig hafa sveitir á borð við Jakobínarínu, Brain Police, Kimono, The Viking Giant Show og Shogon boðað komu sína á hátíðina.

The Teenagers, Foals og Late of the Pier koma allar fram á sérstöku kvöldi bresku plötuútgáfunnar Moshi Moshi, sem hefur staðið fyrir tónleikum á Airwaves undanfarin ár. The Teenagers hafa verið hvað mest áberandi af þessum sveitum í breska tónlistarheiminum undanfarið og getið sér gott orð fyrir eigin lagasmíðar, auk endurhljóðblandana á verkum Air og Au Revoir Simone. Þeir hafa verið duglegir við tónleikahald í ár og munu m.a. koma fram á Reading-tónlistarhátíðinni í Englandi.

Þýska útgáfan Morr Music verður einnig á Iceland Airwaves og á vegum hennar spila hljómsveitirnar Lali Puna, Ms John Soda, Tied & Tickled Trio, Benni Hemm Hemm og Seabear. Á meðal þeirra hljómsveita sem höfðu áður boðað komu sína á Airwaves eru Bloc Party, !!!, Deerhoof, Of Montreal, Gusgus og múm og því stefnir allt í fjölbreytta og skemmtilega hátíð.

# Um tuttugu frumsýningar

Fimm myndir hafa bæst við dagskrá Bíódaga Græna ljóssins sem verða haldnir dagana 15. til 29. ágúst í Regnboganum.

Myndirnar sem voru að bætast við eru Away From Her, fyrsta leikstjórnarverkefni leikkonunnar Söruh Polley með Julie Christie í aðalhlutverki, Fast Food Nation eftir Richard Linklater byggð á samnefndri metsölubók, Goodbye Bafana eftir Bille August sem fjallar um samband Nelsons Mandela og fangavarðarins sem gætti hans í tuttugu ár, Fuck, heimildarmynd um orðið „fuck“, uppruna þess og áhrifamátt, og Zoo, heimildarmynd um hestariðla.



**MICHAEL MOORE Á BÍÓDÖGUM** Sicko, nýjasta mynd Michaels Moore, er meðal myndanna sem sýndar verða á Bíódögum Græna ljóssins í ágúst.

Á þessari tveggja vikna hátíð verða frumsýndar um tuttugu myndir frá öllum heimshornum, jafnt heimildarmyndir sem leiknar myndir.

Meðal myndanna sem verða sýndar eru Sicko, nýjasta mynd Michaels Moore, sem fjallar um bandaríska heilbrigðiskerfið, Goya's Ghost eftir Milos Forman og Cocaine cowboys, heimildarmynd um kókaíninnflytjendurna í Miami sem Scarface er byggð á.

- jar

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Angelina Jolie** er mikil fjölskyldukona en hefur þó viðurkennt að hún sé ekki mjög hæfileikarík í eldhúsinu. „Ég elda ekki og finnst ekki gaman að elda. Ég get gert samloku þó svo að Brad sé sennilega ekki sammála því,“ sagði Angelina. „Ég væri mjög til í að hafa kunnáttu til að elda góða máltíð. En ég hef reynt og það er enginn æstur í að ég geri það aftur.“



**Christinu Aguilera** hefur verið skipað að taka því rólega vegna meintrar óléttu sem hefur þó aldrei verið staðfest. Christina þjáðist af öndunarörðugleikum á tónleikum um daginn og féll í öngvit. Hún er nú rúmliggjandi og þurfti að hætta við næstu tónleika í Ástralíu. „Ég er mjög vonsvikin að geta ekki leyft ykkur að sjá tónleikana mína og vil biðja alla aðdáendur mína afsökunar,“ sagði Christina í opinberri tilkynningu.



## > Orðrómurinn um Eið heldur áfram

Eiður Smári Guðjohnsen er á leiðinni til West Ham samkvæmt enskum fjölmiðlum sem halda áfram að ýja að því að hann skrifi undir fljótlega. Newcastle og Manchester City eru einnig sögð renna hýru auga til landsliðsfyrirliðans. Eiður Smári er meiddur um þessar mundir en á Sky-fréttastofunni í gær var ritað að spænskir fjölmiðlar teldu að Eiður væri í raun alls ekki það meiddur, ástæðan fyrir því að hann færi ekki með liðinu til Asíu í æfingaferð væri viðræður við West Ham.



# sport

sport@frettabladid.is

**KRISTJÁN GUÐMUNDSSON ÞJÁLFARI KEFLAVÍKUR:** MÆTA FC MIDTJYLLAND Í SEINNI LEIKNUM Í KVÖLD

# *Ætla sér að taka okkur í kennslustund*

Keflavík er komið til Herning í Danmörku þar sem liðið spilar seinni leik sinni við FC Midtjylland í Evrópukeppninni í kvöld. Keflavík vann fyrri leikinn 3-2 og dugar því jafntefli til þess að komast áfram í næstu umferð. „Möguleikarnir hjá okkur liggja bara í því að við unnum fyrri leikinn. Þetta er gríðarlega sterkt lið og það má ekki vanmeta það,“ segir Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur. „Ég held að við þurfum að skora í þessum leik til þess að eiga einhvern möguleika. Við sögðum það líka fyrir þessar viðureignir að við þyrftum að spila af 100% getu í báðum leikjunum til þess að komast áfram.“



FC Midtjylland vann Stefán Gíslason og félaga í Bröndby 5-0 á heimavelli í dönsku úrvalsdeildinni um helgina. Kristján segist vera búinn að skoða þann leik. „Þeir spiluðu aðeins öruvísi gegn Bröndby og pressuðu ekki alveg eins framarlega og þeir hafa verið að gera. Ég á samt frekar von á því að þeir pressi okkur framarlega og reyni það allan leikinn,“ segir Kristján sem kveðst hafa orðið var við það að Danirnir ætli að sýna Keflavíkurliðinu í tvo heimana. „Þeir eru mjög heitir út í okkur eftir að hafa tapað fyrir okkur. Þeir hafa sagt það hérna í fjölmiðlum að þeir ætli sér að taka okkur í kennslustund.“

Stefán Gíslason er leikmaður Bröndby og fékk að kynnast því af eigin raun um helgina hversu sterkt lið FC Midtjylland er. „Þeir unnu okkur 5-0 og þeir voru hrikalega góðir á móti okkur. Þeir eiga eitt mark á það og það er allt hægt en Keflvíkingarnir þurfa að eiga toppleik og vel það,“ segir Stefán sem hrósar sínum gömlu félögum í Keflavík fyrir úrslitin í fyrri leiknum. „Það kom mjög á óvart hér út í Danmörku að Keflavík skyldi vinna fyrri leikinn. Ég held að fólk á Íslandi geri sér ekki alveg grein fyrir því hversu sterkt þetta lið er og hvað þetta eru í raun góð úrslit hjá Keflvíkingunum. Það er mjög hár og góður standard á boltanum hérna í Danmörku og þetta er eitt af toppliðunum,“ segir Stefán sem býst við mjög erfiðum leik hjá Keflavík í kvöld.



**RÓLEGUR** Sigurður Ingimundarson er að leita að nýjum erlendum leikmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Denis Ikovlev ekki í Keflavík:

## Fékk risatilboð frá Rússlandi

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, segir útlendingamál félagsins vera í góðum gír þrátt fyrir að Úkraínumaðurinn Denis Ikovlev hafi hætt við að koma.

Hann er að skoða nokkra leikmenn og ætlar að taka sér góðan tíma í að finna leikmenn fyrir næsta tímabil. Keflavík hafði náð samkomulagi við umboðsmann Ikovlevs sem hafði ekki skrifað undir.

Ikovlev vildi frekar fara til Rússlands þar sem hann fékk mun hærra peningatilboð, eitthvað sem Keflavík átti ekki möguleika á að keppa við. „Hann er að fara í miklu meiri peninga og ég lái honum það ekki. Ég talaði við strákinn og þetta góður náungi og góður leikmaður,“ segir Sigurður. - óój

# Logi rennir blint í sjóinn

**Logi Ólafsson stýrir KR í fyrsta skipti í kvöld í Evrópuleik gegn Häcken. Logi segist ekki þekkja mikið til sænska liðsins en hefur fengið haldgóðar upplýsingar fyrir leikinn. Hann leggur áherslu á að sameina liðið fyrstu daga sína hjá KR.**

**FÓTBOLTI** Síðari leikur KR og Häcken verður sá fyrsti sem Logi Ólafsson stýrir KR-skútunni. Hann tók við liðinu á mánudaginn og segir fyrstu dagana hafa verið „algjöra snilld“.

Häcken er í 6. sæti næstefstu deildarinnar í Svíþjóð og hitaði upp fyrir leikinn með 4-0 sigri um síðustu helgi. „Persónulega renni ég nokkuð blint í sjóinn. Ég þekki ekki Häcken en leikmennirnir og Sigursteinn Gíslason aðstoðarþjálfari þekkja þetta betur. Það þykir fínt að vera með 1-1 stöðu eftir útileik en mér skilst að þetta séu áþekk lið,“ sagði Logi við Fréttablaðið í gær.

Logi vonast til að geta hafið uppbygginu sína hjá KR strax í kvöld en hann varar við röngu hugarfari fyrir leikinn. „Við ætlum að gera tilraun til þess að spila þetta eins og við viljum gera þetta í framtíðinni. Það er óvarlegt að fara inn í þennan leik með það hugarfar að halda fengnum hlut og ætla bara að pakka í vörn. Það er þó alveg ljóst að við munum ekki taka neinar verulegar áhættur en við förum samt inn í leikinn með það hugarfar að vinna,“ sagði Logi.



**ÞJÁLFARATEYMIÐ** Ræðir hér saman á æfingu í vikunni. Logi treystir á Sigurstein fyrir upplýsingum um lið Häcken. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Nýi stjórinn í brúnni er ekki vitund stressaður fyrir fyrsta leikinn undir kröfuhörðum áhangendum og stjórn sem var orðinn langþreytt á erfiðu ástandi í Vesturbænum. „Nei, það er ekkert stress í gangi. „Ég veit að það eru allir leikir erfiðir, ekki síst fyrir KR eins og staðan er í dag. Vonandi náum við að gera þetta þannig úr garði að sjálfstraust manna aukist eftir leiki og í leikjunum sjálfum,“ sagði þjálfarinn sem var ekkert búinn að velta byrjunarliðinu fyrir sér eða hvort miklar breytingar yrðu gerðar á því frá stjórnardögum Teits Þórðarsonar. „Ég stilli bara upp því sterkasta sem ég tel að við eigum völ á.“

Logi ætlar að láta liðið sitt spila almennilega knattspyrnu en blanda saman léttleikandi spili og lengri og árangursríkum sendingum, eins og hann orðaði það. „Við spilum fótbolta og reynum að ná tökum á því að geta varist vel sem liðsheild. Ég vona að við getum búið til gott lið sem getur haldið boltanum og spilað sig í gegnum varnir andstæðinganna,“ segir þjálfarinn og tekur jafnframt fram að möguleikarnir á því að komast áfram séu góðir.

Sjálfstraust er nokkuð sem hefur verið áberandi ábótavant hjá KR í sumar, á því vonast Logi til að gera bragarbót. „Það verða ekki kallaðir sálfræðingar, geðlæknar og prestar í það, við reynum að vinna það sjálfir. Aðferðin er bara að halda áfram að æfa og vonast til að koma sjálfstraustinu úr æfingunum inn í leikina.“

Logi segir enn fremur að mórallinn í liðinu sé góður og hann merki alls ekki að allt sé í háaloft inni í búningsklefanum. „Mér fannst ég merkja það að menn eru staðráðnir í að gera betur og aðeins að lyfta upp húmornum í þessu. Menn þurfa að halda einbeitingu, hún verður að vera á réttum stað á réttum tíma. Við megum ekki gefa okkur of mikinn tíma samt,“ sagði Logi sem ætlar að gefa leikmönnum frí á næstunni.

„Það er oft ekki verra að menn fari frá hver öðrum þegar ástandið er svona. Við vinnum í því að sameina liðið,“ sagði Logi Ólafsson. hjalti@frettabladid.is



**CASPER** Hefur reynst mikill liðsstyrkur fyrir Blika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Casper Jacobsen:

## Hjá Breiðabliki út sumarið 2008

**FÓTBOLTI Markmaðurinn Casper Jacobsen hefur skrifað undir framlengingu á samningi sínum við Breiðablik út sumarið 2008. Jacobsen kom frá Danmörku eftir að Hjörvar Hafliðason meiddist og gerði upprunalega samning til 30. ágúst. Hann hefur aðeins fengið á sig fimm mörk í sjö deildarleikjum í sumar.**

**Hjörvar þarf smá tíma til að koma sér inn í þetta aftur en síðan er frábært að vera með tvo sterka markmenn að berjast um stöðuna,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, við Fréttablaðið í gær.** - hþh

Sænska liðið Häcken:

## Staldrar stutt við

**FÓTBOLTI** Leikmenn, þjálfarar og fulltrúar Häcken, sænska liðsins sem KR-ingar mæta í Evrópukeppninni í dag, staldra stutt við á Íslandi. Liðið mætti til landsins í gær og tók eina stutta æfingu í Frostaskjólinu í gærkvöldi eftir að hafa eytt deginum í skoðunarferð um Reykjavík.

Á morgun er förinni heitið í Bláa lónið áður en lagt verður af stað aftur til Svíþjóðar. Stoppið er í það heila því ekki nema rúmur sólarhringur, sem þykir afar lítið þegar mikilvægur Evrópuleikur er annars vegar. - vig





Himinn og haf / SÍA

Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

**Ljósmyndasamkeppni**

Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.



**GÓÐ** Kesha Watson verður áfram hjá Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express-deild kvenna:

## Watson verður áfram í Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Keflavíkur hefur náð samkomulagi við hina bandarísku Keshu Watson um að hún komi aftur til liðsins næsta vetur en Watson lék mjög vel með Keflavík á síðasta tímabili.

Watson, sem er bakvörður, var með 24,4 stig að meðaltali í leik í deildinni auk þess að gefa 6,1 stoðsendingu, stela 4,8 boltum og skora 2,7 þriggja stiga körfur að meðaltali í leik.

Watson er keppnismanneskja og sterkur karakter sem gefur mikið af sér inn á vellinum og því eru þetta mjög góðar fréttir fyrir Keflavík sem endaði í 2. sæti á bæði Íslandsmótinu og í bikarnum síðasta vetur. - óój



**GRÉTAR HJARTARSON** Hefur mátt þola að dúsa á bekknum hjá KR stóran hluta tímabilsins.

Íslandsmeistarar FH:

## Reyndu að fá Grétar frá KR

**FÓTBOLTI** Fulltrúar Íslandsmeistara FH ræddu við kollega sína hjá KR í byrjun vikunnar um þann möguleika að fá sóknarmanninn Grétar Ólaf Hjartarson til liðsins á láni út tímabilið. Viðræðurnar áttu sér stað í byrjun vikunnar en frestur til félagsskipta rann út á miðnætti á þriðjudagskvöld.

Viðræðurnar komust hins vegar aldrei á alvarlegt stig því KR-ingar höfðu lítinn áhuga á að sleppa Grétari, hvað þá til sjálfra Íslandsmeistaranna og erkifjendanna í FH. - vig





*Vinnur þú*

*lúxusferð*

*á rauða dregilinn í London 15. ágúst?*

Heppinn félagi í Bíóklúbbi MasterCard vinnur fimm daga lúxusferð fyrir 2 til London og fær að fylgja stjörnunum eftir rauða dreglinum og sjá stórmyndina The Bourne Ultimatum með stjörnunum 15. ágúst.

Einnig vinna 150 félagar í klúbbnum tvo miða á sérstaka MasterCard forsýningu á myndinni á Íslandi 16. ágúst, 6 dögum fyrir frumsýningu.

Skráðu þig í Bíóklúbb MasterCard á www.mastercard.is/bio og notaðu MasterCard kortið!

Drögum úr öllum færslum félaga í Bíóklúbbnum föstudaginn 3. ágúst 2007.

**www.mastercard.is/bio**

MasterCard




# Landið er fallegra á löglegum hraða

UMFERÐARSTOFA

Ferðamálastofa www.ferdalag.is

# FH sá aldrei til sólar í Kaplakrika

Íslandsmeistarar FH voru yfirspilaðir á heimavelli sínum í Kaplakrika í gær af ógnarsterku liði FC Bate Borisov. Hvítrússnesku meistararnir unnu sannfærandi 3-1 sigur og eru svo gott sem komnir áfram.

**FÓTBOLTI** Miðað við gæðamuninn á liðum FH og Bate í Hafnarfirðinum í gær er það nánast ómögulegt verkefni sem bíður Íslandsmeistaranna í síðari leiknum sem fram fer ytra í næstu viku.

FH-ingar voru yfirspilaðir á löngum köflum í leiknum og þarf líklega að fara langt aftur í tímann til að finna þann leik þar sem FH-ingar hafa litið eins illa út á heimavelli, eins og í fyrri hálfleiknum í gærkvöldi.

„Mér fannst leikurinn mjög góður en liðið okkar er samt einum klassa betri en FH. Ég bjóst við því að markmaðurinn okkar yrði í meiri vandræðum en raunin var. Þrátt fyrir að hafa unnið í dag verður síðari leikurinn ekki auðveldur þar sem leikmenn FH börðust mjög vel,“ sagði Igor Kryushenko, þjálfari Bate, við blaðamenn eftir leikinn.

Draumabyrjun FH dugði engan veginn til því eftir að Matthías Vilhjálmsson hafði komið liðinu yfir strax á fjórðu mínútu tóku gestirnir öll völd á vellinum og fóru endurtekið afar illa með óörugga vörn FH. Jöfnunarmarkið kom þó ekki fyrr en á 31. mínútu þegar miðjumaðurinn Dmitri Likharovich batt endahnútinn á glæsilega sókn þar sem vörn FH var sundurspiluð. Mörkin hefðu hæglega getað verið fleiri og voru FH-ingar hreinlega heppnir að fara með jafna stöðu inn í hálfleik. Tvö mörk gestanna á fyrsta stundarfjórðungi síðari hálfleiks gengu hins vegar frá leiknum en bæði komu þau eftir einstaklingsmistök í liði FH.

Í vonlausri stöðu, 3-1 undir á heimavelli, vöknuðu FH-ingar fyrst til lífsins og voru hreinlega óheppnir að minnka ekki muninn áður en yfir lauk. Sigur Bate var hins vegar fyllilega verðskuldaður, liðið stjórnaði leiknum nánast frá upphafi og er óumdeilanlega í kjörstöðu fyrir síðari leikinn.




**DRAUMABYRJUN** Matthías Vilhjálmsson sést hér koma FH yfir eftir aðeins fjórar mínútur en þetta mark dugði skammt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bate er lið sem leggur áherslu á sóknarleikinn, sem sést einna best á því að liðið pressaði FH-inga að öftustu línu allt þar til að liðið hafði skorað mörkin þrjú í gær. Slík taktík verður að teljast óvenjuleg hjá útivallarliði í Evrópuleik og kom hún FH-ingum líklega nokkuð á óvart.

Bate spilar hreyfanlegan og skemmtilegan sóknarbolta sem heimamenn áttu engin svör við framan af leik í gær. Liðið gerði aukinheldur vel í því að loka á svæði og þvingaði FH-inga í að spila eins og þeir vilja alls ekki.

Leikmenn FH vilja sennilegast gleyma fyrri hálfleiknum í gær sem fyrst en frammistaða þeirra síðasta hálftímann, þar sem liðið náði loks að sýna sitt rétta andlit, sýnir að enn er von um að komast áfram þótt lítil sé.

Veikleika Bate er helst að finna í öftustu varnarlínunni, sem FH-ingar nýttu sér í marki Matthíasar í upphafi leiks. Þessa veikleika verður liðið að nýta sér óspart í seinni leiknum til að eiga einhverja möguleika á áframhaldandi þátttöku.

Þrjú mörk FH og ekkert frá andstæðinginum er það sem þarf til, en miðað við gæðamuninn á liðunum í gær þarf lítið minna en kraftaverk til að slíkir draumórar verði að veruleika. - vig



**ATVIKIÐ FRÆGA** Úrslitaleikur HM 2006 fór í sögubækurnar eftir þetta atvik. NORDICPHOTOS/GETTY

Marco Materazzi:

## Zidane vill ekki hitta mig

**FÓTBOLTI** Ítalski varnarmaðurinn Marco Materazzi segist ítrekað hafa óskað eftir því að hitta Zinedine Zidane að máli, án árangurs. Zidane skallaði Materazzi eftirminnilega í brjóstkassann í úrslitaleik HM 2006, í lokaleik ferils síns.

„Það ríkir friður innra með mér vegna málsins. Ég hef oft reynt að hitta Zidane til að grafa stríðsöxina en hann hefur alltaf neitað. Það er hans vandamál,“ sagði Materazzi og lítur út fyrir að þeir kumpánar muni aldrei semja. - hþh

Sven-Göran Eriksson:

## Kaupir Bojinov

**FÓTBOLTI Sven Göran Eriksson, stjóri Manchester City, er við það að landa ítalska framherjanum Valeri Bojinov. City er talið hafa komist að samkomulagi við Fiorentina um 5,75 milljón punda kaupverð fyrir framherjann sem yrðu fimmtu kaup Eriksson í sumar.** - hþh



**TONI** Nýtur lífsins hjá Bayern. NORDICPHOTOS/AFP

Luca Toni sáttur í Þýskalandi:

## Kvenhyllin heillar Ítalann

**FÓTBOLTI** Ítalski framherjinn Luca Toni er ánægður með lífið hjá Bayern München. Almenningur getur meðal annars horft á liðið æfa á degi hverjum. „Ég er mjög ánægður með það. Það er gaman þegar kvenkynið lætur sjá sig,“ sagði Toni og hélt áfram.

„Við Ítalir felum aldrei þá staðreynd að þegar við flytjum í nýja borg förum við fyrst í fataverslanirnar, síðan húsgagnabúðirnar. Ég eyði samt ekki löngum tíma fyrir framan spegilinn á morgnana,“ sagði Toni sem tók jafnframt fram að hann hlakkaði til að skora mörk í Þýskalandi. - hþh

KR-konur náðu Valskonum að stigum á toppi Landsbankadeildar kvenna:

# Spáum ekkert í markatöluna

**FÓTBOLTI** KR vann 6-2 sigur á Breiðabliki í Landsbankadeild kvenna í gær og náði því Val að stigum á toppi deildarinnar.

KR-liðið hefur oft spilað betur en í gær og þá sérstaklega í fyrri hálfleik sem var að mestu í höndum Blikastúlkna. Tvö mörk Hrefnu Huldar Jóhannesdóttur á lokamínútum fyrri hálfleik og stórkostlegt mark Hólmfríðar Magnúsdóttur eftir þrettán sekúndur í seinni hálfleik gerðu hins vegar algjörlega út um leikinn.

Hólmfríður skoraði tvö mörk fyrir KR, Hrefna var með tvö auk þess að leggja upp önnur tvö mörk og þær Ólína Viðarsdóttir og Olga Færseth skoruðu hvor sitt markið fyrir KR sem er með 25 stig líkt og Valur en vantar 12 mörk upp á til að jafna markatölu Valsliðsins.

Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, er búin að búa til sterkt lið hjá KR sem er til alls líklegt á lokasprettinum. „Ég er mjög ánægð með þennan leik og eina sem ég er ósátt við er mörkin sem við fengum á okkur í lokin. Það er rosalega flott en það eru allir leikir erfiðir og við höldum bara áfram. Við erum ekkert að spá í markatöluna okkar heldur hugsum um að vinna leikina okkar,“ sagði Helena.



**GÓÐ VÖRN** Blikinn Greta Mjöll Samúelsdóttir komst lítið gegn Katrínu Ómarsdóttur og öðrum KR-konum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Blikaliðið var mikið með boltann og spilaði vel úti á vellinum en ógnunin var engin inn í teig. Það var ekki fyrr en Jörundur Áki Sveinsson skipti inn á ungum stelpum fyrir slaka útlendinga, Kathryn Moos og Mette Nielsen, að hlutirnir fóru að gerast. Fanndís Friðriksdóttir og Sandra Sif Magnúsdóttir náðu síðan að laga stöðuna með mörkum í lokin.

Alicia Wilson átti mjög góðan leik í vörn KR og át upp flest allar sóknir Blika og þær Hrefna og Hólmfríður sýndu að munurinn á liðunum lá einkum í leikmönnum eins og þeim sem geta gert út um leiki með því að skora mikilvæg mörk þegar lítið er í gangi. - óój




**EIN SÚ BESTA Í EVRÓPU** Þóra Björg Helgadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þóra Björg Helgadóttir:

## Verður lánuð til Malmö í ágúst

**FÓTBOLTI** Þóra Björg Helgadóttir, landsliðsmarkvörður Íslands, hefur verið lánuð frá belgíska liðinu Anderlecht til sænska liðsins Malmö og mun spila við hlið systur sínar í ágústmánuði.

Þóra mun leysa markmannsvandræði liðsins en aðalmarkvörðurinn Caroline Jönsson sleit krossband fyrir viku síðan.

„Hún er ein aðalmaðurinn á bak við uppgang íslenska kvennalandsliðsins og er einn af bestu markvörðum Evrópu,“ sagði Jörgen Petersson, þjálfari Malmö á heimasíðu félagsins. - óój

Veigar Páll Gunnarsson gerir það gott hjá Stabæk:

# Með níu stoðsendingar í síðustu sjö leikjum

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson lagði upp bæði mörk Stabæk í 2-2 jafntefli við Vålerenga í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta um helgina og hefur þar með átt ellefu stoðsendingar í sumar. Er það þremur fleiri en næsti maður á listanum sem er Marek Sapara hjá Rosenborg.

Veigar Páll hefur átt níu af þessum ellefu stoðsendingum í síðustu sjö leikjum og alls átta þeirra á félaga sinn í sókninni Daniel Nannskog. Veigar Páll hefur skorað fimm mörk sjálfur og er því ennfremur sá leikmaður deildarinnar sem hefur komið að flestum mörkum í deildinni eða alls sextán í fimmtán leikjum.

Stabæk hefur skorað 24 mörk og hefur Veigar Páll því átt þátt í 67 prósentum marka liðsins á tímabilinu. Stabæk er sem stendur í öðru sæti, þremur stigum á eftir Brann. - óój



**AUGA FYRIR SPILI** Veigar Páll Gunnarsson er efstur í stoðsendingum í norsku deildinni. NORDICPHOTOS/AFP






RE/MAX BÆR

Smáraflöt 3

300 Akranes

Opið hús 18.00 - 19.00

Verð: 23.700.000

Stærð: 97,5 fm

Fjöldi herbergja: 3

Byggingarár: 2006

Brunabótamat: 19.550.000

Falleg 3ja herbergja, 97,5 fm íbúð á þriðjuhæð með sér inngang. Glæsilegt útsýni. Anddyrið er flísalagt og með rúmgóðum klæðaskáp. 2 svefnherbergi eru í íbúðinni og eru þau bæði með eikarparketi og með skápum en hjónaherbergið er mun stærra og með skápum á heilum vegg. Baðherbergið er með baðkari með sturtuaðstöðu, innréttingu og flísum í hólf og gólf. Flísalagt þvottaherbergi og geymsla eru innaf eldhúsi. Stofan er björt og falleg og þaðan er gengið út á Suðvestur svalir. Eldhúsið er opið inn í stofu.



Vilhjálmur
Sölufulltrúi
848 1200
villi@remax.is



Guðbergur
Lögg. fasteignasali



**GÓÐ TILRAUN** Sigurvin Ólafsson reynir að skora úr aukaspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FH-ingar voru ósáttir eftir tapið gegn Bate í gær:

# Númeri of stórir

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson var ánægður með byrjun leiksins hjá FH í gær áður en leikur liðsins hrundi eins og spilaborg.

„Ég veit bara ekki hvað gerðist. Mér fannst við ekki verri en þeir, þegar við þorum að halda boltanum. Þarna kom bersýnilega í ljós munurinn á atvinnumönnum og áhugamönnum. Þeir eru kaldir, þora að halda boltanum innan liðsins á meðan það kemur ákveðið stress í okkur,“ sagði FH-ingurinn.

Tryggvi er rómaður fyrir klókindi sín sem hann tekur út sem lykilatriði í leiknum í gær. „Þeir eru klókari í einu og öllu, í að fá aukaspyrnur, tefja, og halda boltanum. Klókindi eru svo mikilvægur partur af þessu og það kemur í ljós hér. Mörkin okkar eru alls ekki klók, þau eru ótrúlega klaufaleg,“ sagði Tryggvi sem er ekkert alltof bjartsýnn fyrir síðari leikinn í næstu viku.

„Þetta er auðvitað ekki búið en þetta veganesti er ekkert sérstakt. Við hefðum kannski átt að bæta við, hann dæmdi af mark og við hefðum átt að fá eitt eða tvö víti. Pólverji að dæma hjá Hvít-Rússum, ég veit ekki með það,“ sagði Tryggvi og glotti.

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, var ekki sáttur með tapið.

„Við byrjuðum vel og það átti að gefa okkur kraft en við vorum númeri of litlir. Við vorum alltaf á eftir, of langt frá mönnunum okkar og gáfum þeim alltof mikið pláss. Mér fannst við ólíkir sjálfum okkur og ég er ekki ánægður með úrslitin,“ sagði Ólafur.

„Þetta verður mjög erfitt. Auðvitað eru líkurnar ekki miklar en við komum til með að spila af fullum krafti. Þetta gefur okkur reynslu og þetta er þrælgaman þrátt fyrir að úrslitin séu ekkert sérstök. Við eigum undir högg að sækja, Ísland er ekki besta fótboltaland í heimi og munurinn sést þegar við spilum við útlendinga, þeir voru einfaldlega betri.“ - hþh



**EINN Á EINN** Eggert Gunnþór Jónsson stóð sig vel gegn Henry en í eitt skiptið komst sá franski fram hjá honum og skildi Eggert eftir í jörðinni, eins og myndirnar bera með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eggert Gunnþór Jónsson spilaði gegn Thierry Henry:

# Hann er hrikalega góður

**FÓTBOLTI** Eggert Gunnþór Jónsson, íslenski unglingalandsliðsmaðurinn hjá Hearts í Skotlandi, spilaði síðustu 22 mínúturnar í æfingaleik liðsins gegn Barcelona síðastliðinn laugardag og þótti standa sig með miklum ágætum, þrátt fyrir að spila ekki í sinni kjörstöðu á miðjunni.

Eggert lék í stöðu miðvarðar og att kappi við ekki ómerkari mann en Thierry Henry, en hann lék síðari hálfleikinn fyrir spænska stórveldið í leiknum.

Aðrir snillingar á borð við Samuel Eto´o, Ronaldinho og Lionel Messi voru hins vegar farnir af velli.

„Ég dekkaði hann í þann tíma sem ég var inn á og ég verð að segja að það var aðeins öðru vísi en ég átti von á. Hann er miklu stærri og sterkari en ég hélt og það er gríðarlega erfitt að fylgja honum eftir en mér fannst ég koma ágætlega frá mínu,“ segir Eggert.

Lokatölur leiksins urðu 3-1, liði Barcelona í vil, en þess má geta að öll mörk Barca komu áður en Eggert kom inn á. Tæplega sextíu þúsund manns fylgdust með leiknum úr áhorfendastúkunni.

„Henry er teknískur og flinkur með boltann en svo er hann greinilega ofboðslega klár framherji og með góðar staðsetningar. Einfaldlega hrikalega góður,“ sagði Eggert um einvígið við Thierry Henry. - vig



# SUMAR




## Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18


30. JÚLÍ - 12. ÁGÚST
ÚTSALA
0%
SLÁTTUR
20-40%
afsláttur í verslun
Enn meiri afsláttur
í markaðstjaldi
RISA ÚTSÖLUMARKAÐUR
INTERSPORT®
Intersport Smáralind SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 •

## > Kim Cattrall

Kim segist skilja að ekki hafi allir verið á eitt sáttir við endalokin í Sex and the City en þættirnir enduðu á því að allar sjálfstæðu konurnar voru komnar á fast og þar með loksins orðnar hamingjusamar. Hún segist telja að persónan sem hún lék, Samantha, hefði farið frá unga folanum sínum, Smith, örfáum vikum síðar. Kim leikur í Ice Princess á Stöð 2 Bíó kl. 16.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FANN HINN FÍNASTA VERULEIKAFLÓTTA

# Á ferð með áströlsku tríói

Sjónvarpsáhorf mitt þessa dagana fer nánast allt fram undir merkjum tilviljana og handahófskenndra skiptinga á milli stöðva. Ég er bara trygg og trú einum einasta þætti, So you think you can dance, þar sem dansarar sýna listir sínar og ótrúlega hæfileika og ég iða í skinninu og stólnum og stofunni á meðan.
Það réði því einmitt tilviljun ein að ég datt inn í þátt að nafni Backpackers á Skjá einum um daginn. Svo skemmtilega vill til að þátturinn sá hefur tilviljanir líka í heiðri, að því er ég komst næst. Í Backpackers er fylgst með Ástralatríói sem leggur upp í Evrópureisu, vopnað bakpokum og ferðaþorsta. Vinirnir þrír þvælast á milli landa, bara og ævintýra með það eitt að markmiði að upplifa eitthvað annað



á spænskum búgarði eða fara á óskiljanlegan ljóðaupplestur í Búdapest reyni ég að leita þá félaga uppi.

en hversdagsleikann sem heima bíður. Ég fæ ekki betur séð en að þessir þættir geti verið príma veruleikaflótti, þegar sá gállinn er á mér. Ferðaþættir bjóða alltaf upp á velkomna tilbreytingu við veruleikann, og þá sérstaklega þessir. Þar sem félagarnir þrír eru afar afslappaðir, líður manni nánast eins og maður sé fjórði ferðalangurinn í hópnum. Í þættinum sem ég sá gerðu þeir ekkert stórkostlegra en að fá barvinnu í afar rólegum skoskum smábæ, mála húsbílinn Van Damme og vera þunnir. Sem er lífið á þvælingi í hnotskurn og hin besta skemmtun. Næst þegar ég finn hjá mér þörf til að fá vinnu

## EKKI MISSA AF



▶20.10 Hidden Palms SIRKUS



▶16.00 Ice Princess STÖÐ 2 BÍÓ



▶20.10 Afríka heillar SJÓNVARPIÐ



▶20.05 Matur og lífsstíll STÖÐ 2



▶21.00 Will & Grace SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Formúlukvöld e.**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar (12:32)**
**18.28 Elli eldfluga (4:12)**
**18.30 Kær kveðja (1:2)**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Afríka heillar** (6:6) Breskur myndaflokkur um hjón sem hefja nýtt líf ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku.
**21.05 Kingdom lögmaður** (1:6) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ í sveitasælunni í Norfolk. Peter er sérvitur en hjartahlýr og virðist ánægður með lífið. Dularfullt hvarf bróður hans skyggir þó á lífsgleði hans.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 14-2** Rýnt verður í leiki efstu deilda karla og kvenna, spáð í spilin með sérfræðingum, stuðningsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og góðum gestum.
**22.55 Dagrenning** (11:13) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Hann leggur á flótta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er alltaf sami dagurinn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Aðþrengdar eiginkonur**(51:70) e.
**00.25 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Triumph of Love**
**08:00 Ice Princess**
**10:00 Six Days, Seven Nights**
**12:00 The Fog of War**
**14:00 Triumph of Love**
**16:00 Ice Princess**
**18:00 Six Days, Seven Nights** Blaðakona er í rómantísku frí á suðrænni eyju með kærastanum þegar hún er beðin um að skrifa grein um nálæga eyju.
**20:00 The Fog of War**
**22:00 They**
**00:00 Hard Cash**
**02:00 Taking Lives**
**04:00 They**

## STÖÐ 2

**07:00 Stubbarnir**
**07:25 Litlu Tommi og Jenni**
**07:45 Kalli litli kanína og vinir**
**08:10 Beauty and the Geek** (7:7)
**08:55 Í fínu formi 2005**
**09:10 Bold and the Beautiful**
**09:30 Forboðin fegurð** (104:114)
**10:15 Homefront**
**11:25 Sjálfstætt fólk**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:45 Nágrannar**
**13:10 Forboðin fegurð** (43:114)
**13:55 Forboðin fegurð** (44:114)
**14:45 Two and a Half Men** (16:24)
**15:25 Búbbarnir** (12:21)
**15:50 Skrímslaspilið**
**16:13 Nornafélagið**
**16:38 Doddi litli og Eyrnastór**
**16:48 Magic Schoolbus**
**17:13 Fífí**
**17:23 William´s Wish Wellingtons**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar**
**18:18 Ísland í dag og veður**
**18:30 Fréttir**
**18:55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19:40 The Simpsons** (16:22) (e)
▶**20:05 Matur og lífsstíll** (10:12) Fjölmiðlahjónin Sigmundur Ernir og Elín Sveinsdóttir sýna Völu snilldartakta á grillinu.
**20:40 Posh – Coming to America** (Beckham í Bandaríkjunum) Victoria Beckham er aðalstjarnan í þessum heimildaþætti þar sem fylgst verður með flutningi Beckham-fjölskyldunnar frá Spáni til Bandaríkjanna. 2007.
**21:25 Bones** (11:21)
**22:10 Hustle** (2:6)
**23:05 Dogtown and Z-Boys** Hressandi heimildamynd sem segir frá hjólabrettamenningunni í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Jay Adams, Tony Alva, Jeff Ament. 2001.
**00:40 The Shield** (8:10)
**01:25 Mobile** (1:4)
**02:20 Ring O**
**04:00 Hotel Babylon**
**04:55 The Simpsons** (16:22) (e)
**05:20 Fréttir og Ísland í dag**
**06:30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS

**17:15 Insider**
**17:45 Skífulistinn**
**18:30 Fréttir**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 Entertainment Tonight**
▶**20:10 Hidden Palms** (8:8) Eftir að Johnny Miller missir föður sinn snögglega flytur hann til Palm Springs ásamt móður sinni og stjúpföður. En þrátt fyrir að staðurinn virðist vera sólskinsparadís uppgötvar Johnny fljótlega að ekki er allt sem sýnist. Dularfull morð og slúður um íbúana setja skuggalegan svip á bæinn sem á yfirborðinu virtist vera fullkominn.
**21.00 Daisy Does America** (1:8) (e)
**21.30 Bestu Strákarnir** (15:50) Á meðan leitin að arftökum strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlægilegu strákunum.
**22.00 The Riches** (1:13) Glæný bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunahópi en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópinn. Aðalhlutverk: Minnie Driver, Eddie Izzard. 2007.
**22.50 Ghost Whisperer** (24:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum þar sem hún býr með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.
**23.35 Young Blades** (13:13) (e)
**00.25 Jake 2.0** (2:16) (e)
**01.05 Entertainment Tonight** (e)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08:00 Dr. Phil** (e)
**08:45 Vörutorg**
**09:45 Óstöðvandi tónlist**
**16:20 Vörutorg**
**17:20 All of Us** (e)
**17:50 Bak við tjöldin - Transformers**
**18:15 Dr. Phil**
**19:00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19:30 Yes, Dear** (9:11) Systurnar Kim og Christine eru eins ólíkar og systur geta verið! Kim er haldin ógurlegri fullkomnunaráráttu en Christine hefur afslappaðra viðhorf til lífsins og er dugleg að minna systur sína á að líf hennar muni aldrei verða jafn fullkomið og hún þráir. Stórskemmtilegir þættir um samhentar systur og fjölskyldulíf þeirra.
**20:00 Everybody Hates Chris** (21:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris reynir að vinna pítsur fyrir bekkinn sinn í stærðfræðikeppni.
**20:30 According to Jim** (16:22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim hittir mann sem hann grunar að sér pabbi sinn.
▶**21:00 Will & Grace** (23:24) Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen. Það er komið að fyrri hluta lokaþáttarins og Grace er í draumaheimi. Hvernig framtíð myndi hún eiga með Will? Munu þau ala barnið upp saman og finna hamingjuna?
**21:30 Law & Order: SVU** (6:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Sex ára blökkudrengur lætur lífið í skotáras í skólanum sínum. Við rannsóknina koma í ljós tengsl við öfgahóp rasista. Atriði í þættinum eru alls ekki við hæfi barna.
**22:20 The Black Donnellys - NÝTT** Ný bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hell's Kitchen. Tommy er sá klári, Jimmy er sá skapbráði, Kevin er sá óheppni og Sean er sá sæti.
**23:10 Everybody Loves Raymond**
**23:35 Jay Leno**
**00:25 Law & Order** (e)
**01:15 Stargate SG-1** (e)
**02:05 Backpackers** (e)
**02:35 Vörutorg**
**03:35 Óstöðvandi tónlist**


LEST WE FORGET

Áhrifarík mynd um sögu gyðinga frá helförinni, til dagsins í dag.
Mynd sem áhugasamir um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Í myndinni eru m.a. frásögur fólks sem lifði af.

Mánudag kl. 22:00
Fimmtudag kl. 22:00
Laugardag kl. 22:00







Sýnd á sjónvarpsstöðinni Omega

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.40

**Coming to America**



Fáar fjölskyldur eru jafnmikið í kastljósinu og Beckham-fjölskyldan og varð því uppi fótur og fit þegar fréttist að David væri á leið í atvinnumennskuna í Bandaríkjunum. Victoria Beckham er aðalstjarnan í þessum skemmtilega heimildaþætti þar sem fylgst verður með flutningi Beckham-fjölskyldunnar frá Spáni til Bandaríkjanna. Athugið að So You Think You Can Dance fellur niður í kvöld.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Black Donnellys**

**Skjár einn kl. 22.20**

Ný bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hell's Kitchen. Tommy er sá klári, Jimmy er sá skapbráði, Kevin er sá óheppni og Sean er sá sæti. Þeir hafa staðið saman í gegnum súrt og sætt frá blautu barnsbeini og eru nú farnir að leiðast út í glæpi og stríð við ítölsku mafíuna um yfirráðin í hverfinu. Framleiðendur þáttanna eru þeir sömu og hlutu Óskarsverðlaunin fyrir myndina Crash.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Sakamálaleikritið: Mótleikur
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
**14.30** Á vængjum yfir flóann
**15.03** Söngvar af sviði: Járnhausinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Útvarpsleikhúsið: Mæja spæja
**20.00** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Eyja ljóss og skugga: Jamaíka í sögu og samtíð
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07:00 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð** (FH - BATE)

**14:40 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð** (FH - BATE)

**16:20 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**16:50 Amsterdam Tournament 2007** (Lazio - Arsenal) Bein útsending.

**19:05 Amsterdam Tournament 2007** (Ajax - Atletico Madrid) Bein útsending. Atletico hefur fengið tvo sterka leikmenn til liðs við sig í sumar, Diego Forlan og Luis Garcia.

**21:05 Sumarmótin 2007** (Rey - Cup mótið) Þáttur um alþjóðlega knattspyrnumótið sem er árlegur viðburður í Reykjavík.

**21:35 Community Shield 2007 - Previe** (Community Shield 2007 - Preview Show) Upphitun fyrir leikinn um góðgerðaskjöldinn í enska boltanum. 22:05 Augusta Masters Official Film

**23:00 PGA Tour 2007 - Highlights** (Canadian Open)

**23:55 Amsterdam Tournament 2007** (Lazio - Arsenal)

## BBC PRIME

**6.15** The Roly Mo Show **6.30** William's Wish Wellingtons **6.35** Teletubbies **7.00** House Invaders **7.30** The Week the Women Went **8.00** Small Town Gardens **8.30** Perfect Properties **9.00** Garden Challenge **9.30** Wild New World **10.30** Keeping Up Appearances **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Get a New Life **15.30** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Waking the Dead **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge **20.30** Nighty Night **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Perfect Properties **3.30** Balamory **3.50** Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies 5.35 Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **7.55** Grænseskoven **8.25** Eween Congar **8.40** Shin Chan **8.50** Dyre-Internatet **9.20** Vagn på floden **10.00** TV Avisen **10.10** Desperate boligdrømme **10.40** Med rygsæk **11.05** Orkesterliv **11.35** Familiejagten **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.05** Pigebandet Frank **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fandango med Sine **16.00** Når det kribler og krabler **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Sherlock Holmes **17.55** Huset på Christianshavn **18.30** Sommertid **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.40** Post Danmark Rundt 2007 **20.05** Landsbyhospitalet **20.50** Kærlighedens kalejdoskop **22.15** OBS **22.20** Musikprogrammet **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater

## NRK 1

**6.00** Teddy og Annie **6.15** Ugler i mosen **6.40** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.25** Moro med dyr **7.40** Kalle på kroa **7.50** Grusomme grøss **8.00** Laura Trenter **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Vitenskap **10.00** Jukeboks: Sport **11.00** Jukeboks: Ut i naturen **12.00** Jukeboks: Country **13.25** The Tribe - Den nye morgendagen **13.50** Byttelånerne **14.15** Landsskytterstevnet 2007 **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.10** Nå er det nå **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Landsskytterstevnet 2007 **18.25** Festivalsommer **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.10** Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **22.05** Norge i dag **22.15** Hairy Bikers kokebok **22.45** MAD TV **5.30** Sommermorgen **5.55** Peppa Gris **6.00** Teddy og Annie

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Lillas smågodis **7.40** Unge greve Dracula **10.00** Rapport **10.05** Melita möter **13.10** Är skönhetsmedel bara en bluff? **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Sista terminen **15.30** Kunskap och vetande **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.25** Stora maskiner **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Vid kungens bord **19.00** Klok av fisk? **19.55** Ford Mercury -49 **20.00** Kvinnans plats **21.20** Rapport **21.30** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.30** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## MORGUNMATURINN



*„Ég reyni oft að vera duglegur og elda mér hafragraut. Annars fæ ég mér bara Cheerios eða ristað brauð. Stundum gleymi ég reyndar alveg að borða. Ég reyni líka að byrja daginn á að fá mér eins nýkreistan appelsínusafa og hægt er, það tekst samt ekki alltaf.“*

Samúel J. Samúelsson, tónlistarmaður.

# Garðar Thor Cortes söng á Old Trafford

Óperusöngvarinn Garðar Thor Cortes söng í gærkvöldi á Old Trafford, heimavelli enska knattspyrnustórveldisins Manchester United. Englandsmeistararnir léku þá vináttuleik gegn Ítalíumeisturum Inter Milan og söng íslenski sjarmörinn fyrir tugþúsundir gesta sem mættu á völlinn. Leikurinn var að auki sýndur í beinni útsendingu í sjónvarpi víða um heim, meðal annars á sjónvarpsstöð Manchester United.

Garðar Thor hefur notið mikilla vinsælda í Bretlandi síðustu mánuðina eftir að fyrsta plata hans kom út þar í landi. Þetta er til að mynda í þriðja skiptið sem hann syngur á stórum fótboltaleik þar í landi. Fyrst var það úrslitaleikur fyrstudeildarliða um sæti í Úrvalsdeildinni og síðar söng hann á heimavelli Íslendingaliðsins West Ham United.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur Garðar Thor einnig verið bókaður til að syngja á úrslitaleik bikarkeppninnar í breskum ruðningi 25. ágúst næstkomandi. Leikurinn fer fram á Wembley og nær sjónvarpsútsending frá honum til 200 milljóna áhorfenda víða um heim.

**- hdm**



**VINSÆLL Á VELLINUM** Garðar Thor Cortes söng á heimavelli Manchester United í gærkvöldi. Þetta er í þriðja skiptið sem hann syngur á stórum fótboltaleik í Englandi.



**LÁRÉTT 2.** sléttur **6.** í röð **8.** af **9.** þangað til **11.** bor **12.** dýrahljóð **14.** telja **16.** rás **17.** framkoma **18.** fát **20.** karlkyn **21.** auma.

**LÓÐRÉTT 1.** fyrstur **3.** frá **4.** athafnasemi **5.** til sauma **7.** slitinn **10.** andi **13.** tilvist **15.** sót **16.** þjálfa **19.** 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** jafn, **6.** rs, **8.** frá, **9.** uns, **11.** al, **12.** mjálm, **14.** álíta, **16.** æð, **17.** fas, **18.** fum, **20.** kk, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** frum, **3.** af, **4.** framtak, **5.** nál, **7.** snjáður, **10.** sál, **13.** líf, **15.** aska, **16.** æfa, **19.** mm.



**HENSON MEÐ HENSONGALLA** Halldór Einarsson í Henson brást vel við þegar Lalli Johns bað hann um nýja búninga handa Hrottunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

HALLDÓR EINARSSON: GEFUR HROTTUNUM NÝJA BÚNINGA

# Lalli sá eini í rauðum búning

„Þegar Lalli biður um greiða bregst ég við,“ segir Halldór Einarsson, betur þekktur sem Halldór í Henson. Halldór útvegaði Hrottunum, knattspyrnufélagi fanga á Litla-Hrauni, nýja búninga eftir að hafa fengið beiðni um slíkt frá sjálfum Lalla Johns sem situr inni sem stendur.

„Fyrir fjölda ára fórum við Hemmi Gunn, Rúnni Júl, Ómar Ragnarsson og fleiri oft upp á Litla-Hraun til að spila við fangana. Ég man meira að segja eftir því þegar Ómar lenti flugvélinni í miðjum fangelsisgarðinum,“ segir Halldór hlæjandi þegar hann rifjar upp þessa gömlu tíma. „Við tókum líka eitt sinn ameríkana með okkur upp eftir. Honum fannst það mikið sport að spila í „the state prison“. Honum brá nú samt meira þegar boltinn fór yfir girðinguna, sem þá var einföld, og út fyrir fangelsið. Einn fanginn vippaði sér bara yfir, sótti boltann og kom aftur yfir,“ segir Halldór og skellir upp úr.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Halldór bregst við beiðni fanganna um nýja búninga. „Búningarnir eru ekki þverröndóttir, svartir og hvítir,“ segir Halldór, sem sendi öllum Hrottunum ljósbláa búninga, ekki ólíka Chelsea-búningunum, nema Lalla sjálfum. „Hann fékk rauðan búning,“ segir Halldór. Bláu búningarnir munu vafalaust koma sér vel enda þykja Hrottarnir ansi liðtækir knattspyrnumenn.

**kristjan@frettabladid.is**



**LALLI JOHNS** Bað Henson að sauma nýja búninga á Hrottana. Búningarnir eru bláir en sjálfur fékk Lalli rauðan búning.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kaupþing tekur forskot á Menningarnótt í ár með stórtónleikum á Laugardalsvelli föstudagskvöldið 17. ágúst. **Einar Bárðarson** og tónleikafyrirtækið Concert sjá um skipulagninguna og herma fregnir að von sé á stærsta sviði sem sett hefur verið upp á Íslandi af þessu tilefni. Auk þess þarf að hlífa grasinu á Laugardalsvelli enda stendur Íslandsmótið í knattspyrnu nú sem hæst. Því verður flutt inn „tónleikagólf“ sem oft hefur verið notað á stórtónleikum í Bretlandi, meðal annars á Live Earth og á minningartónleikum um Díönu prinsessu.



Eins og Fréttablaðið hefur greint frá mun **Bubbi Morthens** troða upp á tónleikunum og **Nylon**-stelpurnar koma í fyrsta og eina sinn fram þjár eftir að **Emilía Óskarsdóttir** yfirgaf sveitina nýverið. Þá hafa heyrst nöfn listamanna á borð við **Pál Óskar Hjálmtýsson**, **Todmobile**, **SSSól** og **Stuðmenn** auk þess sem þetta mun verða í fyrsta sinn sem strákasveitin **Luxor** syngur opinberlega. Söngkonan **Diddú** og hljómsveitin **Sprengjuhöllin** eru sömuleiðis talin líkleg til að syngja í Laugardalnum.



Fleiri áhugaverðir tónleikar eru í farvatninu því íslenskir Tom Waits-aðdáendur ætla að heiðra meistara sinn í Íslensku óperunni 23. ágúst næstkomandi. **Pétur Ben**, **Sigtryggur Baldursson** og **Frank Hall** skipa undirleikssveitina The Bad Livers and the Broken Hearts Band og einvalalið söngvara kemur fram. Þeirra á meðal eru **Krummi Björgvins**, **Daníel Ágúst Haraldsson**, **Magnús Jónsson**, **Höskuldur Ólafsson** og leikararnir **Björn Hlynur Haraldsson** og **Ólafur Darri Ólafsson**.



**- hdm**









# Samdi lag um George Harrison

Tónlistarmaðurinn Mugison er að leggja lokahönd á næstu plötu sína og þar verður meðal annars að finna lagið George Harrison, sem er tileinkað Bítlinum sáluga.

„Þetta er eldgömul hugmynd og ég ákvað bara að klára hana,“ segir Mugison, sem hefur lengi verið aðdáandi Harrisons. „Ég ætlaði að vera kvöldstund að klára það en var hálfan mánuð. Ég var orðinn svo þunglyndur að ég byrjaði að reykja aftur en er hættur núna. Það er svolítið fyndin kaldhæðni að ég skyldi falla í fjögurra ára reykingabindindi vegna lags um mann sem dó úr lungnakrabbameini vegna reykinga,“ segir hann.

Mugison lenti einnig í miklum vandræðum með upptökur á öðru lagi þar sem hann þurfti að taka upp fimmtán mismunandi millilög. „Þetta er aktívista-lag og millilagið virkaði í kassagítarútgáfu. Svo þegar það var komin „pródúksjón“ í kringum þetta hljómaði það eins og blanda af Boney M og Iron Maiden,“ segir hann og hlær.

Nýja platan er væntanleg í lok september eða byrjun október en vinna við hana hófst skömmu eftir að Mugison lauk við gerð Mugimama is this Monkey-music? Kappinn stefnir á að fljúga til Memphis í Bandaríkjunum á næstunni til að taka upp það sem á vantar á plötuna og dvelja þar í eina viku.

**- fb**



**Í HLJÓÐVERINU** Stutt er í útgáfu næstu plötu tónlistarmannsins vinsæla Mugison. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Ævintýralega gott á grillið um verslunarmannahelgina!

Fjölbreytt úrval af fyrsta flokks kjöti og fisk á grillið.

Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.



Grillaðar lambalundir í BBQ sósu



Alvöru hamborgari á grillið



Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts

Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.



Fiskisaga

GALLERÍ KJÖT

*Ævintýralegar sælkerabúðir*

**Opnunartími búðana er 10:00 – 18:30.** alla virka daga
**Opið laugardaga 11:00 – 17:00.** á Höfðabakka, Búðakór, Dalvegi, Tjarnarvöllum Grensásvegi og Háaleitisbraut.
**ATH lokað sunnudaginn 5/8. og mánudaginn 6/8.**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**

**DR. GUNNA**

## *Frjálshyggju ég*

Nei, nú nenni ég ekki þessari endalausu neikvæðni lengur, að vera eitthvað fúll þótt frábært fólk sé orðið svo ógeðslega ríkt að svokölluðu venjulegu fólki hreinlega blöskri. Ég nenni heldur ekki heimsendaspánum, að allt sé að fara til fjandans út af mengun. Neikvæðnin er slítandi og þess vegna er ég alvarlega að spá í að gerast gallharður frjálshyggjumaður. Það er mun vænlegra til árangurs (árangur: hámarks hamingja til æviloka, ef ekki lengur) en að velta sér upp úr svartagallsrausinu sem má endalaust fá hjá flestum öðrum.

**UPPBYGGILEG** jákvæðni einkennir frjálshyggjuna, til dæmis á netsíðunni Andríki. Þar er alls ekkert allt að fara til fjandans, heldur þvert á móti: það má dúlla sér áfram í unaðslegri neyslusælu út í hið óendanlega og gróðurhúsaáhrifin eru eintómt rugl. Eða það skilst mér – ekki eins og ég nenni að lesa þetta.

**DR. HANNES** Hólmsteinn er heldur aldrei með svartagallsraus. Hann hélt gott gigg um daginn og fékk einhvern útlending til að segja okkur að ef skattar yrðu lækkaðir þá myndu allir vinna miklu meira því þá slyppu þeir við að láta hirða af sér fúlgur til að púkka upp á börn, gamalmenni, sjúklinga og listafólk. Það var lagið! Það er akkúrat það sem þessi letingjaþjóð þarf, að vinna meira. Skítt með það þótt við eigum Evrópumet í vinnu bæði utanhúss og innan, ef við lækkum skatta, eða afnemum þá bara alveg, þá verður sko fyrst stritað fyrir alvöru. Sjálfur myndi ég vinna allan sólarhringinn á pillum frá lækninum ef ég þyrfti ekki að láta mitt af hendi rakna til þurfalinga.

**DR. HANNES** segir að það sem við þurfum núna séu fleiri ríkir. Því fleiri ríkir, því meiri mylsna dettur á gólfið til hinna, segir hann. Ef nógu margir ríkir koma upp hlýtur til dæmis fyrr eða síðar einhverjum ríkum að finnast ég skemmtilegur, en ekki endalausar bunur af ríkum sem fíla bara eitt lag í öllum heiminum sem er Nína með Stebba og Eyva, eða strákunum í Buff ef Stebbi og Eyvi eru uppteknir. Ef hér fyllist allt af ríkum með almennilegan smekk kemur örugglega einhver á endanum sem vill fá mig með kassagítarinn í veiðikofann til að spila gömul Bless-lög fyrir sig á 200 þúsund kall stykkið. Ég bíð spenntur.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


